**DAÐI RÚNAR OG GRÓA ÓLÖF**

*Eiga brúðarbílinn Krúttu*

Bílar Ferðir Tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**SKRIFSTOFAN**

*Skrifstofur framtíðarinnar*

sérblað um húsgögn, hönnun o.fl.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. september 2006 — 254. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Mein Kampf á svið



Bergur Þór Ingólfsson leikari segir frá meinfyndnu verki um manngæsku og vináttu.

MENNING 44

### Liborius opnuð



Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Jón Sæmundur Auðarson standa í stórræðum þessa dagana og ætla að gefa Íslendingum nýja sýn á tísku með búðinni Liborius.

VIÐTAL 40

### Heeeeeeemmmi Gunn!



Árið 2006 er tímamótaár fyrir Hermann Gunnarsson. Fréttablaðið fékk nokkra samferðamenn Hemma til að segja sögur af honum.

GOÐSÖGN 28

### Spennan nær hámarki

Lokaumferð Landsbankadeildar karla fer fram í dag og geta fimm lið fallið.

ÍÞRÓTTIR 52



## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag verður hæg austlæg átt. Skýjað og yfirleitt úrkomulítið. Hiti 5-13 stig, mildast sunnan til.

VEÐUR 4



**LOFTMENGUN YFIR VALLAHVERFI** Óánægju gætir meðal margra Hafnfirðinga vegna mengunar sem berst yfir Hringhellu og Vallahverfi frá malbikunarstöðinni Hlaðbæ Colas. Að sögn Guðfinnu Guðmundsdóttur, formanns umhverfisnefndar Hafnarfjarðarbæjar, hafa engar alvarlegar kvartanir borist vegna reyksins. „Þetta vill gerast þegar blankalogn er og erfitt að ráða við þetta, en Malbikunarstöðin hefur fengið vilyrði fyrir lóð fjær byggð þar sem hún hyggst reisa nýja stöð með betri mengunarvarnir,“ sagði Guðfinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kakkalakkafaraldurshætta

**Hætta er á að skorkvikindum snarfjölgi á varnarsvæðinu ef því verður lítið sinnt. Kakkalakkar geta breiðst út um land ef eftirlit með svæðinu fellur niður, að mati framkvæmdastjóra umhverfissviðs Reykjanesbæjar.**

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT** Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafa áhyggjur af því að skorkvikindi nái að blómstra í húsnæði hersins á Keflavíkurflugvelli ef vallarsvæðið er látið eftirlitslaust lengi og meindýraeyðingu lítið sinnt. Viðar Már Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar, segir að þetta sé stórmál.

„Skorkvikindi mega ekki „grassera“ þarna eftirlitslaust. Það þurfa að koma til einhverjar aðgerðir þannig að þau breiðist ekki út,“ segir Viðar Már og telur alls kyns pöddur, kakkalakka og rottur munu lifa góðu lífi ef svæðið verði lengi „eftirlitslítið draugabæli“.

Eitt ár er langur tími og á þeim tíma telur Viðar Már að kakkalakkar og önnur óværa kunni að breiðast út til Keflavíkur, til dæmis með holræsum. „Við tökum við öllu skólpi í hreinsistöðinni þannig að þetta er allt tengt hingað niður í bæinn,“ segir hann.

Kakkalakkar og önnur skorkvikindi hafa lengi verið viðloðandi húsnæði Bandaríkjahers og hafa Bandaríkjamennirnir séð um þau mál sjálfir. Viðar Már segir að nú þurfi ný stjórn svæðisins að sjá til þess að svæðið fái vöktun þannig að það lendi ekki í eyði. „Vonandi kemur þetta meindýramál til skoðunar hjá nýrri stjórn.“

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Meindýraeyðingar Suðurnesja, segir að mýs hafi alltaf verið á varnarsvæðinu og rottur í einhverjum mæli. Verra sé með kakkalakkana. „Ég myndi hafa áhyggjur af kakkalökkunum. Ef það er ekki eitrað í þessum húsum þegar herinn hættir með sína eitrun fjölgar þessum kvikindum óáreitt. Það er alveg ljóst og þarf engan sérfræðing til að sjá það,“ segir hann.

Ólafur hefur áhyggjur af því að kakkalakkarnir geti borist með fólki sem ber með sér egg og skordýr út af svæðinu. „Það þarf að eitra reglulega. Eitrið er virkt í nokkra mánuði og það þarf að eitra þangað til þetta er upprætt,“ segir hann og telur kostnaðinn aðeins nema fáeinum milljónum á ári þar til vandinn sé upprættur, svo framarlega sem engir nýir kakkalakkar berist inn á svæðið.

Ólafur segir að Íslendingar hafi ekkert þol gagnvart kakkalökkum og eitri alltaf strax. Kakkalakkar hafi því aldrei náð fótfestu nema á varnarsvæðinu. - ghs




Kosningabaráttan vegna sætis í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í fullum gangi:

# Fjölmörg ríki heita stuðningi

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hefur kynnt framboð Íslands til setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir fulltrúum fjölmargra ríkja síðustu daga. Valgerður, sem er í New York vegna allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, hefur rætt við forsætisráðherra Andorra, varaforsætisráðherra Búlgaríu, lögmann Færeyja og utanríkisráðherra Ekvador, Laos, Lúxemborgar, Máritaníu, Óman, San Marínó, Slóvakíu og Súdan.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti í október 1998 að sækjast eftir sæti í Öryggisráðinu árin 2009-2010 og var tilkynnt formlega um framboðið á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 2003. Kosið verður 2008.



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra segir sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ekki í höfn.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Utanríkisráðherra hefur rætt við ráðherra fjölda ríkja í New York.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir fjölmörg ríki hafa heitið stuðningi við framboð Íslands, þó ekki nógu mörg til að tryggja kosningu. „Þess vegna er nauðsynlegt að halda þessu áfram, þetta er eins og hver önnur kosningabarátta,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið.

Ríkisstjórnin ákvað að halda kostnaði við framboðið í lágmarki en engu að síður gera áætlanir ráð fyrir að hann nemi yfir sex hundruð milljónum króna. „Ráðherrar taka þetta upp ef þeir eru á ferðinni en við erum ekki með kostnaðarsama útgerð í kringum þetta,“ sagði Geir. - bþs

**2005 árgerðin komin!**

**SÍÐASTI DAGUR!**

Bílaland B&L verður með bílaleigubíla af árgerðinni 2005 til sölu, til laugardagsins 23. september. Þarna er kjörin vettvangur til að gera afar góð bílakaup, en auk ríflegs afsláttar eru þetta bílar með 18 mánaða verksmiðjuábyrgð.

Vertu á góðum notuðum bíl í ábyrgð.

bíla land B&L notaðir bílar

bilaland.is

**Nánari upplýsingar Sjá auglýsingu í blaðinu í dag**

## SPURNING DAGSINS




*Er tími kókópuffskynslóðarinnar kominn?*

„Ég er hræddur um það.“

Sígilda Kókópuffsbragðið sneri nýlega aftur á íslenskan markað með tilheyrandi auglýsingaherferð í kjölfar fjölda kvartana frá viðskiptavinum yfir nýja bragðinu. Ari Fenger er markaðsstjóri Nathan & Olsen, innflytjanda Kókópuffsins.

Repúblikanar ná sátt við Bush um herdómstóla í Guantanamo:

# Heimild til að túlka Genfarsáttmálann

**BANDARÍKIN** George W. Bush Bandaríkjaforseti náði í gær samkomulagi við hóp repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings um frumvarp að lögum um sérstaka herdómstóla, sem eiga að fjalla um mál fanga bandaríska hersins við Guantanamo á Kúbu.

Samkomulagið felur meðal annars í sér að Bandaríkjaforseti fær lagalega heimild til þess að túlka ákvæði Genfarsáttmálanna eins og honum sjálfum þykir réttast. Á hinn bóginn eru í frumvarpinu skýr ákvæði um það hvað teljist „alvarleg brot“ gegn Genfarsáttmálunum, sem ekki eru heimil, og er þar á meðal að finna skilgreiningu á pyntingum og býsna þrönga skilgreiningu á því hvað teljist vera „alvarlegur andlegur sársauki og þjáning“.

Bush lýsti í gær ánægju sinni með samkomulagið, sem hann sagði tryggja það að leyniþjónustan CIA gæti áfram „yfirheyrt hættulegustu hryðjuverkamenn heims og náð í leyndarmál þeirra.“

Öldungadeildarþingmaðurinn John McCain sagðist á hinn bóginn ánægður með að hafa náð fram því markmiði að verja Genfarsáttmálana. „Það verða engar frekari pyntingar,“ sagði hann.

Verði frumvarpið samþykkt í þinginu í næstu viku geta repúblikanar verið samstíga í kosningabaráttunni eftir að hafa deilt hart undanfarnar vikur. **- gb**



**JOHN MCCAIN ÖLDUNGADEILDARÞINGMAÐUR** Leiðtogi andófshóps innan Repúblikanaflokksins segist hafa fengið því framgengt að pyntingar verði ekki framar stundaðar á vegum bandaríska stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÚSTIR AF VAGNI HÍFÐAR UPP** Áreksturinn varð á 200 km hraða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lestarslys í Þýskalandi:

## Segulhraðlest ók á lestarvagn

**ÞÝSKALAND, AP** Á þriðja tug fórust þegar tilraunahraðlest ók á um það bil 200 kílómetra hraða beint á kyrrstæðan viðgerðarvagn í Þýskalandi í gærmorgun, skammt frá landamærum Hollands.

Rúmlega þrjátíu manns lentu í slysinu, þar af um 25 manns um borð í lestinni, sem hefur verið starfrækt í tilraunaskyni frá árinu 1984. Lestin er keyrð án lestarstjóra á háum segulteinum og hélst hún á brautinni þótt hún hefði kastast til þegar áreksturinn varð og stór brot kastast úr henni. Tíu manns komust lífs af úr slysinu, allir alvarlega slasaðir. **- gb**

Olíu- og gasleit við Ísland:

## Norskir fjárfestar veðja á Geysi

**VIÐSKIPTI Hópur norskra fagfjárfesta veðjar á olíu- og gasleit við Ísland og Færeyjar og hefur fjárfest í Geysi Petroleum sem stofnað var hér á landi árið 2004.**

**Geysir Petroleum er metið á um sex milljarða króna, en gangi eftir ýtrustu ráðagerðir félagsins segir Finansavisen að það gæti orðið yfir 400 milljarða króna virði.**

**Geysir er meðal fyrirtækja sem sýnt hafa olíuleit hér við land áhuga, en einn aðaleigandi félagsins er Sagex Petroleum AS, norskt fyrirtæki í orkuiðnaði. Félagið er sagt hyggja á skráningu á markað í Noregi, þar sem það er með aðalskrifstofu, á næsta ári. - óká**

Utanríkismálanefnd Alþingis:

## Samningur um varnir kynntur

**STJÓRNMÁL** Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna verður kynntur á fundi utanríkismálanefndar Alþingis á þriðjudag. Verður fundurinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og hefst klukkan 14:30.

Áður en til hans kemur verður forystumönnum stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi kynntur samningurinn.

Liðlega hálft ár er liðið síðan bandarísk stjórnvöld tilkynntu um brottför varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Viðræður um varnir Íslands og viðskilnað varnarliðsins hófust 31. mars. **- bþs**




FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**LOKAÚTSENDINGIN** Útsendingum NFS á sérstakri sjónvarpsrás lauk klukkan átta í gærkvöldi. Sigmundur Ernir og Edda Andrésdóttir stýrðu seinasta fréttatímanum og kvöddu áhorfendur í lok hans.

# Tuttugu sagt upp og útsendingum hætt

**Miklar breytingar voru gerðar á rekstri fréttastöðvarinnar NFS í gær. Útsendingum á sérstakri sjónvarpsrás hefur verið hætt og tuttugu sagt upp störfum. Fréttastjóri segir Ísland fulllítið fyrir fréttaþjónustu af því tagi sem NFS bauð upp á.**

**FJÖLMIÐLAR** Útsendingum fréttastöðvarinnar NFS var hætt í gær. Um tuttugu manns hefur verið sagt upp störfum, þar af sjö frétta- og dagskrárgerðarmönnum. Markmiðið með breytingunum er að lækka tilkostnað og leggja meiri áherslu á fréttavefinn Vísi.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, hélt fund með starfsmönnum í gær þar sem ákvarðanir stjórnar Dagsbrúnar, móðurfélags 365 miðla, voru kynntar.

Fréttir verða áfram fluttar á hefðbundnum tímum á Bylgjunni og Stöð 2. Þættirnir Ísland í dag og Ísland í bítið verða einnig áfram á dagskrá. Eftir breytingarnar verða stöðugildi á NFS um 55, en auk þeirra koma lausráðnir starfsmenn og verktakar að starfseminni.

„Það er afskaplega sárt að sjá á eftir góðum vinum og góðu starfsfólki en við erum að breyta um áherslur og ætlum að efla fréttaþjónustu á þeim sviðum sem við erum hvað sterkust, í hádegis- og kvöldfréttum og á vefnum,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri NFS.

„Við erum einfaldlega í því umhverfi að það er erfitt að reka einkarekinn fjölmiðil við þær aðstæður sem honum hafa verið skapaðar.“ Sigmundur segir Ísland fulllítið fyrir fréttaþjónustu af því tagi sem NFS bauð upp á en telur að takast muni eftir nokkur ár að halda úti slíkri þjónustu.

„Þær tekjur sem við náðum að hafa af sjónvarpsútsendingunum yfir daginn voru einfaldlega lægri en þurft hefði til að halda úti svona vandaðri og metnaðarfullri fréttadagskrá allan daginn,“ segir Ari Edwald. „Við erum einkafyrirtæki sem starfar í óvinveittu umhverfi. Stefna stjórnvalda er mjög fjandsamleg frjálsu framtaki og einkarekstri á þessu sviði atvinnulífsins.“

Róberti Marshall, forstöðumanni NFS, var fyrstum sagt upp í gær. Sigmundur Ernir Rúnarsson verður áfram fréttastjóri NFS. Þór Jónsson, sem mun einbeita sér að sjónvarpsfréttum Stöðvar 2, og Þórir Guðmundsson, sem mun stýra Vísi og fréttum á Bylgjunni, verða aðstoðarfréttastjórar. Elín Sveinsdóttir verður framleiðslustjóri NFS.

**salvar@frettabladid.is**

Ólafur Ragnar Grímsson og Al Gore ræddust við um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum:

# Al Gore flytur erindi á Íslandi

**STJÓRNMÁL** Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hefur þegið boð Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, um að heimsækja Ísland. Mun Gore kynna sér árangur Íslendinga á sviði endurnýjanlegrar orku og tilraunaverkefni um eyðingu koltvísýrings úr andrúmsloftinu, auk þess sem hann mun ræða breytingar í hafinu umhverfis Ísland. Þá mun hann halda hér opinberan fyrirlestur.

Al Gore er áhrifamikill talsmaður um brýna nauðsyn þess að bregðast við hættunni af loftslagsbreytingum. Nýleg kvikmynd hans hefur vakið athygli og var sýnd á nýliðinni kvikmyndahátíð á Íslandi.



**HANDTAK** Al Gore og Ólafur Ragnar Grímsson takast í hendur í New York.

Ólafur Ragnar og Al Gore ræddust við í New York á fimmtudag um fjölmörg verkefni á sviði orkunýtingar og vísindarannsókna. Ólafur Ragnar fjallaði um samvinnuverkefni Íslendinga og annarra þjóða um nýtingu jarðhita og Gore lýsti áhyggjum sínum af breytingum sem kunna að verða að gerast í heimshöfunum, einkum á norðlægum hafsvæðum.

Ekki er frágengið hvenær Al Gore kemur til Íslands en í tilkynningu frá forsetaembættinu segir að heimsóknin verði bráðlega. **- bþs**

Yfirdráttur heimila og fyrirtækja:

## Fjórðungsaukning á einu ári

**VIÐSKIPTI Yfirdráttarlán hafa aukist um fjörutíu milljarða króna síðustu tólf mánuði, eða um 24 prósent, að því er greiningardeild KB banka segir. Í lok síðasta mánaðar námu yfirdráttarlán 191 milljarði króna.**

**Bendir bankinn á að á sama tíma hafi verðlag hækkað um rúm átta prósent. „Ef yfirdráttarlán eru brotin niður á lántakendur kemur í ljós að fyrirtæki eiga um helmingshlutdeild og heimilin um þriðjung. Ef litið er á þróun verðtryggðra útlána innlánsstofnana kemur í ljós að þau hafa vaxið um 38 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum en stóðu nær í stað milli júlí og ágúst og lækkuðu því að raunvirði,“ segir bankinn. - óká**

Stjórnarmyndun í Palestínu:

## Leiðtogarnir deila um Ísrael

**GAZA, AP** Þúsundir stuðningsmanna Fatah-hreyfingarinnar, þeirra á meðal hundruð vopnaðra manna, gengu í mótmælagöngu gegn Hamas-samtökunum í Gaza-borg í gær. Andófið kemur í kjölfarið á bakslagi sem varð á stjórnarmyndunarþreifingum Hamas og Fatah, eftir að Mahmoud Abbas, æðsti yfirmaður Fatah og forseti Palestínu, lýsti því yfir á fundi allsherjarþings SÞ að væntanleg stjórn Palestínu myndi viðurkenna Ísrael sem ríki meðal ríkja.



**ISMAIL HANIYEH**

Stuttu síðar barst yfirlýsing frá Ismail Haniyeh, yfirmanni Hamas og forsætisráðherra Palestínu, um að hann vildi ekki stýra ríkisstjórn sem viðurkenndi Ísraelsríki. **- kóþ**

Sauðfé sækir í gras í vegkanti:

## Ekið á 16 kindur við Búðardal

**BÚÐARDALUR Ekið hefur verið á sextán kindur á þjóðveginum við Búðardal síðustu daga. Lögreglan á staðnum telur féð hafa verið að flækjast á veginum vegna þess að vegakantar séu iðagrænir af fallegu grasi um þessar mundir.**

**Eðli málsins samkvæmt sækir féð í þá af miklum móð. Vegagerðin slær kanta á sumrin en leyfir þeim að vaxa á öðrum árstíðum og því eru þeir eftirsóknarvert beitiland eins og er. Engin slys hafa orðið á fólki en jeppi skemmdist töluvert þegar hann ók á kind á Laxárbrú. - þsj**

# Helgar -sprengja

## á raftækjum



PARIÐ **79.999**

**Þurrkari**
**Electrolux,** með barka
1805433

**Þvottavél**
**Electrolux,** 1200 sn
1805440



**1.999** ~~4.250~~

**Hraðsuðukanna**
**Bomann,** 1.7 ltr.
1840851

**20%** afsláttur á smá-raftækjum



**8.999** ~~14.990~~

**Espresso kaffivél**
**Ulka,** 15 bör
1807502



**39.900** ~~49.900~~

**Helluborð**
**Electrolux,** 6622X
1830007



**35.900** ~~44.900~~

**Frystikista**
**Frigor,** 272 ltr.
1805487



**49.900**

**Uppþvottavél**
**Haier,** 12 manna
1805345



**59.900** ~~69.990~~

**Ofn**
**Electrolux,** 6630X
1830102

# Fimmtudag til mánudags

Á meðan birgðir endast og gildir ekki með öðrum tilboðum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 22.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,76 | 71,1 |
| Sterlingspund | 134,66 | 135,32 |
| Evra | 90,66 | 91,16 |
| Dönsk króna | 12,149 | 12,221 |
| Norsk króna | 10,876 | 10,94 |
| Sænsk króna | 9,779 | 9,837 |
| Japanskt jen | 0,6074 | 0,611 |
| SDR | 105,19 | 105,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,9934

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir úrskurð Samkeppniseftirlitsins:

# Skífan sektuð um 65 milljónir

**VIÐSKIPTI** Skífan þarf að greiða 65 milljónir króna í stjórnvaldssekt fyrir að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Áfrýjunarnefnd staðfesti í gær fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins þar að lútandi.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 16. júní var Skífan (sem nú heitir Dagur Group) fundin sek um að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið þannig gegn bannákvæðum samkeppnislaga. „Þetta gerði Skífan með gerð ólögmætra samninga við Hagkaup um sölu á hljómdiskum og tölvuleikjum, annars vegar á árinu 2003 og hins vegar á árinu 2004,“ segir Samkeppniseftirlitið, en Hagkaup skuldbundu sig til að kaupa í heildsölu tiltekið hlutfall af diskum og leikjum, eingöngu af Skífunni. „Með samningunum voru keppinautar Skífunnar í heildsölu á hinum tilgreindu vörum nánast útilokaðir frá viðskiptum við Hagkaup,“ segir Samkeppniseftirlitið og kveður Skífuna með þessu hafa ítrekað brot sitt sem fjallað hafi verið um í ákvörðun samkeppnisráðs árið 2001 og í hæstaréttardómi árið 2004.

Dagur Group skaut málinu til áfrýjunarnefndar, sem telur að brot Skífunnar hafi verið bæði augljós og alvarleg og að forsvarsmönnum fyrirtækisins hafi mátt vera ljóst að að umræddir samningar færu gegn samkeppnislögum. **- óká**



**Í VERSLUN HAGKAUPA** Samningur sem Skífan gerði við Hagkaup árin 2003 og 2004 braut í bága við samkeppnislög.

Ólgan í Ungverjalandi:

# Mótmælendur færri og rólegri

**UNGVERJALAND, AP** Þúsundir Ungverja söfnuðust saman til að mótmæla „lygahneykslinu“ í Búdapest í gærkvöldi, fimmta kvöldið í röð. Hópurinn var heldur fámennari og rólegri en kvöldið áður. Talsmenn stærsta stjórnarandstöðuflokksins greindu frá því á fimmtudag að ákveðið hefði verið að fresta fjöldafundi um helgina, vegna sprengjuhótana.

Mikið spennuástand ríkir í stjórnmálum landsins í kjölfar þess að dreift var upptöku úr ræðu forsætisráðherrans þar sem hann talaði um að stjórnarliðar hefðu logið að þjóðinni fyrir þingkosningar í apríl. **- aa**

Rannsókn á kynferðisbroti:

# Karlmanni sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Fimmtíu og tveggja ára gömlum manni, sem var í haldi lögreglu vegna gruns um kynferðisbrot gagnvart börnum, hefur verið sleppt úr haldi. Maðurinn neitar alfarið sök.

Nokkur sex ára gömul börn fóru inn í íbúð mannsins og tilkynntu foreldrar barnanna að hugsanlega hefði maðurinn áreitt börnin kynferðislega. Ekkert hefur komið fram hjá börnunum ennþá sem gefur tilefni til þess að maðurinn hafi beitt þau kynferðislegu ofbeldi, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Hörður Jóhannesson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík, segir yfirheyrslum yfir börnunum ekki enn lokið. **- mh**

Árni Sigfússon:

# Bentu á fleiri mengaða bletti

**VARNARMÁL** Íslendingar og Bandaríkjamenn gerðu sína mengunarskýrsluna hvorir þar sem segir nákvæmlega hvar þeir telji mengun vera á varnarsvæðinu og hvert mat manna sé á henni, að sögn Árna Sigfússonar, bæjarstjóra í Reykjanesbæ. Bandaríkjamenn voru nákvæmari en Íslendingar og bentu á marga smærri bletti. Þessir punktar eru um sextíu talsins og eru dreifðir á stóru svæði. Árni telur að í næstu viku verði kynnt áætlað mat á kostnaði Íslendinga og hvernig þeir fái það jafnað upp með eignum á svæðinu. **- ghs**


**ÁRNI SIGFÚSSON**

# Upplýsingaflæði milli landa hefði hindrað hryðjuverk

**Hefðu upplýsingar sem lágu fyrir hjá ýmsum öryggisdeildum skilað sér í miðlægan gagnagrunn hefði að líkindum verið hægt að hindra hryðjuverk sem framin voru á síðustu árum í Bandaríkjunum og Evrópu.**

**LÖGGÆSLA** Ef upplýsingar sem lágu fyrir hjá öryggisdeildum hinna ýmsu landa þegar hryðjuverkin í Bandaríkjunum, Balí, London og Madríd voru framin hefðu skilað sér í miðlægan gagnagrunn hefði verið hægt að koma í veg fyrir þau.

> Nú telja flest Vesturlönd að hryðjuverk sé sú ógn sem mest hætta stafar af.
>
> **ARNAR JENSSON**
> AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Þetta kemur fram í áður óbirtri skýrslu sem Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra, lauk nýverið við, en hún fjallaði um Öryggisþjónustu ríkisins, upplýsingagreiningu og öryggismat. Skýrsluna vann Arnar fyrir dómsmálaráðuneytið og Ríkislögreglustjóra, en hún er jafnframt lokaverkefni hans í meistaranámi við Háskóla Íslands.


**ARNAR JENSSON**

Arnar viðaði að sér ýmsu efni við vinnslu verkefnisins og kynnti sér meðal annars innra starf öryggis- og greiningardeilda Europol og öryggislögreglunnar í Danmörku, svo og stefnu Evrópusambandsins gegn hryðjuverkum.

Arnar bendir á að mörg dæmi hafi legið fyrir um togstreitu, samkeppni og valdabaráttu innan löggæslu- og öryggisþjónustusviðs. Meðal annars vegna þess hafi verið gerðar verulegar breytingar á greiningar- og matsaðferðum sumra öryggisþjónustustofnana í Evrópu og stofnaðar sérstakar miðlægar stofnanir sem tóku á móti, greindu og mátu upplýsingar frá öllum sem starfa á sviði öryggismála til þess að ná sem heildstæðastri mynd af þeim ógnum sem steðjuðu að tilteknu landi á hverjum tíma.

„Ytri ógnir sem steðja að á Vesturlöndum hafa tekið á sig nýja mynd,“ segir hann enn fremur. „Nú telja flest Vesturlönd að hryðjuverk séu sú ógn sem mest hætta stafar af. Markviss, öflug og vönduð upplýsingagreining á vegum öryggisþjónustustofnana sé lykillinn að vörnum gegn þeirri ógn.“ Þá segir Arnar „afar mikilvægt að tryggja að slík starfsemi vinni ekki gegn hagsmunum almennings eða verði verkfæri í höndum ráðamanna.“

Hvað varðar stöðu mála hér á landi segir Arnar að vöntun á lagaákvæðum og skráðum réttarheimildum varðandi öryggismálaverkefni hafi verið mjög til trafala. Það hafi einnig skapað réttaróvissu bæði gagnvart þeim viðfangsefnum sem öryggismálasvið hjá Ríkislögreglustjóra hafi þurft að sinna og starfsfólki þar. Arnar metur það svo að starfsmenn við öryggis- og greiningardeild sem stofnuð yrði hjá embætti Ríkislögreglustjórans hér á landi þyrftu að vera í það minnsta tólf. Þar af væru fimm lögreglumenn og fimm sérfræðingar á tilteknum sviðum.

**jss@frettabladid.is**


**HRYÐJUVERKIN Í MADRÍD** Eftir á að hyggja sjá menn nú að koma hefði mátt í veg fyrir hryðjuverkin í Bandaríkjunum og Evrópulöndum, hefðu allar upplýsingar sem fyrir lágu borist greiðlega milli öryggisþjónusta.

Norðurlöndin:

# Æfing gegn hryðjuverkum

**LÖGGÆSLA** Samæfing yfirstjórna og sérsveita lögreglu á Norðurlöndunum fór fram fyrr í vikunni.

Æfingin var haldin í ráðstefnumiðstöð danska Ríkislögreglustjórans. Var látið reyna á samskipti stjórnstöðva ríkislögreglustjóraembættanna til þess að æfa samvinnu og samhæfingu við möguleg hryðjuverkatilfelli á Norðurlöndunum.

Öll Norðurlöndin tóku þátt og þátttakendur þurftu að glíma við margvísleg hryðjuverkatilfelli sem mögulega gætu komið upp. Markmiðið var að styrkja samvinnu Norðurlandanna á þessu sviði með því að samæfa hryðjuverkaviðbúnað landanna. **- jss**







Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**LANDSBANKADEILDIN**

Vel viðrar á lokaslaginn í Landsbankadeildinni. Horfur eru á hæglætisveðri víðast hvar en þó er suðurströndin einna vindasömust þegar litið er til næstu daga. Það verður fremur þungbúið um helgina en í dag er það Vesturlandið sem verður einna bjartast og reyndar einnig á morgun. Ég geri ráð fyrir úrkomulitlu veðri þessa helgina, en þó gæti dropað hér og hvar, einkum þó fyrir austan.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**

Hæg austlæg átt. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 7-11 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*


5-13 m/s hvassast við suðausturströndina.


5-10 m/s, hvassast við suðausturströndina.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C heiðskírt | London | 23°C heiðskírt | Alicante | 28°C skúrir |
| Þórshöfn | 13°C skúrir | París | 23°C léttskýjað | Mallorca | 25°C skúrir |
| Osló | 17°C skúrir | Frankfurt | 21°C skýjað | Algarve | 24°C skúrir |
| Stokkhólmur | 20°C heiðskírt | Friedrichshafen | 23°C léttskýjað | Krít | 24°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 19°C hálfskýjað | Berlín | 25°C heiðskírt | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

## FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 22.-24. september afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. september 2006.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



*Ertu sátt(ur) við launin þín?*

| | |
|---|---|
| Já | 29% |
| Nei | 71% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlar þú í rjúpnaveiði?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Forseti Pakistans um stuðning ríkis síns við „stríðið gegn hryðjuverkum“:

# Bandaríkin hótuðu árás

**WASHINGTON, AP** Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hitti George W. Bush að máli í gær í Hvíta húsinu. Heimsóknin komst í hámæli vegna ummæla sem Musharraf lét falla í viðtali í þættinum 60 Minutes á CBS fyrir fundinn; að Bandaríkjamenn hefðu hótað að „sprengja Pakistan aftur á steinöld“ ef ríkið fylkti ekki liði í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

Yfirmaður leyniþjónustu Pakistana segir að Richard Armitage, þáverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafi hótað sér þessu í samtali stuttu eftir árásina á Tvíburaturnana 11. september árið 2001.

Einnig á Armitage að hafa farið fram á að pakistönsk stjórnvöld kæmu í veg fyrir að almenningur í landinu sýndi opinberlega stuðning við téða árás.

Armitage neitar ásökunum, en játar að hafa verið harðorður; að ríkisstjórnin í Pakistan þyrfti að ákveða hvort hún væri „með eða á móti“ Bandaríkjunum.

Dan Bartlett, ráðgjafi Hvíta hússins, sagðist ekki vita nákvæmlega hvað Armitage hefði sagt við pakistanska ráðamenn, en það lægi fyrir að eftir árásirnar hefði forseti Pakistans verið krafinn svara af Bandaríkjamönnum um „hvort hann stæði með hinum siðmenntaða heimi eða talíbönum og al-Kaída“. - kóþ



**FORSETI PAKISTANS** Musharraf hitti George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, í Hvíta húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

## Síbrotamaður áfram í haldi

**HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald yfir síbrotamanni þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til 27. september. Maðurinn er grunaður um ýmiss konar fjársvik, fjölmarga þjófnaði, fíkniefnavörslu og bílþjófnað.**

**Maðurinn á langan sakaferil að baki og liggur undir grun um að hafa framið fjölmörg afbrot á síðustu dögum og mánuðum. Héraðsdómur hafði úrskurðað að ætla mætti að hinn ákærði myndi halda áfram að brjóta af sér ef hann væri frjáls ferða sinna. - þsj**



**PÓLVERJARNIR VIÐ BÁTINN** Árni Björgvinsson veitingamaður segist ekki skulda Pólverjunum neitt.

Árni Björgvinsson:

## Skuldar Pólverjunum ekkert

**VINNUMARKAÐUR** Árni Björgvinsson veitingamaður bauð Pólverjunum, sem telja sig svikna um laun og húsnæði, greiðslu upp á 150 þúsund krónur í gær. Hann segir að þeir hafi tekið því og hætt svo við. Fréttablaðið birti frétt um málið í gær.

Árni segist ekki skulda mönnunum neitt. Þeir hafi verið vegalausir á Íslandi og hann hafi gefið þeim frítt fæði og útvegað svefnstað gegn því að þeir hjálpuðu sér og gistu í bátnum. Aðstaðan í bátnum hafi ekki verið slæm og miklu betri en í bílnum, sem Pólverjarnir hafi gist í fyrstu vikurnar á Íslandi. - ghs



**VILHJÁLMUR** Prinsinn var við skyldustörf á fæðingardeild sjúkrahúss í Lundúnum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breska konungsfjölskyldan:

## Vilhjálmur prins í herinn

**BRETLAND, AP** Vilhjálmur prins, eldri sonur Karls Bretaprins, mun gegna herþjónustu í „Blues and Royals“-riddaraliðssveitinni, eins og yngri bróðir hans, Harry. Vilhjálmur mun þó væntanlega ekki fylgja félögum sínum í hersveitinni til Afganistans, skyldi hún verða send þangað, þar sem hann er annar í erfðaröðinni að krúnunni og því viðbúið að reynt verði að halda honum utan fremstu víglínu. Harry hefur hins vegar svarað því að fylgja sveitinni í hvert það verkefni sem henni kann að verða falið á meðan hann þjónar í henni. - aa

GRÓÐURHÚSAÁHRIF

### 212 milljarðar frá Branson

Auðkýfingurinn breski Richard Branson hét því á fundi með Bill Clinton í vikunni að eyða sem samsvarar 212 milljörðum króna á næstu þremur árum til að berjast móti gróðurhúsaáhrifum. Branson segist undir áhrifum frá Al Gore, fyrrum aðstoðarmanni Clintons.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU** Öryggisþjónustan hafði aðsetur í herbergi á þriðju hæð hússins. Í því var skjalasafn lögreglunnar um kommúnista og búnaður til símhlerana. Fimm höfðu lyklavöld að herberginu. Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri lét brenna megnið af skjalasafninu við sumarbústað í nágrenni Reykjavíkur árið 1976.

# Íslendingum gefin tæki til njósna allt kalda stríðið

**Bandaríska alríkislögreglan gaf öryggisþjónustu íslensku lögreglunnar njósnabúnað árið 1950. Tækjagjafir bárust frá bandamönnum allt til loka kalda stríðsins. Lögreglan átti nokkurt safn eftirlits- og njósnatækja.**

**STJÓRNMÁL** Myndavélar með sérstökum linsum, hlustunartæki af ýmsum stærðum og gerðum og nætursjónaukar voru meðal þess sem yfirvöldum barst að gjöf frá bandamönnum Íslands á tímum kalda stríðsins. Fyrsta tækjagjöfin kom frá bandarísku alríkislögreglunni árið 1950 og bárust slíkar gjafir allt til loka kalda stríðsins.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein Þórs Whitehead sagnfræðiprófessors í tímaritinu Þjóðmálum. Í greininni fjallar Þór um aðgerðir yfirvalda til að stemma stigu við þeim ógnum sem þau töldu sig standa frammi fyrir lungann úr síðustu öld.

Árið 1939 var útlendingaeftirliti lögreglunnar í Reykjavík falið að sinna sérstakri eftirgrennslan, eins og það er orðað. Tæpum áratug síðar var Árni Sigurjónsson ráðinn til lögreglunnar til að sinna öryggismálum og gagnnjósnum og stóð Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra á bak við ráðninguna.

Tveimur árum síðar, þegar Bjarni var jafnframt utanríkisráðherra, féll hann frá fyrri hugmyndum um að stofna vopnað öryggis- eða varðlið en taldi brýnt að efla það starf sem Árni hafði sinnt. Var sett á stofn „strangleynileg“ öryggisþjónustudeild innan lögreglunnar og starfaði hún í nánum tengslum við dómsmálaráðuneytið.

Í greininni er birt efni minnisblaðs Árna frá 1950, sem Þór telur líklegt að hafi verið ætlað lögreglustjóra og dómsmálaráðherra. Í því segir að vinna beri að öflun „upplýsinga um grunsamlega menn og hjá fyrirtækjum ríkis og bæjar, öðrum fyrirtækjum þjóðfélagslega mikilvægum svo og fyrirtækjum, sem nota má til framdráttar flokksstarfsemi kommúnista í landinu eða sem tengilið við erlenda skoðanabræður þeirra.“

Höfuðstöðvar lögreglunnar í Reykjavík voru fluttar í nýbyggingu við Hverfisgötu árið 1973 og fékk öryggisþjónustan herbergi á þriðju hæð. Fimm höfðu lyklavöld að herberginu en í því voru gögn deildarinnar varðveitt auk þess sem þar var hlerunarbúnaður. Lögreglan hafði komið sér upp skjalasafni um kommúnista en 1976 taldi Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri rétt að farga mestum hluta þess. Voru gögnin brennd við sumarbústað í nágrenni Reykjavíkur. bjorn@frettabladid.is

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra:

## Ekki kunnugt um ummerki

Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra er ekki kunnugt um að í dómsmálaráðuneytinu séu ummerki um starfsemi öryggisþjónustu lögreglunnar.

Í grein Þórs Whitehead kemur fram að bandaríska alríkislögreglan hafi gefið íslensku öryggisþjónustunni tæki til eftirlits og njósna árið 1950 og hafi slíkur búnaður borist hingað allt til loka kalda stríðsins.



**BJÖRN BJARNASON**

Birni er ekki kunnugt um að þau tæki séu enn brúkuð hjá yfirvöldum; telur enda að þau hafi verið sniðin að kröfum kalda stríðsins og stöðu mála þá.

Ragnar Stefánsson var í forystu Fylkingarinnar á sjöunda og áttunda áratugnum:

## Vissu af hlerunum og eftirliti

Upplýsingar Þórs Whitehead um hleranir og eftirlit er gömul saga og ný fyrir Ragnari Stefánssyni, prófessor við Háskólann á Akureyri, sem var í forsvari Fylkingarinnar, samtaka ungra vinstrisinna, frá 1966 og fram á áttunda áratuginn.

„Við vissum vel af þessu,“ segir Ragnar. Fylkingarfólk leitaði eitt sinn staðfestingar á að símar þess væru hleraðir. „Sagt var í símtali að efna ætti til aðgerða á Skólavörðuholti og svo fylgst með hvort lögreglumenn kæmu aðvífandi, sem og þeir gerðu.“

Ragnar segir fólk hafa gætt þess að símarnir væru hleraðir og því ekki rætt um leyndustu þrár og óskir. „Annars var ekkert að fela, aðgerðir okkar voru opnar enda reyndum við að ná til sem flestra til að fá fólk á fundi og í kröfugöngur.“



**RAGNAR STEFÁNSSON**

Ragnar rifjar líka upp að yfirvöld sendu flugumann á fund Fylkingarinnar. „Hann var að sækja um vinnu í lögreglunni og var sendur til að afla um okkur upplýsinga. Við sögðum honum einhverja þvælu og á endanum sagðist hann hafa verið sendur.“

Í grein Þórs kemur fram að síðasta heimild sem liggi fyrir um símhleranir sé frá 1968. Ragnar segir að sér kæmi ekki á óvart að símar hafi verið hleraðir eftir það. Ímyndar hann sér til dæmis að símar hafi verið hleraðir í aðdraganda fundar forseta Bandaríkjanna og Frakklands á Kjarvalsstöðum í maí 1973.

Fíton/SÍA



# Skiptu um árstíð

**Haust- og vetrartískan**

Nú eru verslanir Kringlunnar yfirfullar af öllu því sem verður ferskast og flottast í haust og vetur. Fjölbreytnin hefur aldrei verið meiri því margar nýjar búðir hafa bæst við verslanaflóru Kringlunnar upp á síðkastið.

**Opið 10-18 í dag**

| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Forseti hvaða lands kallaði George W. Bush djöful í mannsmynd?*

**2.** *Hvaða knattspyrnufélag sagði Ásgeiri Elíassyni upp störfum?*

**3.** *Hvaða millinafni fékk Benjamín Árnason loksins leyfi fyrir?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Landsflug hættir á mánudaginn öllu áætlunarflugi í Vestmannaeyjum:

# Bæjarstjórinn vill að ríkið bjóði flugið út

**SAMGÖNGUR** Landsflug hættir öllu áætlunarflugi milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur frá og með mánudeginum 25. september. Ákvörðunin er til komin vegna þess að flugleiðin hefur ekki staðist væntingar um arðsemiskröfur. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsflugi. Ekkert annað flugfélag flýgur þessa leið.

Bæjarstjóri Vestmannaeyja segir mikilvægt að flugsamgöngum milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja sé haldið uppi. Hann vill að flugleiðin verði boðin út sem allra fyrst.

„Þetta er ekkert sem kemur okkur á óvart, við höfum átt von á því í allt of langan tíma að þessi staða komi upp,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. „Við lítum svo á að vandamál gærdagsins séu orðin verkefni dagsins í dag fyrir ríkið. Samgöngur eru á forræði ríkisins og við óskum eftir viðbrögðum þaðan um þetta mál.“

Hann segist hafa rætt við fulltrúa samgönguráðuneytisins um þetta og eiga ekki von á öðru en að málið verði tekið upp á ríkisstjórnarfundi í næstu viku. „Krafa okkar er og hefur verið ófrávíkjanleg, að flugleiðin milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði boðin út.“

- sþs



**FLUGVÉL LANDSFLUGS** Flugleiðin milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur þótti ekki nógu arðbær og því ákváðu forsvarsmenn Landsflugs að leggja hana af, að því er kemur fram í tilkynningu frá félaginu.





Hvar stendur þú í launastiganum?

Ný launakönnun VR er komin út. Kynntu þér niðurstöður hennar á **www.vr.is** og berðu mánaðarlaun þín saman við kjör annarra félagsmanna.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR




**VIÐBRAGÐSÆFING Á KASTRUP-FLUGVELLI** Danskar og sænskar varðsveitir efndu til æfinga á Kastrup-flugvelli á miðvikudaginn þar sem líkt var eftir árás hryðjuverkamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fjórir grunaðir um hryðjuverk

**Fjórir eru grunaðir um að hafa skipulagt sprengjuárásir á sendiráð Bandaríkjanna og Ísraels í Ósló. Danir segja meiri hættu stafa af litlum hryðjuverkahópum en þekktari samtökum á borð við Al Kaída.**

**DANMÖRK, AP** Fjórir menn voru handteknir í Noregi á þriðjudaginn, grunaðir um að hafa staðið að skotárás á samkunduhús gyðinga í Ósló um síðustu helgi. Þeir eru einnig grunaðir um að hafa skipulagt sprengjuárásir á bandaríska og ísraelska sendiráðið í Ósló. Frá þessu var skýrt í norskum fjölmiðlum í gær.

Ákærur á hendur mönnunum eru að hluta byggðar á upptökum úr hlerunarbúnaði, sem hafði verið komið fyrir í bifreið eins þeirra. Samkvæmt fréttaflutningi norskra fjölmiðla heyrðust mennirnir þar ræða sín á milli um sprengjuárásir á sendiráðin.

Einnig eru þeir sagðir hafa talað um að höggva höfuðið af Miriam Shomrat, sendiherra Ísraels í Noregi.

Hættan af hryðjuverkum hefur verið mikið til umræðu á Norðurlöndunum nú í vikunni.

Á fimmtudaginn fullyrti leyniþjónusta dönsku lögreglunnar, PET, að hættan af íslömskum hryðjuverkamönnum í Evrópu stafaði helst af litlum og einangruðum hópum, en síður af stærri og þekktari samtökum á borð við Al Kaída.

Þetta kom fram í ársskýrslu PET, þar sem segir enn fremur að hættan á slíkum hryðjuverkum sé meiri nú en áður, meðal annars í Danmörku, og þá beinlínis vegna þátttöku Dana í hernaði í Írak og Afganistan. Einnig hafi birting skopmyndanna af Múhameð spámanni í Jótlandspóstinum gert sitt til þess að auka hættuna.

Danska leyniþjónustan segist hafa á þessu ári fengið veður af meira en tvö hundruð hótunum, sem bárust í tengslum við skopmyndirnar af Múhameð. Ekki er þó tekið fram hvort þær hótanir hafi allar komið frá herskáum múslimum eða hvort sumar þeirra hafi beinst að múslimum sem búa í Danmörku.

Á fimmtudaginn hittust einnig í Finnlandi dómsmála- og innanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna til þess að ræða aðferðir til að berjast gegn bæði hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

Þeir komust að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að efla samstarf ríkjanna á þessu sviði til þess að ná betri árangri.

gudsteinn@frettabladid.is


15% september
afsláttur til 30 september
Tréstigar fyrir heimilið þitt,
sérsmíðaðir eftir máli án aukakostnaðar.
INNVAL
www.innval.is
Hamraborg 1 kópavogi s: 554 4011



10%
vaxtaauki!
ARGUS / 06-0472
Kynntu þér málið á **spron.is**



spron

# GÓÐ KAUP!



MEÐALGREIÐSLA Á MÁNUÐI U.Þ.B.

**4.100,-**

Heildarverð **79.900,-** Raðgreiðsluverð miðast við skiptingu til 24 mánaða. Breytilegir vextir eru 16,4% þann 22.09. Verð miðast við Visa Lán samning.

## „MALÍ" SÓFASETT 3+2

Glæsilegt bycast leðursófasett. Litur dökkbrúnn. Stærð á þriggja sæta sófa er 185 x 76 x 51 sm og stærðin á tveggja sæta sófanum er 135 x 76 x 51 sm. Fallegt sett á frábæru verði.



## „SAFIR" SVEFNSÓFI

Fallegur og vandaður svefnsófi á fínu verði. Fæst í kremuðum lit. Stærð 234 x 110 sm. Í svefnstöðu er sófinn 188 x 110 sm. Tveir púðar í stíl fylgja með.

MEÐALGREIÐSLA Á MÁNUÐI U.Þ.B.

**2.150,-**

Heildarverð **39.900,-** Raðgreiðsluverð miðast við skiptingu til 24 mánaða. Breytilegir vextir eru 16,4% þann 22.09. Verð miðast við Visa Lán samning.



## „MESSINA" BORÐ + 4 STÓLAR

Flott borðstofuborð úr gegnheili eik. Stólar í stíl með sessu úr microfíberefni. Stærð á borði 120x120 sm.
Borð verð **24.900,-**
Stóll verð **6.990,-**

MEÐALGREIÐSLA Á MÁNUÐI U.Þ.B.

**2.650,-**

Heildarverð **49.900,-** Raðgreiðsluverð miðast við skiptingu til 24 mánaða. Breytilegir vextir eru 16,4% þann 22.09. Verð miðast við Visa Lán samning.



SPRING AIR

## „NEVER TURN" AMERÍSK DÝNA

Stærð 153 x 203 sm. 800 gormar í dýnunni. Sérstakar hliðarstyrkingar og einstakur stuðningur við brúnir sem kemur í veg fyrir sig á köntum. Verð með grind.

MEÐALGREIÐSLA Á MÁNUÐI U.Þ.B.

**6.650,-**

Heildarverð **129.900,-** Raðgreiðsluverð miðast við skiptingu til 24 mánaða. Breytilegir vextir eru 16,4% þann 22.09. Verð miðast við Visa Lán samning.



MEÐALGREIÐSLA Á MÁNUÐI U.Þ.B.

**5.150,-**

Heildarverð **99.900,-** Raðgreiðsluverð miðast við skiptingu til 24 mánaða. Breytilegir vextir eru 16,4% þann 22.09. Verð miðast við Visa Lán samning.



## „DINKY" SÓFASETT 3+2

Fallegt sófasett með microfíberákæði sem sérstaklega auðvelt er að þrífa. Flott sófasett á frábæru verði. Breidd á 2ja sæta sófa er 160 sm og breiddin á 3ja sæta sófanum er 210 sm. Komdu í Rúmfatalagerinn og geru góð kaup!



## „SAVANNAH" HORNSÓFI

Glæsilegur, dökkbrúnn hornsófi úr leðri. Stærð 280 x 230 sm. Hægt er að hafa sófann á tvo vegu.

MEÐALGREIÐSLA Á MÁNUÐI U.Þ.B.

**5.650,-**

Heildarverð **109.900,-** Raðgreiðsluverð miðast við skiptingu til 24 mánaða. Breytilegir vextir eru 16,4% þann 22.09. Verð miðast við Visa Lán samning.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**TAÍLENSKIR MUNKAR OG HERMAÐUR** Ekki kom til átaka í valdaráni taílenska hersins á dögunum. Hér sjást munkar ganga berfættir í rigningunni framhjá kappklæddum hermanni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varnarliðið fargar ýmsum varningi og tækjabúnaði sem ekki telst nýtanlegur:

# Hundruðum tonna eytt á mánuði

**VARNARLIÐIÐ** Varnarliðið vinnur nú að því að eyða miklu magni af ýmsum vörum og búnaði sem það hefur ekki talið nýtast sér annars staðar. Aron Jóhannsson, umhverfisstjóri sorpeyðingarstöðvarinnar Kölku sem sér um eyðinguna, segir að um töluvert magn sé að ræða. Samkvæmt Aroni er um 350-400 tonnum eytt mánaðarlega og hefur verkefnið staðið yfir í nokkra mánuði. Varningurinn er af öllum toga og nær allt frá matvælum til herbúnaðar.

Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Varnarliðsins, segir að ekki sé verið að farga varningnum einungis til að eyðileggja hann. „Öll sú vara og búnaður sem nýtist ekki hernum eða Bandaríkjastjórn annars staðar og bíður flutnings úr landi er seldur. Ef hann er hins vegar ekki nýtanlegur þá er honum hent.“ Hann segir þann varning sem sendur er til eyðileggingar meðal annars vera útrunnin matvæli og hluti sem ekki megi fara á markað. „Það geta verið hlutir sem þjóna einhverjum hernaðarlegum tilgangi eða eitthvað sem á hvíla kvaðir um hvernig má fara með. Til dæmis má ekki selja rafmagnstæki eða heimilistæki á innlendum markaði sem ekki eru merkt samkvæmt evrópskum stöðlum.“ - þsj



**HERSTÖÐIN Á MIÐNESHEIÐI** Ekki er allur búnaður Varnarliðsins fluttur af landi brott eða seldur.

Arnbjörg Sveinsdóttir:

## Sækist eftir fyrsta sætinu

**STJÓRNMÁL** Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður gefur kost á sér í fyrsta sæti lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi.



**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR**

Arnbjörg var þingmaður 1999-2003 og tók sæti á þingi á nýjan leik árið 2004. Hún er nú formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Halldór Blöndal, sem leiddi lista sjálfstæðismanna í kjördæminu í síðustu kosningum sækist ekki eftir endurkjöri. - bþs

Tækjakostur varnarliðsins:

## Stjórnvöld leigja búnað

**VARNARLIÐIÐ** Íslensk stjórnvöld munu leigja ýmsan búnað í eigu Bandaríkjahers sem þykir gegna mikilvægu hlutverki varðandi rekstur flugvallarins í Keflavík. Er þar helst um að ræða snjóruðningstæki, tækjabúnað slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli og ýmiss konar fjarskiptabúnað. Þetta kom fram í Víkurfréttum.

Samkvæmt frétt blaðsins munu íslensk stjórnvöld leigja búnaðinn þangað til Íslendingar hafa komið sér upp slíkum búnaði sjálfir. Talið er að það muni taka um eitt ár. - þsj

**AUSTURRÍKI**

### Salmonellusýking

Um 100 menntaskólanemar í Austurríki voru færðir í sjúkrahús á fimmtudaginn vegna matareitrunar. Líkur eru taldar á að nemendurnir hafi fengið salmonellusýkingu.

Ein valdamesta kona Kína var viðstödd undirritun samkomulags um aukið samstarf á sviði menntamála:

# Áhugi Kínverja á Íslandi mikill

**MENNTAMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Zhou Ji, menntamálaráðherra Kína, hafa undirritað samkomulag um aukið samstarf á sviði æðri menntunar. Við undirritunina var Chen Zhili, varaforsætisráðherra og æðsti yfirmaður mennta- og vísindamála í Kína. Aðeins er vika frá því að Þorgerður Katrín átti fund með þeim í Peking en þar var grunnur lagður að samkomulaginu.

Samkomulagið felur í sér að yfirvöld beggja ríkja ætla í samstarf um að gagnkvæm viðurkenning verði á námi og prófgráðum. Hvatt verði til þess að háskólar landanna efni til samstarfs um nemendaskipti og sameiginlegar prófgráður og að stuðlað verði að bættri aðstöðu til rannsókna og náms á kínversku og íslensku í löndunum tveimur.

Líklegt þykir að þetta verði til þess að Kínverjar komi á fót hérlendis svokallaðri Konfúsíusmenningarstofnun eins og gert hefur verið víða um heim.

Chen Zhili er ein af valdamestu konum Kína og segir Þorgerður Katrín áhuga Kínverja á samskiptum við Íslendinga afar mikinn, sérstaklega á sviði mennta, menningar og vísinda.

„Við verðum að fara af ábyrgð og metnaði inn í þetta samstarf því það getur leitt til stórra og mikilla hluta, til að mynda á sviði umhverfisverndar. Þeir eru að leita til okkar vegna jarðvarmans hér á landi, þekkingar okkar og vísindafólks til þess að geta nýtt sér það heima fyrir. Það ætti að geta leitt mjög jákvæða hluti af sér á sviði umhverfismála,“ segir Þorgerður og bendir á að Íslendingar geti verið stoltir yfir þeim áhuga sem Kínverjar sýni landi og þjóð. Ástæða sé til að fara í þetta samstarf af áhuga og metnaði.

karen@frettabladid.is



**ÞETTA LÍTUR ÚT FYRIR AÐ VERA KÍNVERSKT...** Varð Chen Zhili, varaforsætisráðherra Kína, að orði þegar hún skoðaði listgripi á Þjóðminjasafninu ásamt fylgdarliði.




# KATTASÝNING
## Í GARÐHEIMUM UM HELGINA!

laugardag og sunnudag
frá kl 12.00 - 17.00




TILBOÐ

# 25% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM HAUSTLAUKUM



TILBOÐ

# 3 ERIKUR 790 kr





## SÝNING UM HELGINA

**SÝNUM UM HELGINA HUGMYNDIR AÐ LEIÐIS- OG ÚTFARARSKREYTINGUM**



**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*Haustlaukar*
*Við niðursetningu haustlauka er gott að miða við 3svar sinnum hæð þeirra frá efri hluta lauksins.*

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*Kattafóður*
*Rétt tegund fóðurs í réttu magni skiptir sköpum til að fá fallegan og glansandi feld á kisu.*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 6.252 **-0,15%** **Fjöldi viðskipta:** 554 **Velta:** 5.394 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Actavis | +1,20% | Mosaic | -1,12% |
| Alfesca | +1,00 | Bakkavör | -1,02% |
| Össur | +0,80% | Atlantic Petroleum | -0,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,30 +1,20% ... Alfesca 5,03 +1,00% ... Atlantic Petroleum 570,00 -0,87% ... Atorka 6,35 -0,78% ... Avion 32,30 +0,00% ... Bakkavör 58,40 -1,02% ... Dagsbrún 4,31 +0,70% ... FL Group 22,70 +0,44% ... Glitnir 20,20 -0,49% ... KB banki 849,00 -0,12% ... Landsbankinn 26,00 -0,38% ... Marel 79,00 +0,64% ... Mosaic Fashions 17,60 -1,12% ... Straumur-Burðarás 17,20 -0,58% ... Össur 126,50 +0,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

**Vaxtaónæmi Íslendinga**

Yfirdráttur jókst milli mánaða samkvæmt tölum Seðlabankans. Heimilin eiga kannski ekki stóran hlut af aukningunni, en yfirdráttur heimila jókst um 2,5 milljarða í ágúst eftir að hafa dregist saman um þrjá milljarða í júlí. Yfirdráttarvextir eru svimandi háir á Íslandi, en sú staðreyndi virðist ekki nægjanlega letjandi fyrir eyðslu landans. Það er ekki nóg með að stærstur hluti skulda heimilanna sé utan valdsviðs Seðlabankans heldur virðist þjóðinni standa slétt á sama um þá vexti sem Seðlabankinn býður upp á. Eftir því sem næst verður komist þarf að leita til neðanjarðarstarfsemi til að finna viðlíka vexti. Þar er líka beitt harkalegum innheimtuaðgerðum og spurning hvort síðast hálmstráið til að ná niður einkaneyslunni væri að ráða röska handrukkara í Seðlabankann.



**Hitamælar Landsbankans**

Landsbankinn mun á mánudag leitast við að svara hvert stefni í efnahagsmálum hér á landi. Búast má við mikilli mætingu á fundinn enda sú raunin á fyrri fundum bankans, auk þess sem áhugi á framvindu efnhagsmála er mikill. Nokkra athygli vakti á einum slíkum fundi bankans þegar bankastjórinn og vélaverkfræðingurinn Sigurjón Þ. Árnason las af hitamælum hagkerfisins. Hugmyndin mun sænsk og gott dæmi um það að skýringarmyndir segja oft meira en mörg orð. Nú er að sjá hversu mikið yfir suðumarki helstu mælar eru.

Leitað verður svara við hvert nokkur ólíkindatól samfélagsins stefna, en þau eru: Efnahagslífið, krónan, fasteignamarkaðurinn og Seðlabankinn.

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild KB banka spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,6 prósent í október og muni 12 mánaða verðbólga standa í stað í 7,6 prósentum.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu hækkaði annan daginn í röð á helstu fjármálamörkuðum í gær. Verð á Norðursjávarolíu fór niður í 60,31 Bandaríkjadal á miðvikudag og hafði verðið ekki verið lægra síðan í byrjun mars. Sérfræðingar telja lækkanaferlinu lokið í bili.

Launavísitala í ágúst 2006 er 297,4 stig og hækkaði um 0,7 prósent frá júlímánuði, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Síðastliðna 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 10,6 prósent.

# Avion birtir uppgjör

Avion Group birtir á mánudaginn uppgjör fyrir þriðja fjórðung reikningsársins sem lauk í júlí. Rekstur Avion er árstíðabundinn og myndast hagnaður á seinni hluta rekstrarársins.

Bæði KB banki og Landsbankinn reikna með að félagið skili yfir fimm milljarða hagnaði á fjórðungnum en hafa ber í huga áform Avion um sölu á eignarhlut í Avion Aircraft Trading hafa ekki enn gengið eftir. Stjórnendur Avion höfðu búist við salan gengi í gegn á þriðja ársfjórðungi. KB banki spáir félaginu 5.926 milljónum í hagnað en Landsbankinn 5.578 milljónum króna.



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON, AVION GROUP** Félagið birtir uppgjör strax eftir helgi.

Markaðsvirði Avion er um 58 milljarðar króna en gengi félagsins hefur lækkað um fimmtán prósent frá því það fór á markað í byrjun árs. - eþa

## Tanganyika stefnir á sænska aðallistann

Alþjóðlega olíuleitarfélagið Tanganyika vinnur hörðum höndum að því að færa skráningu sína af First North, hliðarmarkaði OMX, yfir á O-listann, aðallistann í Stokkhólmi. Straumur-Burðarás er einn stærsti hluthafinn með tíu prósenta hlutafjár.

Félagið greindi nýverið frá því að boranir með nýrri aðferð við olíulindir í Tishrine í Sýrlandi gengu vel og eykst framleiðsla frá mánuði til mánaðar.

Tanganyika hefur hækkað um fimmtung í verði á rúmum einum mánuði. - eþa



**VÉL FINNAIR Í JAPAN** Í sumar flugu vélar Finnair milli Japans og Finnlands skreyttar myndum af múmínálfunum, en þeir eiga uppruna sinn í Finnlandi en njóta mikilla vinsælda í Japan.

## Finnair nýtur vinsælda í Japan

Lesendur japanska tímaritsins AB-ROAD hafa útnefnt Finnair sem eftirlætis vestræna flugfélagið sitt. Við valið var horft til þátta eins og þjónustu flugfélaganna og veitinga um borð. Japanskir flugfarþegar eru sérstaklega ánægðir með þær veitingar sem Finnair býður upp á.

Finnair greindi frá því í ágúst að farþegafjöldi í Asíuflugi hefði aukist um fjörutíu prósent milli ára. Félagið er að stórum hluta í eigu íslenskra fjárfesta. - eþa

# Nýsköpunarsjóður í útrás með Marorku

**Nýsköpunarsjóður hefur keypt fimmtungshlut í hátæknifyrirtækinu Marorku. Fjárfesting sjóðsins er sögð styrkja stoðir fyrirtækisins og opna nýja möguleika. Með samningnum hefur fjármögnun Marorku verið tryggð fram til ársins 2010.**




**SKRIFAÐ UNDIR SAMNING UM KAUP OG SAMSTARF** Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs, og dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, skrifa undir samkomulag um kaup Nýsköpunarsjóðs á fimmtungshlut í Marorku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýsköpunarsjóður hefur fjárfesta í hátæknifyrirtækinu Marorku ehf sem starfar á sviði orkustjórnunar og orkusparnaðar í sjávarútvegi og flutningum.

Í gær var gengið frá kaupum sjóðsins á 20 prósenta hlut í fyrirtækinu. Kaupverðið er sagt trúnaðarmál, en dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, segir að með samningnum sé búið að tryggja fyrirtækinu fjármögnun fram til ársins 2010. „Það eru ekki uppi áform um að auka hlutafé frekar nema að komi til sérstök verkefni eða samruna sem mönnum gæti sýnst vænlegur kostur,“ segir hann.

Þórður Magnússon, stjórnarformaður Marorku, bauð Nýsköpunarsjóð velkominn í lið með einu af framsæknustu fyrirtækjum landsins þegar hann kynnti kaupin og kvað mikils virði að fá jafnöflugan fjárfesti til liðs við Marorku. „Á sama tíma vil ég líka starfsfólki Marorku þann árangur sem við höfum verið að ná,“ sagði hann. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður verði virkur þátttakandi í að þróa Marorku næstu þrú til fimm árin, en fyrir hönd sjóðsins tekur Finnur Árnason sæti í stjórn Marorku.

Finnbogi Jónsson, sem fyrir um viku tók við starfi framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs, lýsti yfir mikilli ánægju með aðkomu sjóðsins að fyrirtækinu og kvað sjóðinn hafa mikla trú á starfsemi Marorku. Hann segir fyrirtækið hafa alla burði til að vaxa mjög og vísaði til fyrri dæma þar sem tækni sem þróuð hefði verið hér heima hefði náð fótfestu í alþjóðlegri samkeppni, svo sem vaxtar Sæplasts, sem nú sé hluti af alþjóðlega risafyrirtækinu Promens, með 1.300 starfsmenn víða um heim og veltu upp á 18 milljarða króna. „Við teljum Marorku hafa á að skipa mjög öflugri liðsheild sem hafi alla burði til að byggja upp félag sem verði leiðandi í sölu á háþróuðum búnaði,“ segir hann.

„Við höfum verið að klára vöruþróun og byggja upp sölustarfsemi á mörkuðum okkar. Okkur hefur gengið mjög vel að kynna fyrirtækjum þann ávinning sem felst í kerfi okkar og markaðurinn að taka við sér,“ segir dr. Jón Ágúst og bætir við að fyrir dyrum sé að efla enn frekar starfsemi Marorku og bæta við fólki. „Og mjög mikilvægt er að hafa fjármagnið sem þarf til að fylgja eftir því starfi sem unnið hefur verið.“

Marorka er orðið alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í fimm löndum. Fyrirtækið hefur skilgreint Norður-Atlantshaf sem heimamarkað sinn en skipafloti á því svæði telur yfir 5.000 skip.

Orkustjórnunarkerfi Marorku er hið eina sinnar tegundar í heiminum. Það er ætlað fyrir fiskiskip og flutningaskip, en sérstaða þess felst í aðferðum sem notaðar eru til að lágmarka orkunotkun skipa. Meðal viðskiptavina Marorku eru mörg af helstu fyrirtækjum í skipaútgerð, bæði hér heima og erlendis. olikr@frettabladid.is

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

# Merrill Lynch spáir minnkandi álagi

**Í þriðju skýrslu Merrill Lynch um íslenska banka og efnahagslíf kveður við heldur jákvæðari tón en áður. Eftir fyrstu skýrslu bankans í mars féll gengi krónunnar og í hönd fór erfið umræða um bankana.**

Í nýrri skýrslu um íslensku bankana segja sérfræðingar greiningardeildar alþjóðabankans Merrill Lynch að horfur þeirra hafi batnað þótt enn fylgi þeim meiri áhætta en bönkum af sambærilegri stærð í Evrópu. Er því spáð að tryggingarálag á skuldabréf bankanna (CDS) gæti átt eftir að lækka um 5 til 10 punkta til viðbótar, þótt enn sé nokkuð í land að jafnvægi sé þar náð.



Skýrsla Merrill Lynch í mars markaði upphaf erfiðrar umræðu um íslenskt bankakerfi og efnahaglíf og hafa bankarnir bent á að nokkurs mislesturs á íslenskum aðstæðum hafi gætt í þeirri umræðu, en sami aðalhöfundur, Richard Thomas, er af öllum skýrslum bankans. Í vor og sumar hafa svo bankarnir og stjórnvöld unnið töluvert í að kynna efnahagsmál hér og aðstæður, meðal annars með riti sem hagfræðingarnir Frederic Mishkin og Tryggvi Þór Herbertsson unnu í sumar. Í júlí birti bankinn svo skýrslu númer tvö, þar sem tekið var til greina að bankarnir græddu jafnvel á verðbólgunni, sem og gengislækkun krónunnar þannig að þróunin í hagkerfinu hér væri þeim um margt hagfelld.

Í nýju skýrslunni, sem kemur í kjölfar heimsóknar Thomas og Tolu Alamutu hingað til lands í síðustu viku og kom út á miðvikudag, er mælt með því að fjárfestar taki stöðu með íslensku bönkunum og mælt með kaupum í hluta bréfa þeirra. Er það sagt gert í ljósi þess að stóru bankarnir þrír hafi að mestu lokið við fjármögnun næsta árs. Í skýrslunni er þó eftir sem áður haldið fast við þá skoðun að sérstaða íslensku bankanna og ójafnvægi í hagkerfi Íslands kalli á að skuldabréf bankanna beri hærra tryggingarálag en bankar á meginlandi Evrópu.

Skýrsluhöfundar funduðu í heimsókn sinni með fulltrúum viðskiptabankanna þriggja, með Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka og með Fjármálaeftirliti og Seðlabanka. Merrill Lynch fjallar í fyrsta sinn um Straum-Burðarás og telur hann eiga nokkuð í land með að verða fjárfestingarbanki að fullu. Merrill Lynch segir fjóra valkosti líklegasta varðandi bankann, að honum verði skipt upp, að FL Group hverfi úr eigendahópnum, að Landsbankinn/Samson hverfi úr bankanum eða að bankinn verði sameinaður Landsbankanum. - óká



Alltaf betra verð!
40% afsláttur
449 kr. kg
749
Móa kjúklingur ferskur 1/1
1229 kr. kg
1765
Goða Gourrmet Dönsk ofnsteik
30% afsláttur
Weetos morgunkorn
299 kr/pk
Vestfirskur krónu-bitafiskur
399 kr/pk
349 kr. kg
445
Goða saltkjöt
99 kr.
Pepsi MAX 2L
Bisca toffypops
149 kr/pk
Myllu rúlluterta brún
399 kr/stk
Myllu fjölkorna samlokubrauð
99 kr/stk
Hnífasett
790 kr/pk
Jonagold Epli
89 kr/kg
30% afsláttur
Goða skinka
Goða Malakoff
50% afsláttur
Goða kindabjúgu
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

# NÓATÚN




SJÁVARRÉTTA-
KOKTEILL
**1.498** kr. kg




KARFASTEIK
MEÐ CHILI
**898** kr. kg




GRÍSALUNDIR
M. SÆLKERAFYLLINGU
**2.498** kr. kg

# Lifðu lífinu í lit!

## Rautt reynist vel

Með því að auka hlutfall rauðra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Góðu minni*
- *Minni líkum á þvagrása- og þvagfærasýkingum*
- *Minni líkum á krabbameini*

## Gult gleður

Með því að auka hlutfall gulra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Sterku ónæmiskerfi*
- *Sjónheilsu*
- *Minni líkum á krabbameini*

## Hvítt heillar

Með því að auka hlutfall hvítra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Lágu kólesterólmagni*
- *Sterkum beinum og tönnum*
- *Minni líkum á krabbameini*

## Grænt er gaman

Með því að auka hlutfall grænna ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Minni líkum á krabbameini*
- *Sjónheilsu*
- *Sterkum beinum og tönnum*

## Blátt bætir

Með því að auka hlutfall blárra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Minni líkum á krabbameini*
- *Minni líkum á þvagrása- og þvagfærasýkingum*
- *Góðu minni*
- *Heilsusamlegri öldrun*

## Borðaðu 5 á dag

Með því að borða 5 eða fleiri skammta af litríkum ávöxtum og grænmeti á dag stuðlar þú að heilsusamlegra lífi. Litríkir ávextir og grænmeti sjá þér fyrir fjölbreyttri flóru vítamína og bætiefna sem líkami þinn þarfnast til að viðhalda góðri heilsu og orku. Auk þess minnka þeir líkur á krabbameini og hjartasjúkdómum.

## Veldu heilsulitina

Rauður, gulur/ appelsínugulur, hvítur, grænn, blár/fjólublár. Láttu litina ráða ferðinni þegar þú gerir matarinnkaupin, skipuleggur máltíðirnir eða ferð út að borða og lifðu lífinu í lit.

## Auðveldara en þú heldur

Það er auðveldara en þú heldur að borða fimm ávexti eða grænmeti á dag í öllum litum. Einn skammtur er til dæmis meðalstór ávöxtur, 100 g af grænmeti eða 1 glas af hreinum ávaxtasafa.



VATNSMELÓNUR
99 kr. kg



HVÍTKÁL
149 kr. kg



GRÆNN ASPAS
449 kr. BÚNTIÐ



SPERGILKÁL
399 kr. kg



PLÓMUR
249 kr. kg

5 á dag

NÓATÚN

Bestir í kjöti




# Sælkeraveisla í Nóatúni




Sparaðu 300 kr.

LAMBALÆRI DELUXE
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg

Nældu þér í uppskrift!




LAMBASIRLOINSNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg




GRÍSAHNAKKI ÚRB. SNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg




LAMBALÆRI
LAMBAHRYGGUR
verð frá: 998 kr. kg




FRÓN KEX
FÍKJUBITAR / KREMKEX
169 kr. pk.







HODGSON MILL
LÍFRÆNT SPELT
299 kr. pk.

„Verði ykkur að góðu!"

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Blöndalsbakþankar:

# Hagsmunir fólks eða flokka?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Ýmsir merkir alþingismenn greina frá því um þessar mundir að þeir gefi ekki kost á sér til endurkjörs. Tilkynningar þar um hafa verið tilefni margvíslegra frásagna af uppruna góðra málefna.

Einn þeirra þingmanna sem nú hafa tilkynnt kjósendum sínum að þeir verði við svo búið að leita að nýju þingmannsefni er Halldór Blöndal, fyrrverandi ráðherra og forseti Alþingis. Hann hefur eðlilega eins og aðrir af þessu tilefni drepið á hjartakær framfaramál.

En sem oft áður sker Halldór Blöndal sig úr. Hann sá ástæðu til við þessi kaflaskil að minnast einnig á það sem hann og fleiri bera ábyrgð á en mætti sannarlega betur fara. Þannig notaði hann þetta tækifæri til þess að víkja að þönkum sínum um ágalla kjördæmaskipunarinnar.

Mála sannast er að það var þörf ábending. Kjördæmaskipan og kosningareglum var síðast breytt 1999 í samkomulagi og andans einingu milli allra stjórnmálaflokka. Markmið þeirrar breytingar var góðra gjalda vert. Undan því varð ekki vikist að jafna vægi atkvæða eftir búsetu.

Halldór Blöndal bendir hins vegar með gildum rökum á að núverandi kjördæmi eru langtum of stór, eigi að vera nokkur möguleiki fyrir þingmenn að hafa lifandi og persónubundin tengsl við kjósendur. Á sjónarmið af þessu tagi var ekki hlustað fyrir sjö árum. En það er ástæða til þess að gera það nú.

Á marga lund fer vel á því að Halldór Blöndal skuli einmitt vekja athygli á þessu viðfangsefni. Sérstaða hans og ef til vill styrkur sem þingmanns hefur trúlega framar öðrum þáttum átt rætur í næmum tengslum hans við fólkið fyrir norðan.

Kjarni málsins er sá að margvíslegir gildir hagsmunir koma til skoðunar þegar kosningakerfi og kjördæmaskipan eru ákveðin. Fram til þessa hafa hagsmunir stjórnmálaflokkanna sjálfra verið í fyrirrúmi við þessar ákvarðanir.

Bakþankar Halldórs Blöndals vekja hins vegar upp þá spurningu hvort ekki sé tímabært að líta í ríkari mæli til annarra sjónarmiða um þessi efni. Hverjir eru til að mynda hagsmunir kjósenda?

Engin tvímæli um eru að hagsmunir kjósenda eru auk annars fólgnir í því að kosningahættirnir stuðli fremur en hitt að lifandi tengslum við kjörna fulltrúa. Stærð kjördæma ræður miklu þar um.

Frá kögunarhóli kjósenda er aukheldur eðlilegt að óskir komi fram um ríkari möguleika á persónukjöri. Mikill kostnaður við prófkjör getur einnig vakið upp spurningar af þessu tagi. Margar þekktar lausnir eru til. Þetta er spurning um pólitískan vilja til að virða þær.

Það er tímabært að draga fram ný sjónarmið varðandi þessi efni. Hitt er ekki síður skynsamlegt, að líta á viðfangsefnið frá hagsmunum kjósendanna.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.
550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Almúginn á Terfel**



Velski barítónsöngvarinn Bryn Terfel kemur hingað til hljómleikahalds á vordögum. Terfel er áhugafólki um sígilda tónlist vel kunnur enda í fremstu röð barítónsöngvara. Hann er þó kunnari sumum en öðrum því nokkrum hundruðum Íslendinga bauðst að hlýða á hann í Háskólabíói í fyrra. Voru það sérstakir hátíðartónleikar sem Sinfóníuhljómsveitin, KB banki og forsetaembættið stóðu að og aðeins útvöldum boðið til veislunnar. Ekki er annað vitað en að selt verði inn í vor með hefðbundnum hætti, í það minnsta gerir tónlistaráhugafólk úr röðum almúgans sér vonir um það.

**Ekkiframboð**



Eins og gengur í aðdraganda kosninga hellast framboðstilkynningar yfir. Og eins og gengur slæðist með einstaka tilkynning frá fólki sem segist ekki ætla í framboð. Fyrsta slíka tilkynning vertíðarinnar nú var send fjölmiðlum í gær. Er hún frá Viktori B. Kjartanssyni í Reykjanesbæ, sem segist ekki ætla í prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi. Segir Viktor að fjölmargir hafi hvatt hann til framboðs og þakkar hinum sömu fyrir. Ef að líkum lætur eiga fleiri slíkar tilkynningar eftir að sjást á næstu vikum.

**Afl – en hve mikið afl?**

Stjórn Nýs afls ákvað á fundi í vikunni að leggja samtökin niður sem stjórnmálaflokk og hvetja félagsmenn til að ganga í Frjálslynda flokkinn. Áhugamenn um stjórnmál velta fyrir sér hversu mikið afl fylgi Nýju afli. Í síðustu þingkosningum bauð flokkurinn fram í öllum kjördæmum og fékk samtals 1.791 atkvæði, sem var innan við eitt prósent greiddra atkvæða. Til samanburðar fékk Frjálslyndi flokkurinn 13.523 atkvæði. Pólitískir andstæðingar Frjálslyndra hafa því ekki sérstaka ástæðu til að óttast styrk sameinaðs flokks, í það minnsta ef mið er tekið af úrslitum síðustu kosninga.

bjorn@frettabladid.is

# Lífið er súludans



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Karlar og konur

*Súludans er hluti af lífi í frjálsu samfélagi og þá skiptir engu máli að sumir reynast þrátt fyrir allt vera frjálsari en aðrir.*

Sérhverjum frjálslyndum og þjóðhollum manni hlýtur að renna blóðið til skyldunnar þegar nöldurseggir ætla að vega að frjálsum viðskiptum í frjálsasta landi heimsins og banna atvinnugrein sem felst í því að karlkyns athafnamenn leigi stúlkur til að dilla sér berar upp við súlu og selji öðrum körlum aðgang að gjörningnum. Að sjálfsögðu verður að forðast að umræða um þetta mál sé sett í annarlegt samhengi þar sem hún á ekki heima.

Umfram allt verður að forðast hin háskalegu kynjagleraugu eða láta sér á nokkurn hátt hugkvæmast að þetta mál snúist um samskipti kynjanna, í fortíð eða nútíð. Sú staðreynd að konur hafa allt frá landnámi haft minni rétt en karlar og búið við hvers konar kúgun skiptir hér engu máli enda er engin söguleg þróun að baki samtímanum. Hann varð til úr engu. Misrétti fortíðarinnar telst nú horfið og útilokað er að það skilji eftir sig nokkur spor.

Annað sérlega varhugavert og háskalegt samhengi er að tengja þetta mál við stöðu karla og kvenna í samtímanum – hvað þá að gefa í skyn að misrétti fortíðarinnar sé ekki að öllu leyti horfið. Með engu móti má tengja þessa umræðu við hluti eins og að atvinnutekjur kvenna eru 62 prósent af atvinnutekjum karla – í samfélagi þar sem auður manna er talinn helsti og merkasti mælikvarðinn á manngildi þeirra. Sýningar á nöktum konum tengjast á engan ólíkri aðstöðu kynjanna til fjáröflunar – nema auðvitað ef okkur langar til að halda fallega predikun um alla peningana sem stúlkurnar vinni sér inn með kroppasýningunni. En þá væri auðvitað sérlega ósmekklegt að setja þau laun í samhengi við hvað athafnamaðurinn sem stendur fyrir sýningunni ber úr býtum.

Á engan hátt tengist þetta mál því að kynferðislegt ofbeldi er ein af skýrustu leifum valdbeitingar karlasamfélagsins gagnvart konum – og að dæmin um það ganga nánast öll í eina átt. Ekki má heldur setja klæðnað kvenna í samhengi við félagslega stöðu þeirra eða undirokun gagnvart karlmönnum. Jú, kannski er það í lagi þegar við sjáum kappklæddar konur í Arabaheiminum en alls ekki þegar fáklæddar konur eru sýndar á sviði á Vesturlöndum.

Súludans má aðeins ræða í einu samhengi – samhengi frjálsra viðskipta og rétti karla til að hafa lífsviðurværi af því að sýna öðrum körlum berar konur. Það má ekki skerða atvinnufrelsi manna – enda er búið að skerða það nógu mikið gegnum tíðina.

Allir sjá t.d. hvílík nauðung það var þegar réttur karla til að gera út vændiskonur var afnuminn. Aðeins út af einhverjum hugmyndum um að manneskjur væru ekki söluvara. Vændi var þó einungis jaðaratvinnugrein miðað við þær tekjur sem mátti hafa af flutningi fólks á milli heimsálfa og sölu þess þar – þrælaversluninni. Glæstustu og auðugustu borgir Evrópu voru að verulegu leyti reistar á hagnaði af slíkri verslun á 17. og 18. öld. Á sínum tíma voru það aðeins óðir róttæklingar og undirróðursmenn sem gerðu athugasemdir við verslunina, en þá var jafnan gripið til kunnuglegra mótraka: Það er rangt að skerða viðskipta- og athafnafrelsi manna út frá einhverjum siðferðislegum sjónarmiðum.

Fáir líta nú þessa verslun sömu augum og þorri málsmetandi manna gerði þá. Sumir myndu jafnvel kalla það framfarir að þessi tiltekna gerð af viðskiptum var bönnuð. En það er einmitt kjarni málsins. Það ræðst jafnan af gildum samfélagsins á hverjum tíma hvaða viðskipti teljast eðlileg og hver ekki.

Hvað er það í okkar samtíma sem gerir það að verkum að sýningar á nöktum konum fyrir karla sem borga fyrir það teljast til frjálsra og eðlilegra viðskipta? Við því fást ekkert sérlega skýr svör ef ekki má setja upp kynjagleraugun eða líta á samskipti kynjanna í sögulegu og þjóðfélagslegu samhengi. Hvað þá ef við erum sannfærð um að okkar kynslóð sé hin fyrsta í sögunni sem er frjáls og laus við kúgun – rétt eins og íhaldsmenn fyrri tíma hafa alltaf talið sína kynslóð vera. Ef við trúum því í raun og veru að ójöfnuður karla og kvenna sé eðlilegur hluti af frjálsu samfélagi þá er niðurstaðan sú sem leiðarahöfundar (og hér er karlkynið ekki einungis málfræðilegt) dagblaðanna eru þegar búnir að komast að: Súludans er hluti af lífi í frjálsu samfélagi og þá skiptir engu máli að sumir reynast þrátt fyrir allt vera frjálsari en aðrir.

# September-umferðin

**Umræðan**

Flöskuhálsar í umferðinni



DAGUR B. EGGERTSSON

Miklabrautin undirstrikaði mikilvægi sitt í umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins í vikunni þegar vörubíll með tengivagn valt og dreifði gleri þvert yfir götuna. Atburðurinn undirstrikar mikilvægi þess að Sundabraut komi án tafar og að Öskjuhlíðargöng verði forgangsverkefni frekar en mislæg gatnamót á Kringlumýrarbraut-Miklubraut. Með Sundabraut og Öskjuhlíðargöngum fengi umferðarflæðið þrjá meginása frá austri til vesturs í stað þess að Miklabraut einni sé ætlað það hlutverk. Það er því furðulegt að einu viðbrögð borgarstjóra í málinu hafi verið þau að lögreglan hafi átt að vera fljótari að sópa. Skilaboðin eru einföld: Sundabraut strax og Öskjuhlíðargöng í forgang. Þetta er stefna Samfylkingarinnar.

Þetta á ekki að vera erfitt að skilja. Meirihlutinn í borgarstjórn vill það þó ekki. Það er viðkvæmt að viðurkenna að ofuráhersla meirhlutans á Miklubraut eru mistök. Eftir vel heppnaðar aðgerðir á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar árið 2005 eru þau miklu öruggari og afkasta meiru en áður. Flöskuhálsarnir eru nú miklu frekar á gatnamótum Lönguhlíðar og Miklubrautar annars vegar og hins vegar á Kringlumýrarbraut vegna bíla úr Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ sem myndu nýta sér Öskjuhlíðargöng á leið í og úr miðborginni.

Sundabraut, Öskjuhlíðargöng og stokkalausn á Miklubraut við Miklatún eru því allt verkefni sem eiga að koma á undan mislægum gatnamótum á Kringlumýrarbraut-Miklubraut. Slík aðgerð myndi einungis auka vandann við Lönguhlíð og raunar draga enn frekari umferð inn á þetta svæði og búa til flöskuhálsa á öllum næstu gatnamótum. Athuganir Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar sýndu enda fram á það að alls þyrfti mislægar framkvæmdir fyrir á annan tug milljarða á öllum næstu götuhornum ef mislæg gatnamót á Miklubraut-Kringlumýrarbraut ættu að greiða fyrir umferð. Þar með sætum við uppi með eina allsherjar hörmung í hjarta borgarinnar, Houston - Reykjavík, takk fyrir. Og litlu betra umferðarkerfi í ofanálag – aðeins einn meginás frá austri til vesturs.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur.*



# Opið hús

## í dag, laugardag, **kl. 12-16**

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands býður til kynningar á starfsemi sinni og sýningar á heyrnartækjum og öðrum hjálparbúnaði fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa í dag, laugardaginn 23. september kl. 12–16.

Á fyrstu hæð Háaleitisbrautar 1 (Valhallar) kynnir starfsfólk HTÍ og sérfræðingar frá fyrirtækjunum Widex, Phonak og Rexton – Siemens það nýjasta sem er í boði af heyrnartækjum og öðrum hjálparbúnaði.

Í hliðarsal verður starfsfólk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar með stutta fyrirlestra um heyrnarskerðingu og talmein:

**13:00** **Heyrnarskerðing**
Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir HTÍ

**13:30** **Málþroski barna**
Friðrik Rúnar Guðmundsson, talmeinafræðingur HTÍ

**Hlé**

**14:30** **Heyrnarskerðing** (sami fyrirlestur og kl. 13:00)
Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir HTÍ
Fyrirlesturinn verður túlkaður á táknmáli

**15:00** **Hvað eru talmein?**
Friðrik Rúnar Guðmundsson, talmeinafræðingur HTÍ

Starfsfólk HTÍ tekur svo á móti gestum og sýnir aðstöðu stofnunarinnar á fjórðu hæð. Leitast verður við að svara fyrirspurnum og hægt verður að bóka tíma í heyrnarmælingu.

SIEMENS PHONAK hearing systems WIDEX high definition hearing

**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**

Háaleitisbraut 1 105 Reykjavík Sími: 581 3855 hti@hti.is www.hti.is



MAÐUR VIKUNNAR

# Metnaðarfull og dugleg valkyrja

**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR**
KNATTSPYRNUKONA



Knattspyrnukonan Ásthildur Helgadóttir er maður vikunnar að þessu sinni, en Ásthildur leikur knattspyrnu með Malmö FF í Svíþjóð við góðan orðstír. Ásthildur skoraði tvö mörk fyrir Malmö FF um síðustu helgi og er markahæst í sænsku deildinni með sautján mörk á þessari leiktíð.

Ásthildur ætti að vera flestum landsmönnum að góðu kunn en hún hefur leikið í mörg ár með íslenska landsliðinu í knattspyrnu og er án efa ein besta knattspyrnukona sem Ísland hefur alið. Hún á að baki 63 landsleiki fyrir Íslands hönd og hefur skorað í þeim 22 mörk. Hún hefur í mörg ár verið eins konar andlit íslenskrar kvennaknattspyrnu út á við og hún er einmitt núverandi fyrirliði landsliðsins. Ung að aldri vakti Ásthildur athygli vegna getu sinnar á knattspyrnuvellinum og fljótlega var ljóst að þessi hávaxna ljóshærða stúlka ætti eftir að ná langt á þeim vettvangi. Ásthildur hefur þrisvar verið valin knattspyrnukona ársins, íþróttamaður Kópavogs árið 1996, íþróttamaður Reykjavíkur árið 2002 og hefur tvisvar lent í þriðja sæti í kjöri íþróttamanns ársins, árin 2003 og 2005. Auk þess hefur Ásthildur níu sinnum orðið Íslandsmeistari með Breiðablik og KR.

Ásthildur er verkfræðingur að mennt, en þá menntun fékk hún frá Vanderbilt-háskóla í Nashville í Tennessee í Bandaríkjunum. Ásamt námi þar stundaði hún knattspyrnu með skólaliðinu. Þó að Ásthildur spili nú knattspyrnu í Svíþjóð býr hún í Kópavogi og starfar á verkfræðistofunni Línuhönnun auk þess að vera í bæjarstjórn Kópavogsbæjar fyrir hönd sjálfstæðismanna.

Ásthildur er í nautsmerkinu, fædd 9. maí 1976 í Reykjavík. Snemma fluttist hún þó út til Svíþjóðar þar sem hún bjó til fimm ára aldurs en þá flutti hún í Kópavoginn. Það er því kannski hægt að segja að fljótt hafi orðið ljóst hvað yrði, því það er sama við hvern er talað, allir segja að Ásthildur sé á eilífu flakki og upp á síðkastið hefur það flakk einmitt aðallega verið á milli Svíþjóðar og Íslands. Ásthildur er mjög ákveðin manneskja og ef hún setur sér einhver markmið helgar hún sig þeim markmiðum algjörlega. Gott dæmi um það er þegar Ásthildur lenti í erfiðum meiðslum á sínum knattspyrnuferli en þá var hún ákveðin í því að ná sér að fullu aftur. Hún æfði grimmt, oftast ein, og passaði sig á því að leggjast ekki í neitt þunglyndi þótt á móti blési.

Ásthildur er mjög virk stelpa og hefur alltaf verið. Á hennar yngri árum þurfti að fara ófáar ferðirnar með hana og systur hennar, Þóru B. Helgadóttur, á slysadeildina vegna beinbrota og annara áverka enda léku þær systur sér í fótbolta frá morgni til kvölds. Ásthildur er fimm árum eldri en Þóra, en var þó dugleg að taka litlu systur sína með á fótboltavöllinn. Þær systur eru bestu vinkonur og mjög nánar.

Það er sama við hvern er talað, allir sem til Ásthildar þekkja segja hana vera mjög klára og metnaðarfulla, enda segir það sig sjálft að maður hristir ekki verkfræðimenntun fram úr erminni. Kunnugir segja að stundum finnist þeim hún taka sér of mikið fyrir hendur, en hún klárar samt ávallt það sem hún ætlar sér.

Fyrrverandi þjálfari Ásthildar segir að hún sé mikill leiðtogi, bæði inni á knattspyrnuvellinum og einnig utan hans, sem sést kannski best á því að hún er fyrirliði nánast hvar sem hún spilar og dregur liðið áfram þegar á reynir. Einnig þykir hún frábær félagi sem kann að slá á létta strengi, tekur sig ekki of hátíðlega, hefur mjög mikinn metnað og þar að auki óbilandi trú á sjálfri sér. Ásthildur er hrókur alls fagnaðar á mannamótum og hún á það m.a. til að stjórna hópsöng þó hún sé ekkert sérstaklega lagviss sjálf.

Vinkonur Ásthildar segja að hún sé fyrst og fremst valkyrja og mjög sjálfstæð manneskja og að hún njóti mikillar virðingar hvar sem hún kemur. Ásthildur á mjög góða fjölskyldu og fær mikinn stuðning frá henni. Ásthildur er ekki í sambúð og vinkonurnar segja að Ásthildur hafi ávallt verið róleg í strákamálum, enda beri hún mikla virðingu fyrir sjálfri sér og oft á tíðum ekki haft mikinn tíma fyrir skemmtanalíf vegna anna í fótboltanum og öðru. Þegar spurt er um helstu galla Ásthildar verður fátt um svör en þó helst hvað hún er alltaf upptekin. Enda ekki nema von að nóg sé að gera hjá stelpu sem spilar fótbolta í Svíþjóð, starfar á verkfræðiskrifstofu í Reykjavík og situr í bæjarstjórn Kópavogs.


Gerðu góð Kaup
SÍÐASTI DAGUR - KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Engin útborgun
100% lán

Verðdæmi
HYUNDAI GETZ
Árgerð 2005, ek.60 þús. Ásett verð
→1.200.000
Tilboð
→950.000
kr. 13.900 á mánuði*



Verðdæmi
RENAULT MEGANE II - SPORT TOURER
Árgerð 2005, ek.50 þús. Ásett verð
→1.800.000
Tilboð
→1.430.000
kr. 20.700 á mánuði*



Allt bílar í verksmiðjuábyrgð til ársins 2008.

*Bílasamningur: Engin útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði.
Afborganir háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Aukahlutir á mynd: Álfelgur á Getz, Dynamic aukahlutapakki á Renault.

Grjóthálsi 1, Reykjavík 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

bíla land B&L notaðir bílar
bilaland.is



Ferskt nýslátrað lambalæri
FERSKT LÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
975 KR.
Merkt verð 1299KR.
NÝSJÁLENSKAR FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð en á íslenskum nautalundum
FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
2498 KR.
KÍLÓVERÐ
bonus.is
Frábært um helgina!
25% afsláttur við kassann
...fyrir góðan dag!
Bragð sem allir elska!
EKKERT BRUÐL
Svínalundir frosnar írskar
FROSNAR SVÍNALUNDIR
kílóverð:
1698 KR.
Kjúklingabringur frosnar danskar 900g
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki
EKKERT BRUÐL
...fyrir góðan dag!
20% afsláttur við kassann
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Frosið KS lambafille með puru/haustslátrun 2006
ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans
LAMBASTEIK ÚR LAMBALÆRI
ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
NAUTASTEIK
ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans
GRÍSASTEIK
POTTAGALDRAR
LAMB ISLANDIA
LAMB ISLANDIA
Grísasteik
25% afsláttur við kassann
Tilboð á beinlausum helgarsteikum: SJÁÐU ÚRVALIÐ!
www.bonus.is
BÓNUS

- Lifandi tónlist í dag
- Ókeypis andlitsmálning, alla helgina
- Hoppkastali, alla helgina
- Körfuboltakeppni á vegum Breiðabliks
- 25% afsláttur á allar barnasýningar í Smárabíói um helgina

21.–24. september

# Tilboðsdagar í Smáralind!

## Fyrir e-korthafa og e² Vildarkorthafa

Körfubolta-keppni
Verðlaun í boði Útilífs
kl. 14–16 laugardag
kl. 14–16 sunnudag

Um helgina eru tilboðsdagar fyrir e-korthafa og e² Vildarkorthafa í Smáralind. Tilboð samstarfsfyrirtækjanna eru hvert öðru glæsilegra og því eins gott að missa ekki af einstöku tækifæri til að gera frábær kaup! Fjölbreytt skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. Sjáumst!



Djassbandið
Flís
hjá Te og kaffi
kl. 15–17 laugardag

Smáralind

Fiton/SÍA

## Tilboð fyrir korthafa í Smáralind í dag og á morgun

| Samstarfsfyrirtæki | Alltaf föst endurgreiðsla | Tilboð fyrir korthafa í Smáralind í dag og á morgun |
|---|---|---|
| BT | 1,50% | |
| Byggt og búið | 2% | 15% afsláttur af öllum pottum og pönnum |
| Café Adesso | 5% | Kaffi og terta **690 kr.** |
| Carat – Haukur gullsmiður | 5% | 10% afsláttur af öllum úrum |
| Coast | 2% | 25% kynningarafsláttur af öllum vörum |
| Debenhams | 2% | 20% afsláttur af barna- og herrafatnaði |
| Dorothy Perkins | 2% | 20% afsláttur af gallabuxum |
| Evans | 2% | 40% afsláttur af pilsum og kjólum |
| Hagkaup | 0,65% | 20% afsláttur af leikföngum |
| Herragarðurinn | 2% | |
| Hjörtur Nielsen | 5% | 20% endurgreiðsla af öllum vörum |
| Home Art | 5% | 15% endurgreiðsla af öllum vörum |
| Ís-inn | 10% | 20% endurgreiðsla af öllu |
| Joe Boxer | 10% | 20% endurgreiðsla af öllum vörum |
| Jói Fel | 5% | |
| Lyfja | 0,65% | 20% afsláttur af öllum vítamínum/guli miðinn |
| nammi.is | 10% | 20% endurgreiðsla af öllu |
| OASIS | 2% | 20% afsláttur af öllum bolum |
| Office 1 | 1,50% | 10% afsláttur af öllum vörum og **5.000 kr.** afsláttur af ferðatölvum – gildir ekki með öðrum tilboðum |
| Pizza Hut | 10% | **Tilboð fyrir 4 á 3.990 kr.**<br>Forréttur: Ostafylltar brauðstangir eða nachos<br>Aðalréttur: 2 miðstærðar pizzur af matseðli<br>Meðlæti: Kanna af gosi |
| Skífan | 2,50% | |
| Smárabíó | 2,50% | 25% afsláttur á allar barnasýningar |
| Smáraskóari | 2% | 15% afsláttur af skóviðgerðum og 15% afsláttur af skóáburði<br>Ath! Sýna þarf kort við komu |
| Subway | 3% | 6" skinkubátur, gos og kaka í eftirrétt á **500 kr.**<br>Ath! Gildir ekki með öðrum tilboðum og aðeins í Smáralind |
| Steinar Waage | 2% | 20% afsláttur af Peter Kaiser og Ara skóm |
| Top Man | 2% | 25% afsláttur af skyrtum |
| Top Shop | 2% | 25% afsláttur af öllum skóm |
| Útilíf | 2% | 20% afsláttur af barnafatnaði |

Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is
og e² Vildarkortið á www.e2.is

www.ekort.is
www.e2.is

# „Forvirkar rannsóknarheimildir“

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá átaksverkefnum, meðfæddri þvermóðsku, félagshyggjumúnderingu og fótlaga skóm. Ennfremur er rætt um afmælisbarn í þriðju persónu og undarlega fréttarunu um ógn við öryggi þjóðarinnar.

**LAUGARDAGUR, 16. SEPTEMBER**

### Átaksverkefni

Í dag skilst mér að tvö átaksverkefni séu í gangi, annars vegar á að fá Reykvíkinga til að eta fisk en ekki ket og hins vegar til að hjóla í stað þess að aka bíl. Hvorttveggja hið besta mál. En af meðfæddri þvermóðsku ákvað ég að gera hvorugt.

Við Sólveig fórum út að borða og Fjalakötturinn varð fyrir valinu. Af því að vegalengdin þangað að heiman er innan við 200 metrar neitaði Sólveig að leyfa mér að fara þangað á bíl, en þegar á staðinn var komið gat hún ekki neytt mig með sér í fiskátakið.



KJARTAN KJARTANSSON

Ég er reyndar bara svona þvermóðskufullur á sérstökum átaksdögum þegar einhverjir vilja ráðskast með mig. Hvunndags þegar ég fæ að vera í friði með mínar sérviskur vil ég fremur fisk en kjöt og hjóla fremur en keyri bíl.

Fjalakötturinn er fínn staður, það er að segja huggulegur veitingastaður, maturinn góður og verðið innan skynsamlegra marka.

**SUNNUDAGUR, 17.**

### Ljóð verður að lífgjafa

Í dag var aðalfundur Spes. Foringjarnir í því félagi, Njörður forseti og Össur formaður, eru kraftaverkamenn, því að nú er lítið ljóð um barn í Afríku sem Njörður orti fyrir næstum 40 árum orðið að lífgjafa afrískra barna, það er orðið að barnaþorpi í Lomé í Togo þar sem kátir krakkar njóta góðrar umönnunar.



KJARTAN STURLUSON

Meðan deilt er um það fram og aftur hvort þróunaraðstoð geri gagn og komist yfirleitt til skila fer hver einasta króna sem Spes aflar rakleiðis í uppbyggingu og rekstur barnaþorpsins og stjórnarmenn í samtökunum borga kostnað vegna ferðalaga og fundahalda beint úr eigin vasa.

„Sá sem bjargar einu barni bjargar mannkyninu,“ eru einkunnarorð Spes.

Þegar ég var orðinn uppiskroppa með ráð til að bjarga mannkyninu frétti ég af Spes og finnst ég ekki alveg jafn gagnslaus síðan.

Í dag voru kosningar í Svíþjóð og allt útlit er fyrir að Göran Persson og sósíaldemókratar fái fúlan bakstur og íhaldið sem Friðrik Reinfeldt hefur dubbað upp í félagshyggjumúnderingu og fótlaga skó taki við stjórn landsins.

Kratarnir hafa bara gott af því að hvíla sig frá landsstjórninni um stund. Það er nauðsynlegt fyrir alla að breyta um ríkisstjórn af og til.



KJARTAN ÓLAFSSON

**MÁNUDAGUR, 18.**

### Afmælisbarn í þriðju persónu

Litla Sól á afmæli í dag, þriggja ára, sem er auðvitað merkisafmæli. Í heila viku hefur hún talað um sig í þriðju persónu sem „afmælisbarnið“ allar götur síðan ég álpaðist til að segja henni að hún ætti afmæli á næstunni og yrði þar af leiðandi afmælisbarn.

„Úbs, afmælisbarnið sullaði niður á sig,“ segir hún og setur upp hátignarsvip.

Frökenin tók með sér afmælis(súkkulaði)köku á leikskólann í morgun og í kvöld gerðum við okkur dagamun þótt afmælishátíðin sjálf verði ekki fyrr en um næstu helgi.

**ÞRIÐJUDAGUR, 19. SEPT.**

### Vindurinn sem skekur stráin

Aðalkosturinn við að vera meðlimur í Evrópsku kvikmyndaakademíunni er að maður fær á hverju ári sent úrval af 40 til 50 bestu myndum sem gerðar eru í álfunni.

Tilgangurinn er sá að félagar í akademíunni kjósi síðan „bestu myndina“, „besta handritið“, „besta leikarann“ og svo framvegis og svo er haldin hátíð þegar Evrópsku kvikmyndaverðlaunin, Felix, eru afhent.

Ég er latur að kjósa - nema af þjóðræknisástæðum.

Ég er samt hræddur um að þjóðremban verði útundan hjá mér þetta árið því að í kvöld horfðum við á mynd eftir einn af mínum eftirlætisleikstjórum, Ken Loach, „The Wind That Shakes the Barley“ (Vindurinn sem skekur stráin). Snilldarverk um fólk í stríðshrjáðu landi sem leiðir hugann að þeim hörmungum sem nú ganga yfir Írak - og við Íslendingar gengumst í ábyrgð fyrir.

**FIMMTUDAGUR, 21. SEPT.**

### Hefðbundinn fíflagangur yfirvalda

Stórfrétt í Fréttablaðinu þar sem fullyrt er að löggan sé að rannsaka „mál sem flokkast undir þjóðaröryggismál“.

Þetta „þjóðaröryggismál“ snýst um mann „af erlendum uppruna“ (að sjálfsögðu) sem er talinn hafa „lagt sig fram um að kynna sér meðferð sprengiefnis og sprengjugerð“.

Mér þótti þetta lúmsk frétt.

Ekki síst vegna þess að fingraförin á henni vitnuðu um hefðbundinn fíflagang yfirvalda: Fyrst er fréttinni lekið. Svo vill enginn kannast við að hafa lekið henni. Ekki benda á mig. Enginn vill kannast við neitt. Samt vill enginn neita neinu. Enginn vill láta hanka



KJARTAN ÓLAFSSON


3 starfsmenn Þjó
höndum, og flutti
og útgáfa blað
Einar Olgeirsson al
þeirra sem






# Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar



KJARTAN GUÐJÓNSSON

sig.

Ingimundur varalögreglustjóri vildi ekki staðfesta fréttina og sagði „að hann tjáði sig ekki um einstök mál“ (hvað svo sem maðurinn heldur að hann eigi við með því og hvernig sem hann heldur að hægt sé að komast gegnum lífið án þess að tjá sig um „einstök mál“?).

Næstur til að víkja sér undan svörum var aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra sem vísaði fyrirspurn um málið á húsbónda sinn sem Fréttablaðið segir að sé erlendis um þessar mundir.

Og bláeygur fréttamaður skrifar fréttina á



KJARTAN JAKOB HAUKSSON

eigin ábyrgð en ekki þeirra sem töldu sig hafa hagsmuni af því að fá hana birta - „þú mátt ekki bera mig fyrir því“ - án þess að slá á þráðinn til útlanda og leyfa ríkislögreglustjóranum að tjá sig um þetta stórkostlega og stórkostulega mál.

Oft hefur nú verið haft samband við dómsmálaráðherrann okkar út af minna tilefni en aðsteðjandi hættu að öryggi þjóðarinnar en að þessu sinni var hann



KJARTAN ÓLAFSSON

fjarri góðu gamni. Áberandi fjarri.

Lúmskast var samt að sjá hvernig fréttin þróaðist og eignaðist afkvæmi í öðrum fjölmiðlum þegar leið á daginn.

Á netinu núna sé ég vitnað í „sérfræðinga“ sem sagðir eru „á vegum Evrópusambandsins“ og hafi lagt fram skýrslu þar sem er bent á „takmarkaðar heimildir“ lögregluyfirvalda hér á landi til að rannsaka mál. Er þar um að ræða svokallaðar „forvirkar rannsóknarheimildir“, þ.e. heimildir til að rannsaka mál ef ekki er rökstuddur grunur um refsivert athæfi.

„Takmarkaðar heimildir“ eru eins og nafnið bendir til ætlaðar



KJARTAN GUNNARSSON

til að forða lýðræðinu frá því að breytast í lögregluríki ótakmarkaðra rannsóknarheimilda.

„Forvirk rannsóknarheimild“ er einfaldlega það sem á mannamáli heitir „ótakmörkuð heimild“ til að hlera síma eða koma fyrir földum myndavélum - ekki bara hjá Kjartani Ólafssyni ritstjóra heldur hjá öllum sem heita Kjartan og öllum sem EKKI heita Kjartan án þess að viðkomandi séu grunaðir um sosum eitt eða neitt en gaman væri að finna eitthvað sem hægt væri að nota á helvítin.

Ég er á móti skerðingu á borgaralegum réttindum. Ég vil fremur þola ógn af erlendum hryðjuverkamönnum en innlendum yfirvöldum og lögreglu.

Og ég vil ekki láta misnota Fréttablaðið til að birta óstaðfestar æsifréttir um ógn af „erlendum“ hryðjuverkamönnum - til að hræða fólk til að samþykkja „forvirkar rannsóknarheimildir“ - æsifréttir sem svo eru barnaðar af nytsömum sakleysingjum eða meðreiðarfólki á öðrum fjölmiðlum.

Sveiattan!


…ðviljans teknir
…r af landi burt,
…sins bönnuð--
…þingismaður meðal
…teknir voru.


Síminn




# Síminn færir þér bestu myndgæðin og bíó heima í stofu

Öflugasta fjarstýringin á Íslandi stendur öllum þeim til boða sem eru með ADSL þjónustu hjá Símanum!* Með henni færðu Skjáinn þar sem þér býðst yfir 60 skemmtilegar erlendar sjónvarpsstöðvar í gæðum sem eiga engan sinn líka á Íslandi. Að auki færðu aðgang að SkjáBíói þar sem þú leigir bíómyndir heima í stofu, þegar þér hentar.

Í boði á Skjánum

SKJÁREINN SKJÁRHEIMUR SKJÁRBÍÓ SKJÁRSPORT

NFS SÝN SIRKUS

Til að fá Skjáinn og bestu myndgæðin ásamt SkjáBíó ferðu á sölustaði Símans eða hringir í **800 7000**.
Til að fá Stöð 2 og Sýn í bestu myndgæðum á Skjánum hringir þú í þjónustuver 365 í síma **5156100**.

* Ef tæknilega er mögulegt

ENNEMM / SÍA / NM23277

**SIGMUND FREUD (1856-1939) LÉST Á ÞESSUM DEGI.**



*„Siðmenningin hófst þegar einhver sem reiddist bölvaði og skammaðist í stað þess að kasta grjóti.“*

***Sálfræðingurinn austurríski er oftar en ekki nefndur faðir sálgreiningarinnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. SEPTEMBER 1846

## *Neptúnus kemur í leitirnar*



NEPTÚNUS

Á þessum degi árið 1846 uppgötvaði þýski stjörnufræðingurinn Johann Gottfried Galle reikistjörnuna Neptúnus. Neptúnus er áttunda plánetan frá sólu. Franski stjörnufræðingurinn Urbain-Jean-Joseph Le Verrier setti upphaflega fram kenningu um tilvist plánetunnar og mældi staðsetningu hennar með því að reikna út jafnvægissveiflur í hreyfingum Úranusar. Hinn 23. september árið 1846 lét Le Verrier Galle vita af niðurstöðum sínum og sama kvöld kom sá síðarnefndi auga á reikistjörnuna frá stjörnuskoðunarstöð sinni í Berlín. Á rúmum sólarhring mældi stjörnufræðingurinn hreyfingar plánetunnar í samanburði við stjörnur í bakgrunni og staðfestu þær athuganir að um reikistjörnu væri að ræða.

Ummál Neptúnusar er fjórum sinnum meira en ummál jarðar. Plánetan er umlukin bláu gasi og er nafn hennar dregið af rómverska sjávarguðinum Neptúnusi. Fimm hringir eru umhverfis reikistjörnuna, þrír bjartir og tveir dimmir og af átta tunglum hennar er Tríton það stærsta. Það tekur hana 165 ár að fara einn hring umhverfis sólu. Árið 1989 kom fyrsta geimfarið frá jörðu til Neptúnusar en það var bandaríska geimfarið Voyager 2.

## MERKISATBURÐIR

- **951** Ottó mikli verður konungur Ítalíu.
- **1241** Snorri Sturluson er veginn í Reykholti.
- **1719** Liechtenstein lýsir yfir sjálfstæði frá Þýskalandi.
- **1835** Skipið HMS Beagle, með Charles Darwin um borð, siglir til Karlseyju í Galapagoseyjaklasanum.
- **1942** Sovétmenn snúa vörn í sókn í Stalíngrad.
- **1943** Tæplega 300 lögskilnaðarsinnar afhenda Alþingi áskorun um að ganga ekki frá sambandsslitum við Dani að svo stöddu.
- **1973** Fellibylurinn Ellen gengur yfir Ísland.
- **1994** Minnismerki afhjúpað á Öxnadalsheiði í tilefni þess að allur vegurinn milli Akureyrar og Reykjavíkur hefur verið malbikaður.

# Séra Jónasar frá Hrafnagili minnst

Í tilefni af 150 ára fæðingarafmæli séra Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili í ár var opnuð sýning honum til heiðurs í Þjóðarbókhlöðunni í gær undir yfirskriftinni Sú þrá að þekkja og nema ... Í dag fer enn fremur fram málþing um séra Jónas og verk hans.

Jónas fæddist 4. ágúst 1856 á Úlfá í Eyjafjarðardal, sonur hjónanna Guðríðar Jónasdóttur og Jónasar Jónssonar. Hann lauk embættisprófi 1883, tók prestsvígslu og þjónaði í Grundarþingum í Eyjafirði í um 25 ár. Seinna starfaði Jónas sem kennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri. Árið 1915 stóð séra Jónas fyrir heimildasöfnun um þjóðhætti, þjóðsiði, trú og venjur hér á landi. Afrakstur söfnunarinnar kom út í bókinni Íslenskir þjóðhættir sem fyrst var gefin út árið 1934 og er ein verðmætasta heimild okkar um íslenskan menningararf.

Á málþinginu flytja sex fyrirlesarar jafnmörg erindi um Jónas. Farið verður vítt og breitt um sviðið, meðal annars verður fjallað um ævi hans og fjölskylduhagi og verk hans sett í alþjóðlegt samhengi.

Málþingið fer fram í Þjóðarbókhlöðunni og hefst klukkan 13. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu Þjóðarbókhlöðunnar, bok.hi.is.



**JÓNAS FRÁ HRAFNAGILI** Tók saman íslenska þjóðhætti og gaf út í samnefndu riti.



†

*Elskulegur sonur okkar, faðir, unnusti, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Kári Breiðfjörð Ágústsson**
Flúðaseli 74, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni, mánudaginn 25. september kl. 13.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Kolbrún Ólafsdóttir** **Hörður Eiðsson**
**Ágúst Elbergsson** **Árný B. Kristinsdóttir**
**María Erla B. Káradóttir**
**Emma Kolbrún B. Káradóttir**
**Snædís Sól B. Káradóttir**
**Loredo Castilla.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


Legsteinar
Kynningarafsláttur af
völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur
Steinsmiðjan Rein
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is



**GUNNLAUGUR SÆVAR** Hefur verið stjórnarformaður TM undanfarin fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

GUNNLAUGUR SÆVAR GUNNLAUGSSON: STJÓRNARFORMAÐUR ÁRSINS

# Tekur þessu með stóískri ró

„Ég neita því ekki að ég varð mjög glaður að fá þessi verðlaun,“ segir Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður Tryggingamiðstöðvarinnar, sem valinn hefur verið stjórnarformaður ársins 2006. Í fyrsta sinn er nú stjórnarformaður ársins valinn með formlegum hætti hér á landi.

Jón Sigurðsson, viðskipta- og iðnaðarráðherra, afhenti Gunnlaugi verðlaunin á Nordica hóteli á fimmtudag en Gunnlaugur fékk flest stig í könnun sem var gerð meðal framkvæmdastjóra og stjórnarmanna á Íslandi. „Þetta er fyrst og fremst ánægjulegt þótt það fari kannski minna fyrir praktísku gildi,“ segir Gunnlaugur, sem hefur verið stjórnarformaður TM í fjögur ár. Á þeim tíma hefur hagnaður félagsins aukist jafnt og þétt og starfsemi erlendis hefur verið aukin.

Hann telur að stjórnarformenn eigi að vera íhaldssamir og fastheldnir frekar en hitt. „Án þess að vera að hugsa um sjálfan mig, þá held ég að góður stjórnarformaður þurfi að vera vel að sér í þeim rekstri sem undir hann heyrir, hann þarf að hafa ákveðna sýn á hvert fyrirtækið er að fara og þarf að geta valið gott fólk til trúnaðarstarfa í félaginu.“

Verðlaunin eiga sér norska fyrirmynd og er tilgangur þeirra að skapa umræðu, vekja athygli á mikilvægi og gæðum stjórnarstarfa og stuðla að bættu viðskiptasiðferði. „Ég held að það sé alltaf ágætt að reyna að bæta hluti og stuðla að betra viðskiptasiðferði. Ég held að stjórnarstörf á Íslandi hafi tekið miklum framförum á undanförnum árum. Vinnubrögð eru orðin agaðri og stjórnarmenn betur upplýstir en áður var og virkari í störfum. Ég held að það eigi almennt við um fyrirtæki á Íslandi.“

Þótt stoltur sé af verðlaununum kveðst Gunnlaugur Sævar ekki ætla að halda sérstaklega upp á að vera orðinn stjórnarformaður ársins. „Ég tek þessu með stóískri ró.“ **bergsteinn@frettabladid.is**

# Erla formaður Heimdallar

„Ég er alveg í skýjunum,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, sem kjörin var formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, á fimmtudagskvöld. Erna hlaut 772 atkvæði á móti 692 atkvæðum Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, en aldrei hafa jafn mörg atkvæði verið greidd á aðalfundi Heimdallar.

Erla boðar nýjar áherslur en þó ekki róttækar breytingar í starfi félagsins. „Undanfarin tvö ár hefur verið unnið öflugt starf sem við viljum halda áfram. Við ætlum hins vegar að víkka út málefnasviðin þannig að flestir geti tekið þátt í starfinu.“

Erla er 28 ára gömul, fædd og uppalin í Stykkishólmi og stundar meistaranám í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands. „Ég á lokaritgerðina eftir og fer að hella mér í hana, auk þess sem ég vinn hjá markaðsdeild Landsbankans,“ segir Erla Ósk, sem kann félögum sínum og stuðningsmönnum bestu þakkir fyrir árangurinn í formannsslagnum.



**ERLA ÓSK** Boðar nýjar áherslur en þó ekki róttækar breytingar.

## AFMÆLI



**Hjálmar H. Ragnarsson,** tónskáld og rektor, er 54 ára.



**Friðþór Eydal,** upplýsingafulltrúi Varnarliðsins, er 54 ára.



**Bragi Guðbrandsson,** forstjóri Barnaverndarstofu, er 53 ára.



*Láttu drauminn rætast!*

# 30%

## afsláttur

## af

## sérsmíðuðum sófasettum

þú velur áklæði,
stærð og gerð og við
smíðum fyrir þig

Einungis fáanlegt í Hagkaupum
Smáralind og á Akureyri

Gildir til 5. Október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



allt í matinn
meira fyr
þú sparar 538 kr/kg
GOÐI
30%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.256 kr/kg
Verð áður 1.794 kr/kg
Gourmet lambalæri ferskt
þú sparar 360 kr/kg
40%
afsláttur við kassa
Verð nú 539 kr/kg
Verð áður 899 kr/kg
Fjörfiskur - nætursaltaðir ýsubitar
þú sparar 596 kr/kg
40%
afsláttur við kassa
Verð nú 893 kr/kg
Verð áður 1.489 kr/kg
Fjörfiskur - grill íslensk vatnableikja
þú sparar 144 kr/pk
40%
afsláttur við kassa
Verð nú 215 kr/pk
Verð áður359 kr/pk
Fjörfiskur - rækja 500 gr.
GOÐI
2 fyrir 1
GOÐI
Goða pylsur
HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
1 kg. af Náttúru hrísgrjónum fylgir frítt með
ÍSFUGL
Ísfugl kalkúnaborgarar steiktir
CRESCENDO
RISING CRUST PIZZA
PIZZA LEVE AU FOUR
4 CHEESE
4 FROMAGES
PEPSI
599 kr/pk
McCain pizza + Pepsi 2 ltr.
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 23. september til 24. september. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi



á einum stað
rir minna
þú sparar 583 kr/kg
GOÐI
30%
afslátturviðkassa
Verð nú 1.361 kr/kg
Verð áður 1.944 kr/kg
Gourmet lambahryggur ferskur
þú sparar 367 kr/kg
43%
afslátturviðkassa
Verð nú 499 kr/kg
Verð áður 866 kr/kg
BK saltkjöt blandað
þú sparar 179 kr/kg
50%
afslátturviðkassa
Verð nú 179 kr/kg
Verð áður 358 kr/kg
Saltkjöt ódýrt
Humarveisla
999
kr/kg
Humar 1 kg.
þú sparar 613 kr/kg
33%
afslátturviðkassa
Verð nú 1.245 kr/kg
Verð áður 1.858 kr/kg
SS ítölsk helgarsteik
frábært verð
89
kr/stk
Toppur 1.5 ltr.
netto

# *Hér kemur stjórnandi þáttarins...*
# Heeeeeemmmi Gunnnnnn

Árið 2006 er tímamótaár fyrir **Hermann Gunnarsson**. Og þar með þjóðina alla. En sá Hemmi sem þjóðin þekkir af skjánum er aðeins önnur hliðin á peningnum, án þess að hér sé sagt að Hemmi sé tvöfaldur í roðinu. Ekki eiga allar sögur af Hemma endilega erindi við almenning. Enda Hemmi margbrotin persóna og stundum flókin. *Fréttablaðið* fékk nokkra samferðamenn Hemma til að segja af honum sögur.

**MAGNÚS KJARTANSSON** TÓNLISTARMAÐUR

## *Margbrotin persóna*

„Þegar við fórum af stað með þættina Á tali var honum umhugað að gera eitthvað nýtt í sjónvarpi. Var því með keppni í skyráti og í sama þætti, sem var sá fyrsti, kom maður sem ætlaði að sýna þjóðinni hvað hann væri með vel þjálfaða hunda. Þátturinn fór örugglega tuttugu mínútur fram yfir áætlaðan dagskrártíma. Þegar þátturinn átti að vera búinn var fólk enn að borða skyr og hundarnir neituðu að sýna okkur allar þær listir í beinni útsendingu og þeir höfðu sýnt okkur fyrr um daginn. Fresta þurfti fréttunum en okkur fannst þetta samt ægilega fyndið og hlógum mikið.

En einn veturinn sem við vorum með þættina ætlaði ég að gera svakalegt átak og fara reglulega í sund. Hemmi hafði haft einhvern pata af þessu fyrirhugaða átaki mínu og hringdi alltaf í mig þegar ég var að synda. Þá lét hann laugarvörðinn hlaupa að bakkanum og sækja mig í laugina. Þegar ég kom upp úr og í símann, rennblautur og kaldur á skýlunni, fór hann yfir prógramm næsta þáttar í miklum smáatriðum. Ekki var ég fyrr farinn að synda aftur en ég sá laugarvörðinn koma hlaupandi á ný til að sækja mig í símann. Þá þurfti Hemmi að ræða dagskrá þáttarins enn frekar. Það varð því ekkert úr þessum fögru fyrirheitum mínum um sundátakið. Ég hef lengi haft Hemma grunaðan um að hafa verið að stríða mér, án þess að hafa nokkurn tíma fengið svör við þessu.“



**HALLDÓR EINARSSON** (HENSON) ATHAFNAMAÐUR

## *Elskaður af ekkju á Ísafirði*

„Ég kann ófáar sögur af honum Hermanni en fæstar þeirra eru prenthæfar,“ segir Halldór Einarsson, góðvinur Hemma Gunn. „Ég veit eiginlega ekki hvor sagan fær að flakka þannig að þær fjúka bara báðar,“ bætir hann við. „Hemmi var að stjórna samkomu á Súðavík og eins og svo oft áður var töluvert um að myndir væru teknar af honum. Þarna var hins vegar maður sem var alltaf á vappi í kringum sviðið og smellti af í gríð og erg þannig að Hemma þótti nóg og spurði hverra erinda maðurinn gengi. Maðurinn sagðist vera að vinna fyrir ekkju á Ísafirði sem hefði einungis elskað þrjá menn allt sitt líf; manninn sinn sáluga, Elvis Presley og Hemma Gunn,“ segir Halldór. „Hin sagan gerist hjá Bergi Guðnasyni sem hélt smá teiti til heiðurs Hemma en hann hafði þá fengið viðurkenningu fyrir hundrað landsleiki,“ segir Halldór og heldur áfram. „Hemmi hafði fengið litla styttu af manni sem teygði aðra höndina upp í loft. Þegar vel var liðið á selskapinn gerðist það að Hemmi settist á styttuna með þeim afleiðingum að hún stakkst inn í ofanvert lærið. Jón H. Karlsson, sem þá var nýbyrjaður í læknisfræði, fékk þarna sitt fyrsta verkefni, að girða niður um Hemma í stofunni og ná styttunni út. Var haft á orði að þarna hefði Hemmi fengið landsleikina í rassinn á sér.“



**GUÐJÓN GUÐMUNDSSON** ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

## *Kjaftstopp*

„Páll Magnússon hafði fengið Hemma til að lýsa meistaradeildinni á Sýn og ekkert mál með það. Hemmi undirbjó lýsingar sínar af kostgæfni og skrifaði inngang og svo framvegis. Hann fékk að vera á skrifborði Valtýs Bjarnar sem var einhvers staðar fjarri góðu gamni. Sími Valtýs hringdi hins vegar látlaust og var Hemmi orðinn frekar svona pirraður á að svara. Og brestur þolinmæðina þegar enn og aftur er spurt um Valtý og segir: „Já, nei. Hann er ekki við. Hann fór að kaupa sér skó. Það er útsala í búðinni Krakkar.“ „Já, vildirðu biðja hann um að hringa heim þegar hann kemur. Þetta er konan hans.“ Ekki oft sem Hemmi verður kjaftstopp en það var þarna.“



**UNNUR STEINSSON** ATHAFNAKONA

## *Systir Heimis Steinssonar*

„Hemmi er náttúrlega einstaklega stríðinn og hefur mjög sérstakan húmor, eins og landsmenn þekkja. Við unnum saman við þættina Happ í hendi sem voru sýndir í Sjónvarpinu á þeim tíma sem Heimir Steinsson var útvarpsstjóri. Ég var aðstoðarmanneskja í þáttunum, nýbyrjuð í sjónvarpi og eðlilega voðalega viðkvæm fyrir allri stríðni. Hemmi kynti salinn oft upp með því að segja brandara fyrir útsendingar og í eitt skiptið var ég á leið framhjá upptökusalnum þegar Hemmi segir: „Þetta er hún Unnur, systir hans Heimis. Þannig fékk hún vinnuna.“ Ég stóð þarna eins og kjáni og salurinn gleypti við þessu. Allir héldu að ég væri skyld honum. Ég var í marga mánuði á eftir að reyna að leiðrétta þennan misskilning, meira að segja við aðra starfsmenn sjónvarpsins.“





**RAGNA FOSSBERG** SMINKA

## *Tunglið hans Hemma*

„Ég man eftir því þegar Hemmi fór fyrst að fá skalla. Í fyrsta skiptið sem ég spurði hvort ég ætti að greiða yfir tunglið fékk hann dálítið sjokk og þurfti að fá spegil til að athuga málið. Honum fannst ég náttúrlega voðalega ósanngjörn að vera að benda honum á þetta. Svo var þetta gegnumgangandi brandari hjá okkur, hvernig tunglið liti út þann og þann daginn. Þegar hann kom svo aftur til okkar eftir dvölina í Taílandi hélt ég að hann væri búinn að fá sér einhvern hártopp, hárið á honum var svo þykkt að framan eitthvað. En svo var víst ekki.“

**BERGUR GUÐNASON** LÖGMAÐUR

## *Hrekkjusvín*

„Hemmi var hrekkjóttur í gamla daga og gat verið alveg hamslaus, jafnvel við sína bestu vini. Hemmi var ágætis eftirherma og hringir eitt sinn í félaga sinn Elías Hergeirsson, sem var þá í stjórn knattspyrnuráðs Reykjavíkur, og þykist vera Sigurður Sigurðsson útvarpsmaður, sem hann náði asskoti vel. Hann bað Elías að taka saman fyrir sig úrslit úr öllum knattspyrnuleikjum sumarsins; A, B, C og D lið í öðrum, þriðja, fjórða og fimmta flokki karla og kvenna. Hann yrði að fá þetta strax eftir helgina því hann ætlaði að vera með sérstakan þátt sem fjallaði um árangur félaganna í yngri flokkunum. Þetta var náttúrulega svakalegt verkefni, því Elías þurfti að tína þessar upplýsingar til úr öllum áttum. Ég held að Hemmi hafi látið aumingja manninn engjast í sólarhring áður en hann hringdi í hann og sagði að þetta hefði bara verið í gamni.“



**RAGGI BJARNA** SÖNGVARI

## *Bjó til Þröst og Bíbí*

„Hemmi er alveg ótrúlegur grallari og það vita það nú eiginlega flestallir sem þekkja hann vel. Hann lýgur að manni og ruglar mann upp úr skónum og hefur óhemju gaman af því. „Þegar við vorum í Sumargleðinni þá var það heilt sumar að hann bjó til par sem hét Þröstur og Bíbí. Þegar stóru böllin voru á laugardögum voru þau alltaf að gera einhver ósköp af sér úti í sal sem Hemmi fann upp á að þau væru að gera. Hann passaði sig alltaf á því að ég var alltaf niðri í kjallara þar sem maður skiptir um föt. Síðan veinaði hann á mig og strákabjálfarnir tóku alltaf þátt í þessu. Ég hljóp alltaf upp til að sjá þetta. Það var svo spennandi að vita hvað þau væru að gera af sér því hann bjó til alls konar hryllingssögur um það. Og ég upp á þúsund og beint inn á svið og þá sagði Hemmi alltaf: „Andskotinn, þú ert nýbúinn að missa af þessu, þau voru að fara út.“ Þetta gerði hann við mig í heilt sumar og ég fattaði þetta aldrei. Við héldum síðan lokapartý á Sögu og þá var hlegið alveg óskaplega að þessu.“



## ÁRIÐ HANS HEMMA

**1966** Fer allt að gerast í lífi Hemma sem þá er á 20. aldursári. Hann lýkur þá Versló og útskrifast sem bisnessmaður. Nokkrum vikum áður var hann valinn í landsliðið í handbolta og spilaði sinn 1. landsleik við Pólverja og þá Dani í undankeppni heimsmeistaramóts. Á miðju sumri 1966 er Hemmi valinn aftur í landsliðið í fótbolta og verður auk þess Íslandsmeistari með Val í fyrsta skipti. Þetta sama ár er hann fastráðinn á Ríkisútvarpinu - Gömlu gufunni og var þá með Lög unga fólksins. Hemmi hefur því verið 40 ár í útvarpi.



**1981** Hemmi er fenginn til að stjórna Áramótaskaupi Sjónvarpsins og hófst þar með glæstur sjónvarpsferill Hemma. Þetta þýðir að Hemmi á 25 ára starfsafmæli sem sjónvarpsmaður.



**1986** tók Hemmi þátt í stofnun Bylgjunnar þar sem hann hefur verið með annan fótinn síðan.

**2006** Og Hemmi mun í desember hinn 9. verða sextugur!

„Já, með pompi og prakt. Eða...,“ segir Hemmi um komandi afmæli. Flókið verður að toppa 50 ára afmælið en þá mættu rúmlega þúsund manns og 230 skemmtikraftar stigu á stokk.



„Öll flóran. Allt frá geggjuðu rokki upp í Karlakór Reykjavíkur. Q4U og Hljómarnir í upprunalegri mynd. Ég hef ekkert ákveðið enn. Annað hvort læt ég mig hverfa eða held upp á það. Það þýðir ekkert kaffi milli þrjú og fimm.“



**HEMMI GUNN** Hemmi er líklega einn hláturmildasti maður landsins og þó víðar væri leitað. Og landsmenn þekkja ekki nema brot af öllu gríninu.

**ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON (LADDI)** SKEMMTIKRAFTUR

## Þekkti mig ekki sem Elsu Lund



„Það var ansi skondið þegar Elsa Lund kom fyrst fram á sjónarsviðið. Hemmi kallinn vissi að það var búið að plata mig til að leika einhverja kellingu og gera eithvað fyndið. Hann fylgdist hins vegar ekkert með því þegar ég og Bjössi Emils upptökustjóri bjuggum til gervið. Bjössi ákvað að við skyldum bara búa til rosa skutlu, sem varð auðvitað raunin með Elsu. Svo þegar ég var kominn í gervið réðst ég beint á Hemma, fór að tala við hann og hanga utan í honum. Hemmi hreinlega þekkti mig ekki til að byrja með. Smám saman fór hann að fatta þetta en var aldrei alveg viss, enda var þetta svo ólíkt mér, rosaleg skvísa með flottar tennur og svona. Hemma greyinu fannst þetta mjög óþægilegt og ég auðvitað nýtti mér það vel, var alltaf utan í honum og káfaði á honum og fleira. Það er óhætt að segja að Hemmi var mjög feiminn og óöruggur í fyrstu tökunum.“

**ÓMAR RAGNARSSON** SJÓNVARPSMAÐUR

## Engan leikaraskap hérna!



„Sögur af Hemma Gunn? Við höfum sko átt nokkrar snerrurnar saman. Hemmi var einu sinn að spila kappleik með Val á Akureyri. Hann var algjör snillingur í að sóla varnarmennina og tók eina af sínum þekktu rispum, plataði hvern leikmanninn á fætur öðrum upp úr skónum þar til varnarmaður kom og keyrði hann niður. Hemmi spratt á fætur og horfði á Magnús Pétursson sem þá var að dæma en hann flautaði ekkert. Hemmi gekk að Magnúsi og spurði af hverju hann hefði ekki dæmt neitt, þetta hefði verið augljóst brot. Magnús brosti bara og sagði að fyrst Hemmi hefði verið svona snöggur upp væri þetta varla neitt til að væla yfir. Svo líður á leikinn og Hemmi tekur aðra rispu, sólar sömu mennina þar til að sami varnarmaðurinn keyrir hann niður. Hemmi rúllar eins og leikmenn gera oft í dag, liggur eftir og þykist vera sárþjáður en Magnús dæmir ekki neitt. Hemmi hleypur að honum og segir af hverju hann hafi ekki dæmt neitt núna. „Heyrðu karlinn minn,“ svarar Magnús ákveðið. „ Engan leikaraskap hérna!“

**JÓN ÓLAFSSON** SJÓNVARPS- OG TÓNLISTARMAÐUR

## Fatlafól

„Ég hef náttúrlega heyrt margar sögur af Hemma. Til dæmis þessa sem ég veit ekkert hvort er sönn. En þessum mönnum er trúandi til alls. Þannig var að fyrir mörgum mörgum árum voru þeir á erlendri grundu þeir Hemmi og Gylfi Kristinsson blaðamaður. Líklega verið þarna saman vegna einhvers íþróttaviðburðar sem þurfti að lýsa og skrifa um. Voru í einhverri flughöfn og rekast þá á hjólastól. Í góðu fjöri ákveða þeir að rétt sé að Gylfi keyri Hemma um í stólnum sem fatlaður sé. Á einhverju ákveðnu andartaki keyrir Gylfi á kant með þeim afleiðingum að Hemmi dettur úr stólnum. Drífur að múg og margmenni. En þá rís Hemmi upp og segir hátt og snjallt, mjög undrandi á svip: I can walk!“





Og til að rugla menn í ríminu enn á Hemmi nú 3 ára afmæli hins nýja lífs síns eða frá því hann fékk hjartaáfall og hvarf um hríð til annarra heima.



„Og nú er ég að byrja með nýjan þátt. „Í sjöunda himni“. Og verður ekki annað sagt en ég hafi kannað þann himinn nokkuð vel í gegnum tíðina.“




# Rússneski fleygurinn við Eystrasaltið

**Borgin Kalíníngrad bar í 700 ár nafnið Königsberg og var ein helzta miðstöð verzlunar og menningar Þjóðverja í austri. Svo kom síðari heimsstyrjöldin og breytti öllu.** *Auðunn Arnórsson* heimsótti borgina sem Rauði herinn sló eign sinni á.



**NÝ DÓMKIRKJA** Vladimír Pútín Rússlandsforseti og fleira fyrirfólk komu til Kalíníngrad í vikunni sem leið til að vera við vígslu nýrrar dómkirkju borgarinnar, sem patríarkinn af Moskvu, æðsti yfirmaður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, stýrði. Á „Sigurtorgi“ fyrir framan kirkjuna nýju stóð þar til í fyrra stærðarinnar stytta af Lenín. Hún var fjarlægð, að sögn vegna þess að fætur „föður Sovétríkjanna“ voru farnar að tærast illa. Segja má að Lenín hafi verið tákn fyrir yfirráðatilkall Rauða heimsveldisins yfir landsvæðinu og nýja dómkirkjan sé ámóta tákn um vald hins nýja Rússlands yfir því. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Við inngöngu Póllands og Litháens í Evrópusambandið 1. maí 2004 varð Kalíníngrad-hérað, sem tilheyrir Rússlandi, umlukt landsvæði ESB. Kalíníngrad-hérað (Kaliningradskaja Oblast) var fram til ársins 1945 norðurhluti Austur-Prússlands, austasta héraðs Þýzkalands, en þýzkir íbúar þess voru ýmist drepnir, þeir flúðu eða voru flæmdir á brott og svæðið var innlimað í Sovétríkin eftir stríðið. Allt fram til hruns Sovétríkjanna fyrir hálfum öðrum áratug var héraðið, sem er um 15.000 ferkílómetrar, lokað hernaðarsvæði í kringum flotastöð Rauða hersins í hafnarborginni Kalíníngrad, sem áður hét Königsberg.

Í héraðinu búa nú um 950.000 manns, svo til allt borgarar rússneska sambandsríkisins þótt þjóðernin skipti tugum. Tæplega helmingur íbúanna býr í Kalíníngrad-borg. Margir eru fyrrverandi hermenn sovézka hersins, fjölskyldur þeirra og afkomendur. Flotastöðina manna enn um 25.000 rússneskir hermenn.

### Bágborið efnahagsástand

Efnahagsástandið í héraðinu hefur verið mjög bágborið frá því verulega dró úr umsvifum hersins eftir upplausn Sovétríkjanna. Á síðustu fimm árum hefur þó miðað í framfaraátt, þótt enn sé spilling landlæg, glæpatíðni há og smitsjúkdómar útbreiddir. Tekjur fólks í Litháen og Póllandi eru enn sem komið er aðeins brot af meðaltekjum í Vestur-Evrópulöndum, eru þær samt mun hærri en íbúa Kalíníngrad.

Árið 2001 taldist samkvæmt opinberum tölum um þriðjungur íbúa Kalíníngrad lifa undir fátæktarmörkum. Nú kvað þetta hlutfall vera komið niður í um fjórðung. Félagsleg vandamál eru mikil. Héraðið hefur fengið orð á sig fyrir að vera gróðrarstía fyrir farsóttir – eyðni, berklar og lifrarbólga þeirra alvarlegastar – og fyrir eiturlyfjasmygl og -neyzlu, skipulagða glæpastarfsemi, óhefta mengun og rányrkju, og fleira miður æskilegt. Kalíníngrad er næstmesta uppspretta mengunar í Eystrasalti á eftir St. Pétursborg.

Þetta ástand hefur ýtt undir að ESB beitti sér fyrir hertu eftirliti á þessum nýju ytri landamærum sambandsins. Landamæraverðir nýju aðildarríkjanna hafa hlotið sérstaka þjálfun og útbúnir tækjum af fullkomnustu gerð, svo sem nætursjónaukum, til að eftirlitið verði eins skilvirkt og unnt er. Hið herta landamæraeftirlit og skylda Kalíníngrad-búa til að afla sér vegabréfsáritunar til að mega fara yfir landamærin að Litháen eða Póllandi, hefur að mestu bundið enda á umferð smáhöndlara yfir landamærin, sem annars hefur verið helzta lifibrauð margra þar síðustu ár. Smygl á rafi til skartgripagerðar og sölu á ferðamannamörkuðum í Riga og víðar hefur verið ein arðbærasta „svarta“ atvinnustarfsemin í Kalíníngrad, en megnið af því rafi sem til er í heiminum er að finna á sendnum ströndum héraðsins.

Sem dæmi um harða lífsbaráttu heimamanna má nefna að leigubílstjóri sem blaðamaður þáði far með í borginni - í 20 ára gamalli útjaskaðri Mözdu - sagði að til að barnið hans fengi inni á barnaheimili yrði hann að greiða leikskólastýrunni 1.000 Bandaríkjadali. Hann væri hins vegar ekki í neinni aðstöðu til að útvega slíkt fé þrátt fyrir að vinna öllum stundum.

### Samið við ESB um ferðafrelsi

Fáeinum dögum áður en aðildarsamningar Litháens og Póllands gengu í gildi 1. maí 2004 tókst loks samkomulag milli ESB og Rússlands um hvaða reglur skyldu gilda um ferðir fólks og vöruflutninga milli Kalíníngrad og rússneska móðurlandsins um litháískt og pólskt landsvæði. Rússnesk stjórnvöld höfðu krafizt þess að íbúar héraðsins, sem og allir aðrir borgarar Rússlands, mættu ferðast til þess og frá án þess að þurfa að sækja um vegabréfsáritun, þótt þeir þyrftu að fara um litháískt eða pólskt ESB-landsvæði í þessum tilgangi.

Það var hins vegar ekki svo einfalt fyrir ESB, Litháen og Pólland að heimila það, þar sem landamæri þeirra urðu ytri landamæri ESB og verða jafnframt ytri mörk Schengen-svæðisins eftir að nýju ESB-ríkin fá fulla aðild að Schengen-vegabréfasamstarfinu. En eins og kunnugt er á fólk almennt að geta ferðast svo að segja eftirlitslaust yfir öll innri landamæri Schengen-svæðisins. Lausnin fólst í útgáfu sérstakra feðraskilríkja fyrir Kalíníngrad-búa og einfaldaða ferðaáritun fyrir aðra rússneska borgara, sem ferðast landleiðina til hólmlendunnar.

Heimamenn sem höfundur hitti í Kalíníngrad sögðu þó að í reynd væru ferðafrelsinu mikil takmörk sett. Vissulega væri tiltölulega auðvelt fyrir þá að skreppa yfir landamærin til Litháens eða Póllands, en ef þeir vildu komast til að mynda til Svíþjóðar yrðu þeir að sækja um vegabréfsáritun í sendiráði í Moskvu, með tilheyrandi kostnaði og umstangi. Þetta ylli því að fæstir færu neitt lengra.

### „Sérstakt efnahagssvæði“

Á tíunda áratugnum, í beinu framhaldi af hruni Sovétríkjanna, reyndu rússnesk stjórnvöld að bæta þróunarhorfur héraðsins með því að lýsa það „sérstakt efnahagssvæði“ og reyna að draga að erlenda fjárfestingu með hagfelldum reglum þar að lútandi. Minna hefur þó orðið úr en vonir stóðu til. Þó virðist eitthvað vera að rofa til í þeim efnum. Hagvöxtur í Kalíníngrad hefur verið hátt í 10% frá árinu 2002, samkvæmt tölum frá héraðsyfirvöldum. Flest sjónvörp og ísskápar þekktra vestrænna framleiðenda, sem seld eru í Rússlandi, eru sett saman í Kalíníngrad þar sem íhlutirnir í þau eru tollfrjáls þar, en ekki í Rússlandi sjálfu. Brösulegar hefur gengið með fjárfestingar bílaframleiðenda. BMW, Kia og General Motors hafa samið um að setja upp samsetningarverksmiðjur í héraðinu. Starfsemi í þeim er nú að mestu komin í gang.

Norrænir fjárfestar og kaupsýslumenn eru meðal fyrstu vestrænu fjárfestanna sem hafa komið ár sinni sæmilega fyrir borð í Kalíníngrad. Dansk-norræna flutningafyrirtækið DFDS er til dæmis að hefja áætlunarskipaflutninga og ferjusiglingar til Kalíníngrad. Starfsmaður þess, sem blaðamaður hitti í borginni, segir það þó ekki heiglum hent að standa í viðskiptum á þessum slóðum. Þar séu hins vegar miklir möguleikar og það því fyrirhafnarinnar virði að bera sig eftir þessum viðskiptum. Lettneska flugfélagið Air Baltic er eina flugfélagið utan Rússlands sem býður upp á áætlunarflug til Kalíníngrad, frá Kaupmannahöfn og Riga.

### „Fjórða Eystrasaltsríkið“?

Þess er minnst þessa dagana í Kalíníngrad að 60 ár eru liðin frá því héraðið varð til sem stjórnsýslueining. Í fyrra var mikið um dýrðir í borginni í tilefni af 750 ára afmæli hennar, en Königsberg fékk borgarréttindi árið 1255. Borgarstjórinn í Kalíníngrad lýsti því yfir nýlega að borgin ætti að verða „evrópskari“ og enduspegla í framtíðinni betur þá fortíð sem hún átti fyrir eyðilegginguna árið 1945. Í því skyni eru uppi áform um að reisa eftirlíkingu af konungshöllinni þar sem hún stóð í yfir 700 ár, en hún var hin sögulega miðja borgarinnar, auk dómkirkjunnar sem nú hefur verið endurreist.

Í viðhorfskönnun sem félagsvísindastofnun í Kalíníngrad gerði vorið 2005 kom fram að um þriðjungur íbúa hólmlendunnar hafði aldrei komið til rússneska móðurlandsins. Önnur 26% höfðu aldrei farið þangað síðan Sovétríkin leystust upp árið 1991. Þrátt fyrir þetta kom fram í könnuninni að aðskilnaðarsinnar, sem aðhyllast hugmyndir um „fjórða sjálfstæða Eystrasaltsríkið“, eru tiltölulega fáir – aðeins um fimm prósent. Enda hafa ráðamenn í Moskvu gefið afdráttarlaust til kynna að þeir muni ekki líða neinar slíkar hugmyndir. Aftur á móti binda margir íbúanna vonir við að geta í framtíðinni tengst ESB nánar. Og með opnun norrænu upplýsingaskrifstofunnar hafa verið skapaðar betri forsendur fyrir efldum tengslum við Norðurlöndin.

audunn@frettabladid.is



**SOVÉZKA ARFLEIFÐIN** Þessi bygging, „Ráðstjórnarhúsið“, reis á rústum konungshallar Königsberg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÚSSNESKIR HERMENN** Setja enn svip á flotastöðina Kalíníngrad. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## ENDALOK KÖNIGSBERG

**Yfir sjö alda sögu borgarinnar Königsberg lauk með nær algerri eyðileggingu borgarinnar í lok síðari heimsstyrjaldar.**

Saga borgarinnar hófst með því að þýzka riddarareglan reisti þar kastala á þrettándu öld, en reglan herjaði þá á þessar slóðir í því skyni að kristna heiðnu þjóðirnar við austanvert Eystrasalt. Þangað flutti fjöldi fólks frá miðju Þýzkalandi, bæði til að stunda verzlun og landbúnað. Tunga hinna upprunalegu Prússa, sem var náskyld baltnesku málunum litháísku og lettnesku, dó út, og þýzka varð allsráðandi.

Königsberg-háskóli var stofnaður árið 1544, en orðstír hans varð mestur í tíð Immanuels Kant, sem lifði 1724-1804.

Frá árinu 1525 var Prússland hertogadæmi sem árið 1618 sameinaðist Brandenburg. Það varð konungdæmi árið 1701 og upp frá því voru allir konungar Prússlands krýndir í Königsberg.

Í lok júlí 1944 gerði brezki flugherinn sprengjuárásir á miðborgina sem lagði megnið af henni í rúst. Í janúar 1945 sótti Rauði herinn hratt inn í Austur-Prússland og íbúarnir reyndu þá að flýja. Miskunnarleysi stríðsaðila og vetrarhörkur urðu til þess að um 500.000 af þeim 2,4 milljónum manna sem bjuggu í Austur-Prússlandi týndu lífi á flóttanum. Hitler bannaði þeim hermönnum sem eftir voru til varnar Königsberg að gefast upp, en það gerðu þeir þó loks hinn 9. apríl 1945.



**FLÓTTI** Köningsberg-búar á flótta út úr rústum borgarinnar í apríl 1945.





**HEIMILDARMYND UM KANADAFERÐ**
Ævintýraleg jeppaferð á slóðir Vilhjálms Stefánssonar.
BÍLAR 2

**MAGNAÐIR MÁLMAR**
Gull, silfur, brons og hvers kyns málmáferð er það sem koma skal í haust og vetur.
TÍSKA 7



# allt



## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR TÍSKA MANNLEGI ÞÁTTURINN]**

**Sprengidagar** standa yfir í Bílaþingi Heklu, Kletthálsi 11 og hjá umboðsmönnum Heklu á Selfossi, Akureyri og í Reykjanesbæ. Mikið úrval notaðra bíla á góðu verði. Lokað verður hjá Bílaþingi Heklu á Laugavegi á meðan Sprengidagar standa.



**Mánudaginn** 25. september stendur Ferðafélagið Útivist fyrir göngu um Elliðaárdalinn. Lagt verður af stað kl. 18.00 frá stóra brúna húsinu í dalnum. Gangan tekur rúman klukkutíma. Nánar á www.utivist.is

**Make** up store, snyrtivöruverslunin, hefur opnað á 3. hæð í Kringlunni.

**Nýjasta** tölublað Útiveru var að koma úr prentun og er á leið til áskrifenda. Þeir sem ekki eru áskrifendur ættu að geta nálgast eintak í stærri bókaverslunum eða á helstu blaðsölustöðum. www.utivera.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 23. september, 266. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.13 | 13.20 | 19.26 |
| Akureyri | 6.57 | 13.05 | 19.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Daði og Gróa giftu sig síðastliðið sumar og keyrðu frá kirkjunni í þessum forláta fornbíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Brúðarbíllinn Krútta

***Daði Rúnar Jónsson og Gróa Ólöf Þorgeirsdóttir giftu sig í sumar. Brúðkaupsgestirnir ráku upp stór augu þegar brúðarbíllinn mætti á svæðið en þar var á ferð Mitsubishi Colt frá árinu 1992.***

„Við vorum búin að segja að brúðarbíllinn yrði fornbíll en enginn af gestunum vissi að það væri okkar fornbíll,“ segir Daði og hlær. Bíllinn er frá 1992 en Daði er búinn að eiga hann í um sjö ár. „Við höfum haldið í þrjú ár að hann væri að gefa upp öndina og alltaf þegar við förum með hann í bifreiðaskoðun höldum við að nú verði hann afskrifaður,“ segir Daði. „En hann sleppur alltaf í gegn og það er bara eitthvað smotterí að sem auðvelt er að laga.“

Skötuhjúin þorðu varla að fara með bílinn í skoðun á þessu ári af ótta við að hann myndi missa af brúðkaupinu. Viti menn, líkt og fyrr flaug bíllinn í gegnum skoðunina og gat því gegnt hlutverki brúðarbíls sem hann gerði með prýði. „Þrátt fyrir skoðunina vorum við búin undir það að hann færi ekki í gang fyrir utan kirkjuna,“ segir Daði. „Við vorum með menn tilbúna í að ýta okkur frá kirkjunni ef með þyrfti.“

Bíllinn er nokkuð breyttur og tóku þær breytingar mið af brúðarhlutverkinu. Í stað farþegasætis fram í er komið bleikt borð fyrir kampavín og búið er að mála bleik hjörtu á hliðar bílsins. Á húddinu er svo stórt hjarta með nöfnum brúðhjónanna og dagsetning brúðkaupsins.

Þrátt fyrir áberandi útlit bílsins eru hjónakornin langt frá því að leggja honum. Gróa keyrir um á bílnum sem vekur verðskuldaða athygli hvar sem hann fer.

*tryggvi@frettabladid.is*



Búið er að koma borði fyrir í stað farþegasætis fram í svo hægt sé að sötra kampavín og brúðurin fái nægilegt pláss.
Gaman er frá því að segja að Daði kom og sótti Gróu á bílnum á fyrsta stefnumót þeirra. Þá var hann nýbúinn að klessa bílinn en valdi heldur að fara á honum en bíl föður síns. Þar voru nefnilega tveir barnabílstólar í aftursætunum og fannst Daða það ekki líklegt til árangurs.




Nú er eins gott að hafa nóg af rúðupissi fyrir rúðurnar. Ökumenn geta lent í blindandi vandræðum þegar sólin skín á skítuga bílrúðuna og brún slikjan varnar mönnum sýn.






















# Heimildarmynd um Kanadaferð

***Hið mikla heimskautafélag vinnur nú að gerð heimildarmyndar um sögulega ferð félagsins á breyttum íslenskum jeppum um norðurslóðir Kanada í kjölfar landkönnuðarins Vilhjálms Stefánssonar sem fór um sama svæði á hundasleða fyrir 100 árum.***

Undirbúningur ferðarinnar tók um fjögur ár og segir Halldór Sveinsson, einn leiðangursmanna, að kostnaðurinn hafi hlaupið á milljónum. „Ferðin var að langmestu leyti fjármögnuð af okkur sem í hana fórum. Við vorum reyndar styrktir með fatnaði, viðlegubúnaði og fleiru og kunnum góðar þakkir fyrir. En nú erum við að leita að styrkjum og fjármögnun á heimildarmyndinni til að geta sýnt hana hérlendis og erlendis.“

Ferðin sjálf tók sjö vikur en leiðangursmenn auk Halldórs voru þeir Ómar Friðþjófsson, Karl Rútsson, Kristján Kristjánsson og myndatökumaðurinn Friðþjófur Helgason. Stóran hluta af leiðinni keyrðu þeir á landsvæði þar sem bílar höfðu ekki sést áður og heimamenn, sem höfðu áður sagt að þeim ætti aldrei eftir að takast ætlunarverk sitt, urðu að taka orð sín til baka.

„Það stendur allt upp úr eftir þessa ferð,“ segir Halldór. „En hápunkturinn þegar við vorum komnir norðureftir var kannski að vera einhvers staðar þar sem var ekki hægt að snúa við en samt vissi maður ekki hvort olían dygði á næsta áfangastað. Það var taugatrekkjandi á köflum.



Karl Rútsson, Halldór Sveinsson, Kristján Kristjánsson, Ómar Friðþjófsson og Friðþjófur Helgason. LJÓSMYNDIR/HALLDÓR STEFÁNSSON

Við fórum á staði sem Vilhjálmur hafði farið á og hugsuðum oft til hans; að vera á þessum stað í 40 stiga frosti, einn á hundasleða. Það er örugglega magnað. Nánast allir í norðurhéruðunum höfðu heyrt um hann og við hittum afkomendur hans í Inuvik. Lokapunkturinn á ferðinni var formlega á Íslendingaslóðum í Gimli þar sem okkur var úthlutaður salur og með eins dags fyrirvara komu hátt í tvöhundurð manns til að heyra ferðasöguna og sjá myndir, bæði Vestur-Íslendingar og aðrir sem búa þar,“ segir Halldór.

„Það hefur enginn farið um þetta svæði áður með þessum ferðamáta. Þarna eru notaðir hundasleðar og vélsleðar en þeir síðarnefndu eru ekki sérstaklega góður kostur þar sem maður þarf að bera svo mikið bensín með sér. Allir á svæðinu sögðu að við kæmumst þetta aldrei, við fengum aldrei hvatningu, sama við hvern við töluðum. Svo fengum við bréf frá sama fólki eftirá sem sagði okkur hafa sýnt fram á að það væri hægt að ferðast um landið á „þægilegan“ máta.

Okkur var samt alls staðar vel tekið þó að fólk væri hissa að sjá okkur á svona bílum. Íbúarnir höfðu gríðarlega mikinn áhuga á þeim en fólk sem býr þarna hefur svo takmarkað fé á milli handanna að það verður langt þangað til það getur farið að gera út svona tæki þarna. Þeim fannst líka skrítið að við værum að fara þetta að gamni okkar. Þarna er ekkert verið að þvælast neitt nema til að fara á veiðar. Það er ekkert grín í gangi, bara það sem er nauðsynlegt.“

Halldór segir ferðina hafa verið mjög frábrugðna vetrarferðum á íslenska hálendið. „Frostið og kuldinn er svo gígantískt. Snjórinn er allt öðruvísi og svo er þetta mikil ískeyrsla, bæði á frosnu hafi og vatni, sem maður stundar ekki hér. Það er dálítið ógnvekjandi, að vera úti á miðjum flóa einhvers staðar og sjá sprungur í ísnum. Það kom adrenalínflæðinu af stað, enda margir tugir kílómetra í land,“ segir Halldór að lokum.

Þeim sem hafa áhuga á að fjármagna eða styrkja heimildarmyndina er bent á netfangið info@arctictrails.is

*einareli@frettabladid.is*



Búðir ísbjarnaveiðimanna.



Við minnisvarða um Vilhjálm Stefánsson í Manitoba.



Bílarnir sem notaðir voru í ferðina voru Ford F350 á 46“ dekkjum. Hér er verið að brjótast í gegnum íshröngl við Smokey Hills.






Mazda CX-7 verður kynntur hjá X4 í dag.

# Mazda CX-7 til landsins

***Í dag verður nýr jepplingur frá Mazda, CX-7, kynntur hjá X4 á Malarhöfða 2.***

Mazda CX-7 státar af 2,3 lítra vél með forþjöppu og millikæli sem skilar 244 hestöflum og 350 Nm.

CX-7 verður fáanlegur með 4x2 og 4x4 og spólvörn og stöðugleikabúnaður er staðalbúnaður í öllum útfærslum með 6 þrepa sjálfskiptingu. Bíllinn var nýlega tekinn fyrir í árekstrarprófun hjá The U.S. Government's National Highway Traffic Safety Administration (NHSTA) bæði í fram- og hliðarárekstri og fékk hæstu einkunn eða 5 stjörnur í báðum prófunum.

Opnunartími hjá X4 í dag er frá klukkan tólf til fjögur.

# Alfa Romeo 159 með sjálfskiptingu

***Stendur til boða með tveimur vélastærðum.***

Alfa Romeo hefur nú hafið framleiðslu á 159 með sjálfskiptingu. Til þessa hefur einungis verið hægt að fá bílinn með 6 gíra beinskiptum kassa.

Nýja skiptingin, sem kallast Qtronic, er 6 þrepa og nemur akstturslag ökumanns og aðlagar sig að því. Til að byrja með verður hún boðin með dísilvélum Alfa Romeo, 1,9 JTD vél sem skilar 150 hö og svo 2,4 JTD sem skilar 200 hö og 400 Nm í tog.



Alfa Romeo býður nú upp á sjálfskiptingu í dísilknúnum 159 bílnum.



Sígildur Land Rover eins og margir muna eftir honum á árunum 1955-1965.

# 10 ára afmæli Land Rover hjá B&L

***Í tilefni þess að 10 ár eru liðin síðan B&L tók við Land Rover umboðinu er Discovery 3 á sérstöku afmælistilboði núna.***

Fyrstu Land Rover jepparnir komu til landsins undir lok 5. áratugarins og óhætt er að segja að koma þeirra hafi boðað hálfgerða byltingu, með hliðsjón af þeim frumstæðu samgöngum sem þá voru við lýði.

Land Rover umboðið var framan af hjá Heklu. Það færðist síðan til B&L í kjölfarið á breytingum sem urðu á eignarhaldi Land Rover.

Mikil endurnýjun er að eiga sér stað á öllum línum frá Land Rover. Er skemmst að minnast nýliðans Range Rover Supercharged, sem vakið hefur mikla athygli og í nóvemberbyrjun, eða þar um bil, kemur nýr Range Rover með andlitslyftingu ásamt nýjum TDV8 vélarkosti. Hvorugur þessara koma þó við sögu 10 ára afmælisins, heldur verður Discovery 3 þar í forgrunni, sem er þriðja Land Rover línan í 4x4 úrvalsflokknum og sú sem hlotið hefur langflest verðlaun og viðurkenningar.



Land Rover Discovery 3, sem er á 10 ára afmælistilboði hjá B&L í Windsor SE útgáfu.

**Myndir:**
Sígildur Land Rover eins og margir muna eftir honum á 1955-1965.

Land Rover Discovery 3, sem er á 10 ára afmælistilboði hjá B&L í Windsor SE útgáfu.



Ford Explorer Sport Trac verður frumsýndur á Akureyri um helgina í tilefni uppskeruhátíðar Brimborgar.

# Uppskeruhátíð á Akureyri

***Árleg uppskeruhátíð Brimborgar verður haldin á Akureyri nú um helgina.***

Ford Explorer Sport Trac, nýi lúxuspallbíllinn frá Ford, verður frumsýndur á Akureyri á Uppskeruhátíð Brimborgar.

Þessi bíll er að mörgu leyti frábrugðinn öðrum pallbílum að því leytinu til að akstursseiginleikar hans og þægindi minna frekar á jeppa og hefur hann fengið frábæra dóma hjá íslenskum bílagagnrýnendum.

Allir eru velkomnir í kaffi og kleinur í húsakynnum Brimborgar við Tryggvabraut á Akureyri. Opnunartímar eru milli klukkan 11 og 16 á laugardag og milli klukkan 12 og 16 á sunnudag.



Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin

Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.








Frá kr. 1.390.000
Getz
- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar

Með mesta rýmið í sínum flokki



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000
SONATA
- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér

# Hraðastýrð hindrun

*Verður ekki virk nema ekið sé yfir hámarkshraða.*


Hér sést hvernig hraðahindrunin fer upp ef hraðinn er of mikill.

Loksins er komin hraðahindrun sem er ekki bara erfitt að stela, heldur kemur hún til með að lágmarka mæðu þeirra sem yfir hana aka. Það er að segja ef þeir halda sig á löglegum hraða.

Gwyn Harvey heitir hugsuðurinn á bak við hraðahindrunina en hann segir hana aðeins hafa áhrif á þá sem keyra hraðar en leyfilegt er. Hindrunin er greypt ofan í malbikið og liggur alla jafna slétt, svo að vegfarendur þurfi ekki sífellt að vera að bremsa langt niður fyrir hámarkshraða og gefa aftur í. Komi bíll á mikilli ferð nemur radarmælir hraða hans, varar ökumanninn við á ljósaskilti og lyftir miðju hraðahindrunarinnar upp úr malbikinu.

Slíkur búnaður er margfalt dýrari en venjuleg hraðahindrun en hönnuðurinn telur hana sérstaklega eiga rétt á sér þar sem umferð er þung og óþarfi að hægja á henni meira en hraðatakmörkunum nemur.

# ESP stöðugleikakerfi í alla Opel-bíla

*Frá og með árgerð 2007.*


Meriva er síðastur Opel-bíla til að skarta ESP-stöðugleikakerfi sem staðalbúnaði.

Litli fjölnotabíllinn Opel Meriva verður frá og með árgerð 2007 með ESP-stöðugleikakerfi og rafdrifnum og –hituðum útispeglum og verður hvort tveggja staðalbúnaður. Þar með verða allir bílar Opel sem á markaði eru í Evrópu búnir ESP-stöðugleikabúnaði.

Bifreiðaeigendafélögin í Evrópu og EuroNCAP-árekstrarprófunarstofnunin, sem er í sameiginlegri eigu þeirra, hafa lengi hvatt til þess að ESP verði í öllum nýjum bílum, líka þeim minnstu og ódýrustu, vegna þess hve mikilvægur öryggisbúnaður það er.

Opel Meriva verður ögn dýrari en árgerð þessa árs var án ESP. Verðhækkunin verður þó að teljast hófleg en í hátollalöndum eins og Danmörku og Noregi verður hún undir tuttugu þúsundum íslenskra króna. *(www.fib.is)*


**Höfum til afhendingar strax**


BluCamp Sky 20

Nýir 2007. Ford 2,2 Lt 130 hestöfl - Commandrail diesel, ABS- EBD Aksturstalva – Útihitamælir - Leður stýri - Armpúðar á sætum. Loftkæling-2 öryggispúðar – Útvarp - Geislaspilari með fjarstýringu. Rafm. í rúðum - Gírskipting í mælaborði - Þjófavörn með fjarstýringu. Lengd 6,37 - Svefnpláss fyrir fjóra - Tvíbreitt rúm aftur í. Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra - Stór dekk 215/75 R16".
**Verð 5,200,000 kr. með vsk. skráður og skoðaður. Til sölu fyrir viðskiptavin.**


Challenger Elitis 3060

Flaggskipið frá Challenger 2007 Fiat Ducato 160 Multijet Power 157 Hestöfl Sjö metra langur, svefnpláss fyrir 4, hjónarúm afturí og annað frammí sem tekið er niður úr loftinu. **Einn með öllu. Verð 8,4 með vsk**


MAN 26.430

Man 26.430. fyrst skráður Desember 2005. Tveggjadrifa dráttarbíll á lofti að aftan með sturtudælu. Nádrif - XL Hús með einni koju – Sólskyggni - Kælibox Símkerfi - Útvarp og geislaspilari - Rafm. í rúðum og speglum - loftkæling. Ekinn aðeins 48,000 km. **Verð 7.250,000 + vsk. skráður og skoðaður.**

**Bílexport á Íslandi ehf.**
**Bóas sími 0049-175-271-1783 • Eðvald sími 896-6456**
**www.bilexport.dk boas@bilexport.dk**




BMW 523i býður upp á þægindi og góða akstursegineileika. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hrein akstursunun

***Þrjá síðustu áratugi hefur BMW 5-línan verið fyrsta val þeirra sem vilja bæði þægindi og góða aksturseiginleika. Hún hefur borið höfuð og herðar yfir aðra „forstjórabíla“ og í sem stystu máli þá gerir hún það enn.***


Sitt sýnist hverjum um útlit 5-línunnar.

BMW 5 línan hefur um árin innihaldið bíla með villandi útlit. Undir klassísku og hófsömu yfirborðinu leynast kraftmiklar vélar, snarpir gírkassar og fjöðrun í fullkomnu jafnvægi. Þýsk hönnun eins og hún gerist best. Karlar og konur sem vilja góðan bíl án þess að gefa til kynna að grái fiðringurinn hafi hreiðrað um sig, velja BMW og velja í leiðinni vel. Þetta hefur í rauninni aldrei verið erfitt val og því kom á óvart er BMW ákvað að breyta útliti 5-línunnar fyrir nokkru. Bíllinn varð framúrstefnulegri og um leið nútímalegri, en mörgum aðdáendum þóttu þessar breytingar jaðra við guðlast. Breytingarnar eru bæði á innviðum og ytra útliti og annað hvort hatar maður það, eða elskar. Sjálfur hata ég að elska útlitið því mér finnst bíllinn fallegur að utan en ég varð fyrir vonbrigðum með innvolsið. En nóg af útlitsdýrkun því hver getur dæmt fyrir sig.

Í 5-línunni eru sjö mismunandi týpur með misstórar dísil- og bensínvélar. Vélarnar eru frá 177 upp í 333 hestöfl og togið frá 230 upp í 560 Nm. Það þarf ekki að fjölyrða um muninn á því að hafa yfir nægum hestöflum að ráða þegar stórir fólksbílar eru annars vegar. Stór dýr þurfa stórt hjarta.

Ég er ekki mikill aðdáandi dísilvéla. Venjulega er ókosturinn við þær að þegar bílnum er gefið inn líður heil eilíf þangað til túrbínan tekur við sér og bíllinn þeysist af stað. Verkfræðingar BMW leystu þetta vandamál á einfaldan hátt. Þeir settu tvær túrbínur í vélina í stað einnar. Eina litla, sem virkar á lægri snúningi, og aðra stærri sem tekur við af þeirri minni á hærri snúningi. Þetta skilar sér í einhverri sprækustu dísilvél markaðarins sem auk þess að vera ódýrari í rekstri stenst minni bensínvélunum fyllilega snúninginn.


Vélin er þannig byggð að hættumörk snúningshraða eru ekki fyrr en í 6.500 snúningum.

Hægt er að fá urmul af aukahlutum og tæknigræjum í 5-línuna. Sumar þeirra skipta máli, eins og xDrive sem er tölvustýrt fjórhjóladrif þar sem afli er dreift eftir aðstæðum milli fram- og afturhjóla, og Dynamic Drive kerfið, sem gerir það að verkum að fjöðrunin er mjúk og þýð í hægum beygjum en stíf í hröðum beygjum. Önnur kerfi skipta minna máli en þetta er allt spurning um að prófa sig áfram og velja það sem skiptir máli.

Aksturseiginleikar bílsins eru ótrúlegir burt séð frá öllum aukabúnaði. Það er hrein unun að keyra bíl sem maður hefur fullkomið vald á án þess þó að fórna nokkrum þægindum. Bíllinn liggur eins og límdur við götuna og ég beið stöðugt eftir næstu beygju til að finna hversu góða stjórn ég hefði á bílnum. Maður upplifir einhvers konar fágun sem fyllir mann löngun til að keyra út í sveit og hlusta á klassíska tónlist og njóta lífsins undir stýri. Mann langar í breiðar og beinar hraðbrautir og afmarkað æfingasvæði þar sem maður getur virkilega ýtt bílnum fram á ystu nöf en fyrst og fremst þá langar mann í BMW úr 5-línunni.


Miðstöðin er heldur gamaldags miðað við aðra bíla í sama flokki en þægilegra er að hækka hitann í henni en á tölvuskjá.

Þrátt fyrir lofsönginn er bíllinn ekki fullkominn, en ég held það miðist mikið við bílinn sem ég fékk í hendurnar. Það var 523i bíll úr sýningarsalnum og það verður að segjast að vélin var einfaldlega ekki nógu kraftmikil fyrir alla þessa tæknifágun. Þrátt fyrir að vera einungis 8,6 sekúndur upp í hundrað virkaði bíllinn svifaseinn og ekki hjálpaði sjálfskiptingin. Ekki svo að skilja að hún hafi ekki gert sitt gagn, en fyrir mann sem velur akstursegineileika langt fram yfir þægindi grét ég yfir að fá ekki beinskiptan bíl. Tilgangur akstursölvunnar er einnig mjög takmarkaður sé bíllinn ekki hlaðinn aukabúnaði, en sé búnaðurinn fyrir hendi verður hún að sama skapi mikið þarfaþing. 523i er því eins og hjartveikt ljón. Það hefur réttu líkamsbygginguna en skortir kraftinn til að stökkva af stað.

Það verður að segjast að BMW 5 línan er fremst meðal jafningja, langfremst. Maður finnur það um leið og sest er undir stýri og vélin er sett í gang að þarna er eitthvað sérstakt á ferð. BMW hefur tekist að smíða frábæra bíla sem eru furðu sparneytnir miðað við afköst og sameina frábæra aksturseiginleika, þægindi, gæði og hreina akstursunun. *tryggvi@frettabladid.is*

**BMW 523I**

**Vél:** 2,5 lítra bensín
177 hestöfl / 230 Nm
**Uppgefin eyðsla:** 8,5 l/100 km
0-100 8,5 sek
**Þyngd:** 1.545 kg

**PLÚS**
Frábærir akstureiginleiakar
Mikil þægindi
Hljóðlátur
Ríkulegur aukabúnaður í boði

**MÍNUS**
Vantar meiri kraft í 523i

**Verð:** 5.950.000 kr

**Lyklar að skálum** Ferðafélags Íslands liggja nú á skrifstofu félagsins. Búið er að loka flestum skálum fyrir veturinn.





Brock eða borg, rúst af fornu steinhlöðnu fjölbýlishúsi, 2-3 hæðir með tvöföldum útvegg og göngum þar milli hæða á Lewis.

# Fegurðin varð okkur augljós

***Sverrir Páll Erlendsson, menntaskólakennari á Akureyri fór um slóðir víkinga á Suðureyjum í sumar.***

„Það er mjög merkilegt að koma til Suðureyja við Skotlandsstrendur og skoða þar bæði fornminjar og byggðir enda eru heimamenn ólatir að kynna ferðamönnum þá menningu sem þar hefur blómstrað. Þetta var tíu daga ferð og mikið ævintýri,“ segir Sverrir Páll glaðlega og heldur áfram. „Mér skilst reyndar að þarna sé oft rok og rigning og ég bjó mig út með fatnað sem hæfir slíku veðurfari. En við vorum afskaplega heppin því það var bjart flesta dagana þannig að við sáum vel í kringum okkur og fegurðin varð okkur augljós.“ Þessir „við“ sem Sverrir talar um var 20 manna hópur á vegum norræna félagsins. Félagið hafði áður staðið fyrir ferðum til Færeyja, Grænlands og Orkneyja en þetta var fyrsta eyjaferð Sverris og hann lýsir henni nánar. „Við flugum til London og síðan Glasgow. Þar fengum við bíl sem við höfðum allan tímann og fórum með út í eyjarnar með ferjum. Fyrsta eyjan var Mull og þaðan fórum við á pínulitla eyju við suðurenda hennar sem heitir Iona. Þar hafði munkurinn heilagur Columbo aðsetur en hann er þekktur úr íslenskum bókmenntum, meðal annars Sjálfstæðu fólki undir nafninu Kólumkilli. Á flótta frá Írlandi settist heilagur Columbo að á Iona því þaðan sá hann ekki til heimalandsins. Klaustur er tileinkað honum á Iona en það er nú að mestu leyti safn og ferðamannastaður.“

Á Suðureyjum háttar víða til líkt og á Íslandi að sögn Sverris og sums staðar er lítill gróður. Vesturhluta eyjanna segir hann þó mun gróðursælli en austurhlutann. Bændur þurfi lítið að heyja því fé gangi að mestu sjálfala. Svo lýsir hann eyju sem heitir tveimur nöfnum, Harrys og Lewis. „Lewis er norðurhlutinn og hefur verið kölluð Ljóðhús í íslenskum bókmenntum en Harrys er eyjan þar sem hið fræga Harrystweed-efni á uppruna sinn. Það er enn spunnið úr skoskri ull og ofið í heimahúsum en síðan flutt í verksmiðjur þar sem saumað er úr því. Bæði þarna og á fleiri eyjum er dreifð byggð, mikið um smájarðir þar sem fólk er með einhvern búsmala og ræktar sitt grænmeti en vinnur líka utan heimilis við margs konar þjónustu í smáþorpum.“



Sverrir Páll og síldarstúlkan við höfnina í Stornoway.

Að sjálfsögðu hafði Sverrir áhuga á skólamálum Suðureyinga. Hann segir nemendum yfirleitt safnað saman í rútur á eyjunum og keyrða heim á kvöldin. „Okkur var sagt að fyrir fáum árum hefði verið skóli á einni eyjunni sem í hefði verið skólastjóri, einn kennari, einn skólaliði, ein skrifstofustúlka og einn nemandi! En við komum í stóran fjölbrautaskóla þar sem mikið er lagt upp úr handverki og tónlist auk almenns bóknáms.“

Sverrir segir mörg dæmi um örnefni á Suðureyjum sem líkist okkar. Til dæmis sé þar fjall sem heiti Hekla. „Maður veit ekki alltaf hvaðan íslenskar nafngiftir eru og hvort kom á undan hænan eða eggið.“

*gun@frettabladid.is*



Fjallið Hekla á Benbecula.



## Veiðisumarið

**með Stefáni Jóni Hafstein**

*Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.*

# Slarkfært veiðisumar

Sjóbirtingsveiðin hefur nú ekki fært okkur miklar tröllasögur, en þó kom einn flottur 16 pundari upp í Tungufljóti, og Vatnamótin hafa gefið fín skot þegar rétt hefur viðrað, auk þess sem gagnkunnugir Danir tóku góða syrpu í Grenlæk um daginn með þyngdum púpum andstreymis, en flestir Íslendingar sem veiða birting einbeita sér að straumflugum, ef ekki spæni eða hrollvekjandi beitu!

Nú lítur út fyrir að laxveiðin í sumar verði nálægt 40 þúsund fiskum á stöng, samanborið við 55 þúsund í fyrra. Það hljómar eins og munurinn sé mikill, og hann er það, en í fyrra var metár og þetta ár fer á spjöld sögunnar sem betra en meðalár. En dýfurnar eru margar. Þannig má nefna að aflahæsta á landsins, miðað við veidda fiska á stöng, dettur nú niður í sögulegt lágmark síðustu 30 ára. Þetta er Leirvogsá. Hjá SVFR kenna menn því um að heimtur á mannöldum seiðum (þau þekkjast á örmerkjum) séu lakar. Í Elliðaánum er það vel þekkt að seiði sem árnar fóstra sjálfar eru mun hæfari til að lifa af en hin sem mennirnir ala í kerjum. Heimtuhlutfall á náttúrulegum seiðum getur verið kringum 7% en aðeins 1% af verkum mannanna.

### Borgar sig að reyna að gera betur en móðir jörð?

Darwin komst á spjöld sögunnar fyrir þá ályktun sína að þeir hæfustu kæmust af. Náttúruleg seiði eru miklu hæfari en mannalin seiði og skila sér betur í árnar. En það kemur ekki í veg fyrir að verk mannanna (sleppiseiði) nái ekki að blanda kyni við hina hæfari laxa og hvað þýðir það? Erfðablöndun hinna lakari laxa með hinum. Kynslóð fram af kynslóð veikist stofninn eftir því sem seiðasleppingar halda áfram. Það er vissulega hægt að fjölga löxum í ám með því að sleppa seiðum. En gerir það stofninum gott þegar frá líður? Fróðlegt væri að fá heildarúttekt á árangri seiðasleppinga í íslenskar ár á liðnum áratugum. Hafa þær skilað sterkari stofni, hæfari fiskum til að takast á við grimma náttúru, eins og sjá má af hafinu undan landinu í ár? Er ekki rétt að staldra við áður en lengra er haldið og setja laxastofninn okkar í gagngert umhverfismat? Hér togast nefnilega á voldugir hagsmunir: Því fleiri laxar og meiri veiði á stöng, því hærra verð. Þetta eru stundarhagsmunir. Langtímahagsmunir okkar hljóta að vera þeir að árnar okkar séu sjálfbærar. Að þær þoli hóflegt veiðiálag og standi sjálfar undir því að fóstra stofn – þar sem hinir hæfustu komast af og fjölga sér.

### Ytri-Rangá aflahæst

Aflahæst laxveiðiánna er Ytri-Rangá sem hefur væntanlega rofið 4000 laxa múrinn. Bak við þessa veiði eru gífurlegar seiðasleppingar, enda áin ófær um að fóstra laxastofn. Það er því full nauðsyn að greina sundur og flokka íslenskar ár betur en gert er í „meðaltalsuppgjöri“ ársins þegar þar að kemur. Menn kalla Rangárnar „hafbeitarár“, en hvernig er ástandi háttað annars staðar í mismunandi „blönduðum rekstri“? Hvað eru margar ár á Íslandi í dag sem teljast sjálfbærar og gætu þar með fengið græna vottun frá komandi kynslóðum?

*Með veiðikveðju, Stefán Jón.*

Með TREX til Kanada!





HAUSTFERÐIRNAR TIL ST. JOHN'S Á NÝFUNDNALANDI HAFA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN

28. - 31. október, fá sæti laus.
31. okt. - 4. nóv. fá sæti laus. 4. - 8. nóv. uppselt.
Nokkur sæti laus í vikudvöl t.d. 31. okt. - 8. nóv.

St. John's er áhugaverð og ljúf borg heim að sækja. Jólavörurnar verða komnar og á fáum stöðum er hagstæðara að versla. Aðeins 3 - 3,5 klst beint flug með Loftleiðum og gist á glæsilegum hótelum, Fairmont og Holiday Inn. Fjölbreytt afþreying m.a. spennandi skoðunarferðir, góðir veitingastaðir og írsk pöbbastemmning. Halloweenhátíðin er 28. okt. Verð frá kr.57.300 m.v. tvo í herbergi.

Hópferðamiðstöðin Vesttravel
TREX Travel Experiences

Allar nánari upplýsingar eru veittar á ferðaskrifstofunni, Hópferðamiðstöðin - TREX (Vestfjarðaleið), Hesthálsi 10, 110 Reykjavík
sími: 587 6000/562 9950 fax. 567 4969, info@vesttravel.is www.trex.is

**Nudd** er ekki bara fyrir sjúka, heldur virkar líka vel sem fyrirbyggjandi aðgerð



# Saga og þróun

Höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð hefur verið að þróast alla síðustu öld út frá vinnu og uppgötvunum þriggja lækna; A.T. Still, William Sutherland og Dr John E. Upledger.

A.T. Still (1828-1917) missti þrjú barna sinna þegar þau veiktust af heilahimnubólgu. Hann áleit þau hafa dáið af meðferðinni en ekki sjúkdómnum sjálfum. Hann hneigðist í átt að náttúrulækningum eftir þá erfiðu reynslu. Hann lagði mikla áherslu á að líkaminn væri ein eining eða heild og að uppbygging líkamans og starfsemi hans væru nátengd.



A.T. Still upphafsmaður höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferðar.



John Upledger hefur þróað meðferðina á síðustu árum.

Hann leit á líkamann sem kerfi með sjálflæknandi eiginleika, því minna sem gripið sé inn í starfsemina þeim mun betur gangi að læknast. Hann komst einnig að þeirri niðurstöðu að sum lyf væru hættuleg.

Dr. John Upledger, prófessor í lífaflsfræði, leiddi teymi af lífræðingum, lífeðlisfræðingum og lífefnaverkfræðingum og þróaði CranioSacral-meðferðina á árunum 1975 til 1980, eftir mikla rannsóknarvinnu. Niðurstaða Dr. Upledgers var sú að árangursrík meðferðarvinna yrði að taka til allra mannlegra þátta, jafnt líkamlegra sem andlegra þátta. Maðurinn er ein heild og þannig beri að meðhöndla hann.

## í dag

MANNLEGI ÞÁTTURINN ER Á DAGSKRÁ NFS OG TALSVÖÐVARINNAR Í DAG KL. 10.10

Við kynnumst Erlu Ólafsdóttur sjúkraþjálfara og hennar leið frá hefðbundu meðferðarformi yfir í heildrænar lækningar.

Ragnar Stefánsson rafmagnsverkfræðingur segist hafa orðið fyrir kraftaverki á bekknum hjá Erlu.

Þórey Edda Elíasdóttir, stangarstökkvari og afreksíþróttakona, segir okkur frá reynslu sinni af höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð í vatni.

Vilhjálmur K. Stefánsson lögregluþjónn líkir upplifun sinni af meðferðinni við alsæluástand.


**Heilun og Slökun**

Tilvalið fyrir þá sem eiga erfitt með svefn og andlega vellíðan Jafn fyrir unga sem aldna

Pantið tíma í síma 845 4890

-Magnús

Kristjana Spámiðill

Tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 6954303

**Þú getur byrjað hvenær sem er**

**Morguntímar 7:15-8:15**
Til að auka afköstin

**Hádegistímar 12:00-12:50**
Til að endurnýja orkuna

**Kvöldtímar 20:00-21:00**
Til að láta sér líða vel

Engjateigur 5, 2.hæð, S:553-0203, www.yogashala.is, yoga@yogashala.is , . Frír prufutími

yoga shala
reykjavík


# Efni, orka og andi

***Höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferðarform er heildrænt meðferðarform sem á sér rætur í hefðbundnum vestrænum vísindum.***

Það sem átt er við með höfuðbeina- og spjaldhryggskerfi, eru þær himnur sem umlykja miðtaugakerfið (heili og mæna) og hafa beinfestu á höfuðbeinum og spjaldhrygg. Innan þessara himna er mænuvökvinn sem nærir og ver miðtaugakerfið. Ef spjaldbeinið situr ekki rétt í mjaðmagrindinni, eða höfuðið liggur ekki nákvæmlega rétt á liðflötum efsta hálsliðar, má búast við röngu álagi í himnunum sem umlykja mænuna. Það getur valdið áreiti á allar taugar sem liggja út úr henni og getur valdið hinum ólíkustu einkennum, hvar sem er í líkamanum.

Við kjöraðstæður hjá heilbrigðum einstaklingi er ekkert sem hindrar þessa hreyfingu í mænuvökvanum, því af leiðandi er engin hindrun á milli miðtauga og úttaugakerfis. Margt getur þó farið úrskeiðis og myndast hindranir, og þar með erting á taugakerfið. Höfuðbein geta aflagast vegna höggs, hnakkabein getur aflagast á efsta hálslið við fæðingu en slík skekkja lagast ekki sjálfkrafa. Mikil staðbundin spenna í bandvef, vegna sjúkdóma, skurðaðgerða, höggs, streitu eða annars konar áfalla getur einnig leitt til spennu í himnunum.

**Höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð hefur m.a. reynst árangursrík við eftirfarandi:**

- Mígreni
- Krónískum háls- og bakverkjum
- Heila- og mænuskaða
- Örðugleikum í stjórnun hreyfinga
- Streitu- og streitutengdum vandamálum
- Kjálka- og bitvandamálum
- Hryggskekkju
- Síþreytu
- Taugavandamálum
- Námsörðugleikum
- Ofvirkni
- Vefjagikt
- Áfallaröskun
- Vandamálum í ónæmiskerfinu
- Vefjavandamálum eftir skurðaðgerðir
- Vanlíðan ungbarna

**Meðferðin**

Höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð fer fram með þeim hætti að í flestum tilvikum liggur sá er þiggur meðferðina á bekk og er fullklæddur. Yfirleitt er notaður léttur þrýstingur eða tog sem hefur að markmiði að meta og meðhöndla himnurnar sem umlykja miðtaugakerfið. Þessi meðferð vinnur með líkamanum í að auka eigin getu til að efla starfsemi miðtaugakerfisins, minnkar neikvæðar afleiðingar streitu, eflir almennt heilsufar og eykur viðnám gegn sjúkdómum. Algengt er að þessi meðferð taki um klukkustund í senn og langflestir finna fyrir verulega bættri líðan eftir fyrstu 1-3 skiptin.

**Vefræn tilfinningalosun**

Vefræn tilfinningalosun er sál-líkamleg aðferð sem notuð er til að aðstoða líkamann við að losa um vefrænar afleiðingar af áföllum og neikvæðar tilfinningar sem þeim tengjast.

Líkaminn geymir oft í sér orku t.d. reiði eða hræðslu, sem er afleiðing slysa, meiðsla eða tilfinningalegs áfalls. Áfallið gerir það að verkum að líkaminn geymir orkuna á einhverjum stað í líkamanum og myndar það sem kallað er orkumein (energy cyst).

Heilbrigður líkami getur aðlagast slíkum orkumeinum en eftir því sem árin líða minnkar aðlögunarhæfni líkamans og þá koma fram einkenni sem sífellt er erfiðara að horfa framhjá eða halda niðri. Vefræn tilfinningalosun fer þannig fram að slík orkumein eru fundin, losað er um þau og viðkomandi fer í gegnum áfallið og vinnur þannig úr því. Þessi meðferð hefur reynst afskaplega vel við meðferð á PTSD (Post Traumatic Stress Disorder) eða áfallaröskun eins og það er kallað á íslensku.



Höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð má einnig nota á börn með góðum árangri. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



## Mannlegi þátturinn

ÁSDÍS OLSEN

# Hjón á miðjum aldri óska eftir svefni

Eftir að ég fæddi þriðju dóttur mína var ég að drepast í mjöðmunum. Ég fann til í hverju skrefi og haltraði um eins og útbrunnin hornkerling sem les í skrokkinn á sér eins og veðurkort og finnur á mjöðminni ef lægð er á leiðinni. Ég sá fyrir mér lífið í eldhúskróknum þar sem ég reri fram í gráðið og nuddaði lífi í skrokkinn á morgnana. Velti því líka fyrir mér hvort almættið væri að kyrrsetja mig svo ég gæti betur sinnt eldhússtörfunum. Svo ég leitaði mér hjálpar hjá heimilislækninum sem vísaði mér í sjúkraþjálfun. Ég fór í bylgjur og hita og nudd og teygjur – í marga mánuði haltraði ég upp stigann til að komast í sjúkraþjálfun og ég haltraði niður stigann aftur.

Einn dag í sjálfsvorkun og vonleysi datt mér í hug að fara í nudd. Ég pantaði tíma hjá nuddara í Baðhúsi Lindu og bjóst við ilmolíum, góðri slökun og notalegheitum. En áður en ég veit af er nuddkonan komin upp á bekkinn til mín þar sem hún hamast á mjöðmunum á mér eins og bestía. Þetta var ekki alveg það sem ég hafði átt von á frá þessar viðmótsþýðu ungu konu. En kraftaverkið gerist! Allt í einu var eins og gysi upp úr mjöðmunum áþreifanlegur kuldi – ég fann kuldann yfirgefa mig og svífa burt og síðan streymdi hiti um mig eins og kveikt hefði verið bál inni í mér. Og ég var útgrátin og agndofa – skildi ekki hvað hafði komið fyrir mig.

Ég hef aldrei fundið til í mjöðmunum síðan. Og enn þann dag í dag – þó að ekkert sé að mér – fer ég stundum í nudd til Unnar – og kannski er það einmitt þess vegna sem ekkert er að mér.

Nema hvað – það var enginn galdur sem ég upplifði. Ég hafði bara kynnst því á eigin skinni að líkaminn er meira en efni. Við erum líka orka. Ný uppgötvun fyrir mig, sem er alin upp við vestræna vísindahyggju, en aldagamall sannleikur í Indlandi og Kína.

Þegar fjórða stelpan mín mætti í þennan heim var hún ekki viss um að þetta væri öruggur staður. Strax í móðurkviði hafði hún upplifað kvíðakast hjá móður sinni. Hún hafði tekið til sín ótta og spennu ... og kannski svolítið óæskilega mynd af jarðlífinu. Sú litla taldi því öruggast að vera við brjóstið á mömmu sinni. Hún var ekki viss um að það væri óhætt að sofna og svaf því lítið og stutt í einu og hún átti það til að hrökkva upp með harmkvælum eins og skrattinn hefði birst henni. Þegar ég bar mig upp við ungbarnaverndina á heilsugæslunni var mér sagt að láta barnið gráta sig í svefn. Ég hélt nú ekki – ég hafði aldrei heyrt annað eins bull.

Nú voru góð ráð dýr því við hjónin, komin á miðjan aldur, þurftum endilega að fá svefn hvað úr hverju. Ég fór að spyrjast fyrir og leita lausna í óhefðbundna geiranum – þó með allan vara á. Ætlaði ekki að taka neina sjensa með þetta viðkvæma blóm sem mér hafði verið treyst fyrir. Snorri sundkennari er traustur maður og sagðist hafa heyrt vel látið af konu sem tæki börn í höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð. Og hún væri enginn kuklari, heldur sjúkraþjálfari sem hefði traustan grunn í anatómíu og lífefnafræði.

Við hjónin mættum bæði með snúllu á stofuna til Erlu uppi í Mosfellsbæ. Sú stutta í fanginu á mér og við skoðuðum bók. Erla var með lokuð augun og hélt um hana miðja. Þegar tíminn var búinn var barnið uppgefið og hún svaf lengur en nokkru sinnum fyrr. Það var eins og slaknað hefði á henni og henni leið betur. Eftir annan tímann var komið nýtt öryggi í barnið og hún svaf heila nótt í fyrsta skiptið.

**Tískublöð** geta veitt innblástur að persónulegum stíl. Með því að blaða í þeim má fá ýmsar hugmyndir sem veita innblástur þegar kemur að fatakaupunum.



# Magnaðir málmar

***Gull, silfur, brons og margs konar málmáferðir eru það sem koma skal í haust og vetur.***

Tískan fer í hringi. Það hefur margsýnt sig og sannast. Á fyrrihluta níunda áratugarins var algengt að poppstjörnur, (t.d. Rod Stewart, Cher og fleiri) skreyttu sig að hætti Mídasar með því að smella sér í gullsokkabuxur, gullkjóla, bronstoppa og fleira sem glóir. Svo lagðist þessi tíska af um tíma eða þar til nú í haust en gull-, brons- og silfuráferðin hefur snúið aftur í öllu sínu veldi.


Lítil taska til að taka með á djammið. Zara.


Pínulítill og ótrúlega sexí bronskjóll. Færi t.d. vel með leggings og legghlífum. Zara.


Make fashion history. Zara.


Gullbronsaðir háir hælar. Elegant og móðins.Top Shop.


Gellu gullskór með snákamunstri a go-go. Zara.


Diesel lætur ekki sitt eftir liggja í gullinu.


Gullbronsaðir og brúnir strigaskór. Zara.


Nicky Hilton í sætum silfurkjól.


Gylltur bolur með fallegum ermum. Top Shop.



Ertu búin að fara með barnið í myndatöku fyrir jólin?


Pantið tímanlega

www.harpahrund.is
sími: 517 5550

Ljósmyndaver
Hörpu Hrundar




**NEGLUR:**
Pure Color Nail Lacquer naglalakkið hefur fallega platínum áferð og er plómulitað.

**VARIR:**
Pure Color Lipstick og Pure Color Crystal Gloss gefa vörunum þínum fallegan gljáa líkt og þú værir kynþokkafull kvikmyndastjarna á hvíta tjaldinu árið 1955.

**AUGU:**
Grapich Color Eye Shadow askja með íðilfögrum fjólubláum augnskuggum sem draga fram þinn eigin augnlit og minna um leið á augu Elisabeth Taylor þegar hún var upp á sitt besta, en stjarnan sú var stundum kölluð stúlkan með fjólubláu augun.

# Fjólublátt og fallegt

***Nýtt frá Estée Lauder.***

Þau eru elegant og djörf, fólkið sem hannar haustlínuna og ákvarðar litavalið hjá Estée Lauder. Stílað er inn á elegans og kynþokka sem hefur fengið að eldast eins og gott vín. Langir hanskar og háir hælar, kampavín og kokteilboð ... allt er þetta innblástur á bak við litavalið í ár.



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR

- GELNEGLUR
- HANDSNYRTING
- FÓTSNYRTING
- VAXMEÐFERÐIR
- ANDLITSBÖÐ
- LITUN OG PLOKKUN
- BRÚNKUMEÐFERÐIR
- HÚÐSLÍPUN
- SÝRUMEÐFERÐIR

SNYRTISTOFAN
salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





## ÍSLENSK HÚSGÖGN OG HÖNNUN

*Á. Guðmundsson hefur framleitt húsgögn í 50 ár.* SJÁ BLS. 8



## SKRIFSTOFA FRAMTÍÐARINNAR

*Tæknivæddur og afkastamikill vinnustaður.* SJÁ BLS. 4

[ SÉRBLAÐ UM HÚSGÖGN, HÖNNUN OG FLEIRA – LAUGARDAGUR 23. SEPTEMBER 2006 ]

# skrifstofan



NORDIC PHOSTO/GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT


BRÉFAKLEMMAN VERÐUR TIL
*Saga hlutanna* BLS. 2



GLÆSILEG SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
*Nútímaleg hönnun í Pennanum* BLS. 2

FENG-SHUI Á SKRIFSTOFUNNI
*Bætt líðan* BLS. 4

KÚLUPENNINN
*Skemmtileg uppfinning* BLS. 4

RAFVÆDD HÚSGÖGN
*Inn-x* BLS. 8

SKRIFSTOFAN Á HVÍTA TJALDINU
*Frægar kvikmyndir* BLS. 8

HÆFILEGUR HLJÓMUR TRYGGÐUR
*Vinnuvistfræði* BLS. 9

HUGMYNDUM KOMIÐ Á BLAÐ OG HAFIST HANDA
*Nútímalegt skrifstofunám* BLS. 9



brother At your side.

**Hraðvirk hágæðaljósritun**



3ja ára ábyrgð

LJÓSRITUNARVÉL

Brother DCP-8040 er afkastamikil ljósritunarvél.

**Ljósritunarvél,** Laserprentari og litaskanni.

*Windows, MacOS og Dos samhæft*
*Prentar og ljósritar allt að 20 bls. á mín.*
*250 bls. pappírsskúffa*
*50 bls. frumritabakki*
*Upplausn skanna: Allt að 9600 dpi.*

Verð áður: kr. 74.800
**Verð nú: kr. 44.980**

40 % afsláttur



3ja ára ábyrgð

LJÓSRITUNARVÉL

Brother MFC-8840D er öflug og hraðvirk ljósritunarvél með bakritun (duplex).

**Ljósritunarvél,** Laserprentari, faxtæki og litaskanni.

*Windows, MacOS og Dos samhæft*
*Prentar og ljósritar allt að 20 bls. á mín.*
*250 bls. pappírsskúffa*
*50 bls. frumritabakki*
*Upplausn skanna: Allt að 9600 dpi.*

Verð áður: kr. 99.900
**Verð nú: kr. 59.980**

Um land allt – sími 540 2000 – penninn@penninn.is

PENNINN

## SAGA HLUTANNA

# Bréfaklemman verður til

Fyrstu einkaleyfin fyrir bréfaklemmur voru gefin út á seinni hluta 19. aldar.

Aldrei var sótt um einkaleyfi fyrir þá gerð sem við þekkjum best í dag, vírbréfaklemmuna, en hún var sennilega búin til í Bretlandi að minnsta kosti í kringum árið 1890. Níu árum síðar var hins vegar sótt um einkaleyfi fyrir eina tegund vélar til að búa til þessar klemmur, sem gjarnan voru kallaðar Gem-klemmur í höfuðið á fyrirtækinu sem framleiddi þær. Það nafn loðir enn við þær og á sænsku er orðið „gem“ notað yfir allar bréfaklemmur.

Talið er að Bysantíumenn hafi búið til fyrstu bréfaklemmurnar úr látúni fyrir 16-17 öldum. Þær voru hins vegar aðeins notaðar fyrir mjög mikilvæg opinber skjöl því kostnaðurinn við að búa þær til var mikill.

Norðmaðurinn Johan Vaaler mun hafa hannað notadrýgri bréfaklemmu en þá sem við þekkjum best í dag en hún fór aldrei í framleiðslu. Hins vegar á uppfinning hans líklega þátt í því að bréfaklemman var víða notuð sem tákn norsku andspyrnunnar gegn setuliði Þjóðverja og nasistum í seinni heimsstyrjöldinni. Fólk bar þær á jakkaboðungum sínum sem tákn um samstöðu þegar önnur andspyrnutákn höfðu verið bönnuð. Klemman átti að tákna hvernig þjóðin héldist saman.



Þó að fyrstu bréfaklemmurnar séu líklega um 16-17 alda gamlar komu þær sem við þekkjum best ekki fram á sjónarsviðið fyrr en fyrir rúmri öld síðan. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

allt heimili
Alla fimmtudaga



Fansa er ný íslensk húsgagnalína sem hönnuð er af Valdimari Harðarsyni, arkitekt frá FAÍ. Fansa hefur létt yfirbragð og er fáanleg í mörgum viðartegundum.

# Glæsileg skrifstofuhúsgögn

Penninn hefur til sölu mikið úrval af fallegum húsgögnum eftir íslenska og erlenda hönnuði.

Meðal húsgagna sem Penninn hefur til sölu er húsgagnalína með léttu yfirbragði eftir Valdimar Harðarson sem ber nafnið Fansa. Að auki selur verslunin mikið úrval af skrifborðsstólum, skrifborðum og öðrum húsgönum á skrifstofuna eða vinnuherbergið. Meðal frægra hönnuða sem hannað hafa húsgögn sem Penninn hefur til sölu má nefna menn á borð við Ronan Bouroullec og Jermoe Carouso. Þessi vönduðu og glæsilegu húsgögn eru fáanleg á góðu verði í verslunum Pennans.



Celle er nýr stóll frá Herman Miller. Stólinn er hannaður af Jerome Caruso. Setan og bakið eru samsett úr litlum hnöppum sem tengjast saman með mislöngu bili á milli, þannig lagar stóllinn sig að líkama hvers og eins.



Joyn borðin eru hönnuð af Erwan og Ronan Bouroullec. Borðin eru fáanleg í mismunandi stærðum sem veitir fjölbreytta möguleika á uppröðun. Vinnusvæði hvers og eins afmarkast með færanlegum skilrúmum og skrifborðsmottum. Aukahlutir svo sem geymslubox, ljós og skilrúm fást í mismunandi útfærslum og litum.



Hér má sjá stólinn Panton eftir hönnuðinn Verner Panton.

www.konicaminoltaeurope.com
KONICA MINOLTA
Hraðvirk prentun
Fullkomin tækni



Konica Minolta
bizhub 420/500
Fyrsta flokks svart/hvít prentun og ljósritun. Hraðvirk skönnun. Netsamskipti við skjala- og póstþjóna (FTP/eMail/LDAP). Einföld í notkun, allar aðgerðir á stórum snertiskjá.
Leigu- og þjónustusamningar í boði.
Þjónustuaðilar um allt land.
UMFANG TÆKNIBÚNAÐUR
UMFANG–TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is



# We are crazy

## RÝMINGARSALA

- rýmum fyrir nýjum vörum



AMERICAN



LINEA CLEAN



LINEA CLEAN COM

**40-70%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLU**



**BOX COM BAÚ**
Fullkomin lausn!
Nýttu plássið. Frábærar lausnir í unglingaherbergið, sumarbústaðinn eða hvar sem er.

**BUONO**
Mjög vandað rúm með Bonnel sjálfstæðu gormakerfi. Sérstyrkt á hliðum og miðju. Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Með hverju keyptu sófasetti eða rúmi fylgir einbreiður svefnstóll á meðan birgðir endast..



**DUPLO BOX**
Nýttu plássið. Frábær lausn í unglingaherbergið



**RÚM&SÓFI**
húsgagnaverslun
Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833
www.rumogsofi.is

SAGA HLUTANNA

# Kúlupenninn verður til

Árið 1938 fékk ungverski blaðamaðurinn László Bíró endanlega nóg af því hversu tímafrekt það var að fylla á blekpenna og hreinsa síður sem blek hafði smitast á. Auk þess átti hann það til að rífa blaðsíðurnar með hvössum oddi blekpennans og þar sem hann vann sem ritstjóri á litlu dagblaði hafði hann ekki tíma fyrir þess háttar vesen.

Bíró tók eftir því að blekið sem notað var til að prenta dagblaðið þornaði mikið fyrr en venjulegt pennablek og smitaði ekki. Hann ákvað því að búa til penna sem nýtti þess háttar blek. Það var hins vegar þykkara og vildi því ekki renna út úr pennanum. Bíró fékk því George bróður sinn til að hanna nýja tegund af penna sem hefði einnar kúlu legu á endanum sem flytti blekið á pappírinn.

Galileo Galilei mun reyndar hafa hannað svipað apparat á sautjándu öld. Einnig eru til dæmi um svipaðar uppfinningar frá 1888 og 1907, en engin þeirra tryggði jafnt flæði bleksins líkt og penni þeirra bræðra.



Kúlupennanum var upphaflega ætlað að spara vesen og tíma við dagblaðaútgáfu en er nú allrahanda ritfæri.

Árið 1943 fluttust bræðurnir til Argentínu og stofnuðu pennaverksmiðju. Frá árinu 1990 hefur afmæli Bírós, 29. september, verið fagnað sem uppfinningadegi í Argentínu.



Frá sýningarfundarherbergi Microsoft sem hefur að geyma samhæfðan búnað til þess að auka og auðvelda upplýsingaflæði.

# Skrifstofur framtíðarinnar

Athuganir á skilvirkni skrifstofunnar hafa á seinni árum færst í vöxt. Ekki er einungis skoðað hvernig fólk getur unnið í húsnæðinu, heldur einnig hvernig fólki líður best þar inni og í hvernig umhverfi hægt er að skila mestu afköstunum.

Skrifstofur eru fyrir löngu hættar að vera bara skrifstofur, þær eru miðstöð vinnustaðarins þar sem ákvarðanir eru teknar og grunnur að árangri er lagður. Stjórnendur fyrirtækja gera sér einnig í auknum mæli grein fyrir mikilvægi góðs vinnuumhverfis. Krafan um meiri skilvirkni og afköst í starfi eykst stöðugt og í samræmi við aðra þætti þarf skrifstofan að þróast í takt við tímann.

Mörg hátæknifyrirtæki á borð við Microsoft, Dell og fleiri gera sér grein fyrir þessum kröfum markaðarins og vinna nú hörðum höndum að því að þróa samhæfð kerfi fyrir skrifstofur. Þróunin snýst mestmegnis að því að einfalda fólki vinnuna og ekki síður að því að auka samhæfni innan vinnustaðar, spara tíma og auka afköst. Ýmis þráðlaus búnaður hefur verið í mestri þróun að undanförnu sem gerir fólki kleift að sinna vinnunni sinni hvar sem er, hvenær sem er.



Fundarherbergi sem þetta, með fjölbreyttum snerti- og tölvuskjám, vefmyndavélum og fleiru ætti ekki að vera óalgeng sjón eftir nokkur misseri.

Hjá Dell hafa menn þróað búnað sem skynjar þegar starfsmaður kemur inn á skrifstofuna og skráir hann inn til vinnu og lætur aðra vita auk þess sem hann stillir birtu, hita og önnur þægindi inni á skrifstofunni. Hjá Microsoft er áætlað að á næsta ári eða því þarnæsta komi út samhæfður vinnustaðabúnaður, Center for Information Work (Miðstöð fyrir upplýsingavinnu), en flæði upplýsinga er einmitt orðið eitt af því mikilvægasta í flestum starfsgreinum í heiminum í dag.

Síðustu ár hefur einnig verið í þróun búnaður til þess að halda stafræna fundi. Búnaðurinn er alltaf að verða betri og betri, og gerir fundina auðveldari og persónulegri. Skjáir hafa stækkað mikið og sumir taka jafnvel upp á því að varpa mynd af fjarlægum fundargestum upp á vegg eða skerm sem sýna fundarmenn í fullri stærð þannig að fundirnir verða jafnvel enn persónulegri, þar sem ekki virðist eins mikil fjarlægð milli þeirra sem fundinn sitja.

Umræðan um hvernig skrifstofur og vinnuaðstaðan eigi að líta út og vera er einnig afar merkileg, en sitt sýnist hverjum. Eiga skrifstofur að vera opnar, málaðar í mildum lit og með stórum gluggum eða í sterkum litum og með litla birtu; hvernig skrifborð eru best, er betra að hafa hátt til lofts og hvernig gólfefni skuli hafa eru góðar og gildar spurningar sem innanhúsarkitektar, stjórnendur og aðrir þurfa að velta fyrir sér. Ekki er enn til uppskrift að hinu fullkomna vinnuumhverfi en menn halda þó áfram að hjálpa fólki með því að auðvelda því vinnuna og auka afköstin.

## Feng-shui á skrifstofunni

Ekki sitja beint á móti inngangi því þá ertu viðkvæm/ur fyrir neikvæðri orku sem kann að koma inn um dyrnar.

Sittu eins langt frá inngangi og þú getur og snúðu bakinu í vegg. Þannig hefurðu góða yfirsýn yfir svæðið og það skynjast á þér að þú ert sú/sá sem fer með völdin á svæðinu.

Á heimaskrifstofu skaltu ekki snúa baki í dyrnar. Í táknrænum skilningi koma viðskipti til þín inn um dyrnar og þar af leiðandi skaltu ekki snúa baki við þeim.



Hafðu tölvuna þína í norðvesturhorni skrifstofunnar til að auka á sköpunarkraftinn. Hafðu hana í suðausturhorni ef þú vilt auka tekjurnar.

Settu fiskabúr eða lítinn gosbrunn í austur-, norður- eða suðausturhluta skrifstofunnar. Lítið fiskabúr með svörtum eða bláum fiskum á norðurhelmingi borðsins, eða skrifstofunnar, mun örva viðskiptin og velgengnina.

Sandblástursfilmur
Fyrir vinnustaði og heimili • Stílhreint og snyrtilegt
Lokar gluggum án þess að tapa náttúrulegri birtu
Ýmis mynstur í boði

margt & merkilegt
www.maogme.is
sandblástursfilmur • merkingar • límmiðar • prentun • skilti
Hvaleyrarbraut 35 220 Hafnarfjörður Sími: 534 7900 maogme@maogme.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

SilverScreen
Sameinar notagildi og nútímalega hönnun
Fyrir skrifstofur og heimili
SilverScreen er vandað screen-efni með þunnri álhúð á bakhliðinni. Þannig fæst enn betri birtu og hitavörn.


Gæði og góð ending
Gegnsætt efni - Frábær birtu og hitavörn
Verndar húsgögn og gólf gegn upplitun
Sjáðu út með SilverScreen
Ljóri ehf.
Smiðjuvegur 4 (græn gata) • 200 Kópavogur • sími: 567 8011 • fax 567 3177 • ljori@ljori.is • www.ljori.is

Húfur

Lopapeysur

Ullarsokkar

Vettlingar

Ullarnærföt

Lopi og band

Opið í vetur:
Mánud. - föstud. 9:00 - 18:00
Laugard. 9:00 - 16:00

Síðan 1896

ÁLAFOSS

Álafossvegi 23 - Mosfellsbær
sími: 566 6303 - www.alafoss.is






PHILIPS 37PF9731D

**BESTA HÁGÆÐA LCD SJÓNVARPIÐ**

EISA (European Imaging and Sound Association) eru leiðandi samtök ritstjóra hljóð-, myndatöku-, ljósmyndunar-, heimabíó- og bílraftímarita. Samtökin voru stofnuð árið 1982 og innan þeirra starfa 50 tímarit frá 20 löndum víðsvegar um Evrópu. EISA hefur að leiðarljósi að verðlauna bestu raftækin á hverju sviði, bæði fyrir nýjungar og einstök gæði.

# TVÖ BESTU SJÓNVARPSTÆKIN Í EVRÓPU 2006-2007




PHILIPS 42PF7621D

**BESTA VISTVÆNA SJÓNVARPIÐ**

PHILIPS

Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

## Frá níu til fimm

Skrifstofumyndir eru sérstök kvikmyndagrein, sem eins og nafnið gefur til kynna snýst um daglegt líf á skrifstofunni. Þótt framsetningin sé misjöfn, allt frá gríni upp í gallharða spennu, er megininntakið í raun yfirleitt það sama því söguþráðurinn hverfist um framagirni og valdabaráttu innan fyrirtækja, einkum á milli undir- og yfirmanna. Hér eru níu myndir sem falla í þennan flokk:



1. Nine to Five (1980). Þrjár skrifstofukonur, sem hafa fengið sig fullsaddar á yfirgangi og karlrembu yfirmannsins, ákveða að láta hann bragða á eigin meðali. Bráðskemmtileg gamanmynd undir áhrifum frá kvenfrelsis-hreyfingunni og með smellnu titillagi eftir sveitasöngkonuna Dolly Parton.



2. Wall Street (1987). Metorðagjarn ungur verðbréfasali, sem veigrar sér ekki við að framselja ólöglegar upplýsingar, slæst í lið með gráðugum verðbréfabraskara. Mynd með sterkum siðferðisundirtóni þar sem dregin er heldur dökk mynd af viðskiptalífinu á Wall Street.

3. Secret of My Succe$s (1987). Ungur maður á póstdeild í stórfyrirtæki þykist vera stjórnandi til að komast áfram og ganga í augun á stúlkunni sem hann elskar. Óæskileg aðferð til að klifa metorðastigann en besta skemmtun engu að síður.



4. Working Girl (1988). Einkaritari fyllist gremju þegar yfirmaðurinn (í þessu tilviki kona) eignar sér hugmyndir hennar og ákveður að stela þeim tl baka með því að þykjast vera hún. Að vissu leyti hliðstæða við myndina að ofan, bara betri í alla staði.

5. The Temp (1993). Hér snýst leikurinn við. Yfirmaðurinn er nú orðinn fórnarlamb djöfullegs einkaritara, sem ráðinn er til afleysinga í smákökufyrirtæki en ætlar sér stærri hluti og svífst einskis svo að þeir nái fram að ganga.



6. Disclosure (1994). Kvenkyns deildarstjórnandi hjá tölvufyrirtæki áreitir einn undirmannanna og hagræðir sannleikanum með því að kæra hann. Augljóst bakslag kvenréttindabaráttunnar þar sem framakonum er lýst sem miskunnarlausum vörgum.

7. The Associate (1996). Svört kona bregður sér í gervi hvíts, miðaldra, karls til að vera tekin alvarlega í viðskiptaheiminum. Gamla góða hugmyndin um hlutverkaleik klædd í nýjan en heldur ófrumlegan búning.

8. Office Space (1999). Ein best heppnaða myndin í þessum flokki segir frá því hvernig líf dauðleiðrar skrifstofublókar tekur stakkaskiptum eftir heimsókn til dávalds. Takið eftir leikaranum Stephen Root sem hreinlega stelur senunni í hlutverki undirlægjunnar Miltons.



9. The Secretary (2002). Vinnusamband einkaritara og lögfræðings tekur að þróast út í kynferðislega valdaleiki. Hugmyndin um valdatafl á vinnustað er tekin skrefinu lengra í mynd sem er aðallega eftirminnileg fyrir góðan leik Maggie Gyllenhaal.

SAGA HLUTANNA

## Heftarinn verður til

Fyrsti skráðu heimildir um heftara eru frá 18. öld og fjalla um handgerðar heftivélar sem voru búnar til fyrir Lúðvík XIV. Innsigli hirðarinnar var rist í hvert hefti, eins og lög kváðu á um.

Þann 7. ágúst, árið 1866, var einkaleyfi veitt fyrir „nýja pappírsfestaranum“. Hann tók eitt hefti í einu og var aðallega notaður til að hefta saman blöð og bækur, en líka teppi, húsgögn og kassa. Hægt var að fá fjórar stærðir af heftum í festarann.

Árið 1866, nánar tiltekið 24. júlí, fékk George W. McGill einkaleyfi á litlili pappírsbindingu úr látúni sem hægt var að beygja og var undanfari hefta eins og við þekkjum þau í dag. Rúmu ári síðar fékk hann einkaleyfi á pressu til að þrýsta bindingunum í gegnum pappírinn. Hann sýndi uppfinningu sína síðar það ár og hélt áfram að vinna að hefturum og pappírsbindurum næstu árin.



Langt er um liðið síðan fyrsti heftarinn leit dagsins ljós, en hann var aðeins þyngri í meðförum en þessi.

18. febrúar 1979 fékk McGill svo einkaleyfi fyrir „Eins handtaks hefti pressu“ sem vó tæp tvö kíló, tók eitt hálftommuhefti í einu og réð við að hefta nokkur blöð í einu.

# Íslensk hönnun, íslensk framleiðsla

Fyrirtækið Á. Guðmundsson fagnaði 50 ára starfsafmæli á þessu ári, og hefur öll þessi ár verið leiðandi í íslenskri framleiðslu á húsgögnum.

Á. Guðmundsson ehf. var stofnað í janúar 1956 af Ásgeiri J. Guðmundssyni húsgagnasmíðameistara á Eiríksgötu 9 Reykjavík í 40 fermetra húsnæði, en í dag er fyrirtækið í 3200 fermetra húsnæði að Bæjarlind í Kópavoginum.

„Fyrstu 20 árin framleiddum við nánast eingöngu húsgögn fyrir heimilið, en svo lagðist sú framleiðsla alveg niður og nú framleiðum við eingöngu húsgögn fyrir stofnanir, skrifstofur og skóla,“ segir Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Við erum mjög öflugir og erum með gott starfsfólk hérna ásamt mjög fullkominni verksmiðju til að framleiða skrifstofuhúsgögn á Íslandi,“ bætir hann við. Fyrirtækið hefur ætíð framleitt öll sín húsgögn á Íslandi og unnið lengi með íslenskum hönnuðum. Sú lína sem er einna vinsælust hjá fyrirtækinu núna, Flex T, er hönnuð af þeim Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni. Í þeirri línu eru meðal annars stillanleg borð, en það er krafa frá Evrópusambandinu að borð séu stillanleg um 20 cm. „Stillingarnar eru mjög auðveldar, auk þess sem við erum með rafdrifin borð,“ segir Guðmundur.

Aðspurður hvaða breytingar hafi orðið á skrifstofuhúsgögnum um árin, nefnir Guðmundur helst að yfirbragðið sé léttara. „Hér áður fyrr vildu menn þung skrifborð með mörgum skúffum, en í dag eru þetta meira vinnustöðvar þar sem tölvan situr í miðjunni.“ Auk þess séu húsgögnin stillanleg og þá hafa hafa orðið miklar framfarir í stólunum. „Mark-stóllinn sem Pétur Lúthersson hannaði fyrir okkur er stillanlegur og þægilegur. Sjúkraþjálfarar hafa mælt sérstaklega með honum, enda krafan um góða stóla orðin háværi,“ segir Guðmundur. Í þeim efnum nefnir hann til dæmis að í Ingunnarskóla, nýjasta grunnskólanum í Reykjavík, séu um eitt þúsund stólar frá fyrirtækinu sem eru á pumpum, allir ætlaðir nemendum.

- keþ



Guðmundur Ásgeirsson stendur við Flex T, rafrænt skrifborð í hvítu. Hvíti liturinn hefur notið talsverða vinsælda upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Stóllinn Faxi sem Á. Guðmundsson framleiðir.



Fundarborðin fást hjá InnX.



Falleg hillusamstæða á skrifstofuna eða heimilið frá InnX.

# Rafvædd húsgögn

InnX Innréttingar eru með margar hentugar lausnir í skrifstofuinnréttingum fyrir vinnustaði og heimili. Fyrirtækið selur meðal annars ýmiss konar húsgögn búin rafrænum stillingum.

Halldór Gunnarsson, sölustjóri hjá InnX, segir að rafmagnshæðarstillanleg skrifborð séu gífurlega vinsæl hjá fyrirtækinu um þessar mundir. „Allt að 80 prósent af skrifborðum sem fyrirtækið selur um þessar mundir eru hæðarstillanleg.“

Rafmagnshæðarstillanleg borð hafa lækkað talsvert í verði síðastliðin ár og hafa vinsældir þeirra aukist samhliða því. „Fólk veit að ef því líður vel í vinnunni og vinnuumhverfið er þægilegt þá stuðlar það að meiri afköstum.“

Rafmagnsborðin frá Innx eru til í ýmsum stærðum og gerðum og passa vel inn á heimili og vinnustaði. Rafmagnshæðarstillanleg borð þykja einstaklega hentug á heimili þar sem fleiri en einn nota sama skrifborðið og það er því mikill kostur að hver og einn geti stillt skrifborðið eftir sínum þörfum. Skrifborðin frá InnX eru fáanleg í stærðum frá 62 og upp í130 sentimetra.



Ólafur segir opin og lokuð vinnurými henta misvel eftir því hvers konar störf eru unnin í rýminu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Hæfilegur hljómur tryggður

Hljóðhönnun snýst um að stjórna því hversu hljómmikið húsnæði er.

Starf Ólafs Hjálmarssonar verkfræðings snýr meðal annars að hljóðvist og hvaða áhrif hún hefur á líðan starfsmanns og heilsufar.

„Vinnuvistfræði er íslenska þýðingin á orðinu ergonomics og snýst um samspil umhverfis og manns, til dæmis áhrif umhverfis á afköst og líðan,“ segir Ólafur og bætir við að störf hans snúist í víðum skilningi um vinnuvistfræði út frá hljóðfræði. Önnur svið væru til dæmis öryggismál, vinnustellingar, aðbúnaður og félags- og sálfræðiþættir.

„Þetta þarf svo allt að verka saman. Það er mjög ánægjulegt að fyrirtæki eru að fá betur og betur menntað fólk á þessu sviði og við erum að reyna að hvetja háskólana til að auka námsframboð í vinnuvistfræðum. Það eru verulegir hagsmunir í húfi fyrir þjóðfélagið í formi fráveru starfsmanna og veikindadaga. Upphæðirnar sem tapast á hverju ári eru svimandi háar.“

Ólafur segir mikilvægt að gefa hljóðhönnun gaum strax í upphafi hönnunar húsa. „Það er mikilvægt að skoða starfsemina sem á að vera í húsinu og tryggja að það sé hæfilega hljómmikið, hvorki of né van. Það er stórt verkefni að tryggja hæfilegt hljóð og líka að hávaði frá tækjabúnaði og umhverfi sé ekki of mikill.

Þegar best lætur komum við snemma að og náum að tala við aðra hönnuði um útfærsluna,“ segir Ólafur og bætir við að það gangi hægt hér á landi að koma þeim starfsháttum við en víða í Evrópu séu það venjubundin vinnubrögð. „Sumu, eins og varaaflstöð inni í húsi, er hægt að bregðast við ef maður veit af því strax í upphafi. Það getur hins vegar verið þungt og dýrt eftir á. Stundum er samt hægt að gera góða hluti á tiltölulega ódýran hátt. Og við reynum að gera það í samstarfi við arkitektinn því við erum að glíma við sjáanlegt yfirborð.“

Kostnaður við hljóðhönnun nemur 1-1,5 prósentum af byggingakostnaði ef hún er unnin með annarri hönnun hússins á móti til dæmis 5-15 prósenta kostnaði sem fer í útlitsmótun. Kostnaðurinn kemur því mörgum þægilega á óvart.

Eitt af því sem skoðað er á stórum vinnustöðum er hvort vinnurými eigi að vera afmörkuð eða opin. „Í minni ráðgjöf mæli ég með því að bjóða upp á báða möguleika. Sumum fellur illa að vera í opnu rými og er illa við truflun. Aðrir vilja hafa ys og þys í kringum sig. Opin rými eru lifandi og skemmtileg og það er ákveðinn kraftur í þeim, en ókosturinn er hljóðvistin þar.

Microsoft gerði einu sinni tilraun þar sem allir forritarar voru settir í opið rými í stað lokaðra og villum snarfjölgaði. Í símaþjónustuverum henta opin rými hins vegar vel. Þá er auðvelt fyrir starfsmenn að spyrja hina. En lykilatriði er að ef vinnurýmið er opið séu lokuð rými fyrir trúnaðarsamtöl og erfið verkefni,“ segir Ólafur að lokum.

*einareli@frettabladid.is*

# Aðalmálið að koma hugmyndum á blað og vinna

Skrifstofunám og hönnun er ein af spennandi brautum NTV, Nýja tölvu- og viðskiptaskólans. Fyrir utan hefðbundið skrifstofunám kynnast nemendur einnig öðrum þáttum í kringum auglýsinga- og kynningamiðlun.

„Þetta er til þess að fólk geti samtvinnað að vera á skrifstofu og búið einnig til kynningar- og auglýsingaefni fyrir fjölmiðla og prentsmiðjur, með öðrum orðum, að víkka sjóndeildarhringinn hjá skrifstofufólki,“ útskýrir Eva Birgitta Eyþórsdóttir, skrifstofustjóri NTV. Aðspurð hvort því sé um að ræða hálfgert fjölmiðlafulltrúanám segir Eva að það sé ekki fjarri lagi. „Lokaverkefnið er einmitt að búa til bækling frá grunni sem hægt er að skila beint til prentsmiðjunnar.“



Nemendur í skrifstofunámi og hönnun hjá NTV, greinilega í miklu stuði.

Skrifstofunám og hönnun hefur nánast verið kennt í NTV frá upphafi skólans og segir Eva að vinsældir námsins hafi aukist jafnt og þétt. „Þeir sem sækja í þetta nám eru flestir frá fyrirtækjum en síðan eru einnig margir sem hafa áhuga á grafískri hönnun og öðru slíku. Auglýsingatæknin, hönnunin og skrifstofunámið hafa svolítið verið að tvinnast saman, en ástæðan fyrir því að námið heitir ekki grafísk hönnun er sú að á námskeiðinu er ekki verið að kenna skapandi hugsun þó svo að hún komi auðvitað inn í, aðalmálið er kennslan í að koma hugmyndum á blað og vinna.“

Þegar Eva er spurð um ávinninginn af slíku námi svarar hún því að hann sé umtalsverður. „Nemendur geta sýnt fram á að hafa lokið þessu námi og slíkt styrkir þá á vinnumarkaðnum. Nemendurnir eru líka komnir með betri grunn sem nýtist þeim við venjuleg skrifstofustörf. Ávinningur er einnig augljós fyrir minni fyrirtæki sem borga að öllu jöfnu háar fjárhæðir fyrir hluti eins og gerð kynningarefnis, auglýsinga og þess háttar. Þessi fyrirtæki geta þá nýtt sér sinn eigin starfsmann við þessa gerð ásamt því að sá starfsmaður þekkir einnig ferlið hjá prentmiðlum og öll samskipti þar á milli.“ *- sha*

## SAGA HLUTANNA

# Ljósritunarvélin verður til

Ljósritunarvélin eins og við þekkjum hana er hugarfóstur Chesters Carlson. Carlson vann á einkaleyfisstofu og þurfti oft að gera afrit af mikilvægum skjölum. Þar sem hann var gigtveikur var það erfitt og kvalarfullt ferli og hann freistaðist til að nýta uppgötvun búlgarska eðlisfræðingsins Georgis Nadjakov til að þróa ljósafritunartækni í eldhúsinu sínu eftir vinnu. Tilgangurinn var að geta gert mörg afrit með lítilli fyrirhöfn.

Árið 1938 sótti hann um einkaleyfi á uppfinningu sinni en þar sem sjáflblekandi pappír og afritunarprentvélar voru tíðar fannst fáum taka því að búa til rafmagnstæki til að vinna sama verk. Carlson var því hafnað af yfir 20 fyrirtækjum sem hann bauð uppfinninguna til kaups. Meðal þeirra fyrirtækja voru IBM og General Electrics sem höfðu hvorugt trú á því að markaður væri fyrir ljósritunarvélar.



Ljósritunarvélar eru frekar nýjar af nálinni en hugmyndin er rétt um 80 ára gömul. Þær eiga talsvert meira fylgi að fagna í dag en þegar þær voru fyrst settar á markað. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Árið 1944 var það svo Battelle Memorial stofnunin sem hafði samband við Carlson og á næstu fimm árum var aðferðin þróuð áfram. Lítið fyrirtæki að nafni Haloid hóf svo samstarf við Battelle um framleiðslu og markaðssetningu ljósafritunarvélanna sem fengu nafnið Xerox, dregið af orðinu xerography sem er gríska og þýðir þurrskrift.




# ÚTSALA

## 10–70%
afsláttur





15% afsláttur
af sérpöntuðum
húsgögnum







**MIRALE**
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

opið:
mán.–föstud. 11–18
laugard. 11–16

# MIRALE







# Lokadagur útsölunnar enn meiri afsláttur





Cassina

ALESSI

Mirale er eini
viðurkenndi sölu-
aðili Alessi og
Cassina á Íslandi




# 4 RÉTTA VEISLUR

*Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!*



## 4ra rétta villibráð

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**KRÓNHJARTARFILLE**
með kartöflukrókettum, rjómasoðnu
hvítkáli og kóngasveppasósu

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Perlur hafsins

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**FISKI-TVENNA**
ferskasta sjófang hverju sinni

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Veldu þér veislu á 5.950 kr.

*4ra rétta veislur eru aðeins í boði fyrir allt borðið.*
*Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matseðli sem er kr. 8.750,-*

## Villbráðarhlaðborð

*19.október - 22.nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.590 kr.**

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590* kr.

## Jólahlaðborð

*23.nóvember - 30.desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.250 kr.**

*Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250* kr.

PERLAN

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Alternatorar, startarar og varahlutir, fyrir (flestar gerðir) fólksbíla, vörubíla og vinnuvélar. Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

**Bílapartasalan japanskar vélar!**
Vorum að eignast yfir 30 bíla til niðurrifs m.a. Musso, Galloper, X-Trail, Ford, VW, Opel, Nissan, Mitsubishi, Suzuki og Skoda. Japanskar Vélar, Dalshrauni 26 S. 565 3400.

Nissan Patrol vél, 2,8, árg. '99 og gírkassi, nýupptekinn til sölu. Uppl. í s. 696 1597.

## Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbo ehf. s. 544 2004.

## Bílaleiga




Bílaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s.864 4589/554 4589

## KEYPT & SELT

## Til sölu







**Stigalagerinn**
Eigum mikið úrval stiga á lager tilbúna til uppsetningar. Ryðfrítt efni til handriðasmíða, festingar ofl. Mjög hagstæð verð. Stigalagerinn - 5641890



**Minkapelsar**
Hvernig væri að fara í bíltúr til Keflavíkur? Gott úrval af minkapelsum. Jakob - s: 421 1661




Klassa tilboð, mikið fyrir lítinn pening!
16"pizza af matseðli 9"hvítlauksbrauð og gos fylgir frítt með gegn því að vera sótt á aðeins 1.690.-
eða
16" m/2 áleggjum, 9"hvítlauksbrauð og gos fylgir frítt með gegn því að vera sótt á aðeins 1.490.-
Opið alla daga frá kl. 17-21
Pizza 67, Austurveri Háaleitisbraut 68.
S. 800 6767



Til sölu poolborð með gjaldtöku. Góð kjör, afhendist strax. Upplýsingar í síma 895 2515.





Brúnn antíkorðstofuskápur í funkis-stíl með renniglerhurðum að hluta. Metinn á 120 þ. af antíksala, fæst á 90 þ. Eikarborðstofusett (6-12 manna), mjög fallegt, úr eik, með sporöskjul.spegli og skornum glerrúðum í skáp+minni skáp í stíl. Fæst á 150 þ, metið á 250 þ. Standklukka 190 cm há, nýyfirfarin selst á 50 þ. Kostar ný 200 þ. Nett antíkskatthol 25 þús. Philips útvarpstæki m.lömpum, afmælisútgáfa frá 1957, mjög vel farið, rafdrifið stöðvaminni. H.40cm B.60cm. V.60 þ. Plötuspilari m.geislasp.+ brennara+ útvarpi, hægt að afrita beint af LP plötum á CD, 4 mán gamalt 45 þ. Vönduð tágasólst. húsgögn 2+1+1+ glerborð 25 þ. Sem nýr pels, 90 þúsund. Kringl.eldh.borð + 4 stólar, ljós viður, kr. 15.000. Ikea fatask. í barnaherb. 4000. Uppl. í síma 820 0782 og 562 1058.

**Ódýrt**
Birkikrossviður,12mm 122*244cm. Ofnþurkuð fura:63*125 og 75*125 Íslensk-Rússneska ehf. S.8956594

Til sölu nýleg nagladekk 185/70 14". Felgur passa undir BMW. Uppl. í síma 898 5016.

Til sölu leirvél frá Podmore and son's. Uppl. í s. 897 4384.

Lítið þrekhjól, snyrtiborð Palesander, skatthol brúnt, selst allt á 12.000 eða stakt. S. 663 9639.

**Nýjir gluggar til sölu!**
Fjórir gluggar, stærð 1990x2255, gluggar og fög gagnvarið, málað, glerjað með K-gleri, allt gler er hljóðdempandi 35db. Adjufix hursla, skrúfa og tappi. Verð 170 þ. S. 692 6825.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavél. Tökum bilaðar uppí. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Til sölu píanó, Baldwyn Howard, vel með farið, kolaofn með einni hellu og útigasgrill. Uppl. í s. 824 0060.

## Hljóðfæri



Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta. Verð frá 29.000kr. EG-Tónar. Sími Akureyri 462 7374 & 6601648, sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610. Harmonikukennsla fyrir byrjendur.



Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

Píanó til sölu frá Baldwin vel með farið, selst á góðu verði. Uppl. í s. 551 1877 & 897 6298.

til sölu mjög góð hnappa harmonikka Bugari Armando Champion Cass 4 kóra verð 250.000 kr benedikt simi 8927687

ESP Kirk Hammett KH-2 gítar til sölu. K. nýr 167.000. Selst á 100.000. S. 697 3103.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

Hraðbraut Hringiðunnar
ADSL tenging
Verð frá 3.690.- kr.
Hringiðan
Hringdu núna 525 2400

**Nýjar tölvur og fl. www.vefkaup.is**

**Notaðar tölvur og fl. http://tolvur.vortex.is**

**Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.**

**Tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

**HIGH TECH CENTER LAPTOP OF 2006**
Sala ársins!!! Vista ready, 17" LCD skjár, AMD Athlon 64 FX60 Dual Processor, (Lang besti AMD Processor!) NVIDIA QUADRO FX 512MB DDR3 2GB DDR3 RAM, TV & Stereo með fjarstýringu. Og margt fleira!!! Aðeins 5 einingar eftir frá aðeins 300.000 kr. Raunvirði frá 400.000 kr.!!! Ef þú vilt það besta hringdu í s. 664 8462.

## Gefins

3 kettir, 2 læður ca 6 mán. og 1 högni ca 4 mán. Vel upp alin og voða ljúf. Er líka með eldri ketti sem þurfa ný heimili vegna flutnings. Engöngu reglusamt fjölskyldufólk. Uppl. í s. 615 1212.

## Óskast keypt

Óska eftir rostungs eða hvaltönnum til kaups. Óska einnig eftir 70 og 80cm flekahurð með körmum. Á sama stað er til sölu stór Stovax kamína. S. 663 1189.

## Vélar og verkfæri



Fini Flash Jeppadæla 175 L á mín, 8 bara þrýstingur. KR.29.900. Verkfærasalan ehf, Síðumúla 11, S. 568 6899.

Til sölu 300 bar háþrýstidæla og Wagner málningasprauta. Uppl. í s. 863 7645.

## Til bygginga

meva
Steypumótakerfi
Ný og notuð steypumót frá Meva.
Handflekamót, kranamót og loftamót.



mót heildverslun
www.mot.is 544 4490

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

allt tilboð
Alla föstudaga



RE/MAX®
www.remax.is
enginn í heimi selur fleiri fasteignir...

Reynir Bakarí

Reynir Bakarí Kópavogi. Vantar hörkuduglegt afgreiðslufólk í Hamraborg og á Dalveg. Tvískiptar vaktir, helgarvinna samkomulag. Uppl. á Dalvegi 4 eða í s. 564 4700 Jenný.

Björnsbakarí Vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 7-13 daglega. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

### Atvinna Atvinna!

Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 16-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir www.gardlist.is

### Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin

Röska menn vantar. Uppl. í s. 553 1055 eða á staðnum, Gúmmívinnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

### Múrarar, byggingaverkamenn

Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari.

óskum eftir að ráða vanann beitningarmann, beitt er í Kópavogi. Uppl. í s:8653622

Óskum eftir starfsmanni í afgreiðslu ofl. tengt lífrænum og heilsuvörum. Uppl. í s. 551 2121 & 693 3780.

Góður og duglegur starfskraftur óskast í skólamötuneyti að afgreiða nemendur. Vinnutími 8-16, góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976 e. kl. 13.

Háseta vantar á 70 tonna netabát frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 845 1546 & 692 1535.

Heildsala í vinnufatnaði vantar starfskraft í bókhald og innheimtu. um er að ræða hlutastarf. umsóknir óskast sendar á thjarkur@thjarkur.is

### Pizza bakari - Pizza bakari

Kaffi Hafnarborg auglýsir eftir vönum pizzabakara í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir hafið samb. við Guðfinnu í s. 534 2100 eða á netfangið guffagrin@hotmail.com

### Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Tímaritaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Rauða Torgið óskar eftir samstarfi við laglega, lífsglaða fyrirsætu. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is.

Starfskraftur óskast í fiskbúð.Vinnutími frá kl 14-19 virka daga. Uppl í s 581 2929 á kvöldin og um helgar.

## Atvinna óskast



Ég óska eftir atvinnu. Allt kemur til greina. Sendið uppl. á Fréttablaðið merkt „ Edda".

Maður með uppeldismenntun og viðræka reynslu m.a af stjórnun óskar eftir vinnu hjá einkafyrirtæki. Uppl. mail@visir.is

29 ára karlmaður óskar eftir vinnu, allt kemur til greina. Uppl. í s. 848 8842.

Kona fra Lettlandi oskar eftir vinnu a Islandi. S.8457158

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Maður lifandi 2ja ára - Bjóðum afmælissúpu í dag í Borgartúni og Hæðasmára.

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Spjallrásin 1+1



Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555
langlífasta spjallrás á Íslandi
Símastefnumótið...905-2200
Rómó-stefnumót...905-5555

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Dömurnar á Rauða Torginu vilja heyra í þér! Yndislegt spjall við yndislegar dömur! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (kr. 299,90 mín) og 535-9999 (ódýrara, kr. 199,90 mín)

„Kvöldsögurnar" á Rauða Torginu eru góð afþreying fyrir karlmenn! Símar 905-2002 (kr. 99,90 mín) og 535-9930 (ódýrara, kr. 19,90 mín)

Amazing Race- vandi ! Eruð þið ráðvillt? Veistu ekki hvert þú átt að fara? Upplýsingar á http://www.undo.com/ratleikur

### Símaspjall 908 5050

Hæ strákar ég er komin heim, hringið og ég er til í ykkur.

### Símaspjall 908 2020

Ég er komin til baka. Verð yfir helgina. Mig langar að vera vinkona þín í kvöld og í nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli.

Eldri karlmaður vill kynnast samkynhneygðum. Svör berist Fréttablaði merkt „Vinur".

allt tíska
Alla fimmtudaga

ÁS FASTEIGNASALA
Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

VATNSENDABLETTUR SVEIT Í BORG



Frum

Erum með í sölu eitt glæsilegasta einbýlishúsið á höfuðborgarsvæðinu með einstöku útsýni yfir Vatnsendann, Bláfjöllin, Heiðmörkina og víðar. Frábær hönnun með stórum gluggum þar sem landslags málverkin eru fyrir augum eigenda allan daginn, stór suður verönd og stór tvöfaldur bílskúr.

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

allt hús
Alla mánudaga




Þetta gæti tekið tíma




Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Það er gott að búa á austurlandi



# Egilsstaðir, 2. & 3. HERBERGJA ÍBÚÐIR TIL LEIGU







Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

## Kaupvangur, Egilsstaðir. 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA veitir allar frekari upplýsingar.



ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Fasteignafélag Austurlands ehf.
Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður
Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

# Þrastarhöfði – Mosfellsbæ
## BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 899 1178

Ný glæsileg einbýlishús á einni hæð í nýju hverfi í Þrastarhöfða Mosfellsbæ. Aðeins sjö hús eftir! Þau eru frá 235 til 250 fm að stærð og afhendast rúmlega fokheld með stuttum fyrirvara. Einstakt tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi.

Frum



Atli Sigvarðsson
sölufulltrúi

*Hafið samband við*
*Atla í síma 899 1178 og bókið skoðun.*

http://www.aicon.is/thrastarhofdi/





Síðumúla 27 108 Reykjavík - sími 534 4040 - fax 534 4044 - Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari

ATVINNA




# Viltu vera í okkar liði?

**IKEA er að vaxa og innan skamms munum við opna glæsilega 20.000 m² verslun við Urriðaholt í Garðabæ. Þess vegna getum við bætt við okkur starfsfólki í framtíðarstörf**

IKEA er ein stærsta húsgagnakeðja í heiminum og rekur 235 verslanir í 34 löndum. Síðan IKEA var stofnað í Svíþjóð árið 1943 hefur fyrirtækið mótað árangursríka hugmyndafræði sem grundvallast á tengslum við sænskan uppruna IKEA og hugsjónir stofnandans, Ingvar Kamprad. Í dag er IKEA vörumerkið eitt af stærstu og þekktustu vörumerkjum á heimsvísu.

Markmið IKEA er að gera daglegt líf fólks þægilegra. Það er gert með því að bjóða upp á breitt úrval af vel hönnuðum og hagnýtum húsbúnaði á svo lágu verði að allir hafi efni á að kaupa hann.

Hjá IKEA vinna nú yfir 300 manns í fjölbreyttum störfum og býður fyrirtækið upp á starfsumhverfi fyrir skapandi fólk, þar sem möguleiki er til að þróast og vaxa. Hvort sem unnið er sjálfstætt eða saman, þá er tekist á við ábyrgð og starfsfólki gefið tækifæri á að vaxa með IKEA í góðu starfsumhverfi.

**Um er að ræða störf í eftirfarandi deildir:**

- **Þjónustudeild**
  Starfsfólk á kassa
  Starfsfólk á vöruafhendingarsvæði
  Starfsfólk í Småland (leiksvæði barna)
  Starfsfólk á þjónustuborð
- **Veitingastaður**
  Starfsfólk í Sænsku Búðina
  Starfsfólk í Kaffihornið
  Starfsfólk í undirbúning og afgreiðslu
- **Útstillingadeild**
  Grafískur hönnuður
  Hönnuður í smávörudeild
  Hönnuður í húsgagnadeild

Sveigjanlegur vinnutími, aldurstakmark er 18 ára og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði á vefsíðu www.IKEA.is eða á netfangið magnus@ikea.is
Sé sótt um ákveðið starf skal tilgreina það í umsókninni. Nánari upplýsingar um menntun og hæfniskröfur veita Magnús Auðunsson í starfsmannahaldi og Róbert Valtýsson, starfsmannastjóri IKEA.




IKEA Holtagörðum, 104 Reykjavík
Sími: 520 2500 | Netfang: ikea@ikea.is | Vefsíða: www.IKEA.is

IKEA ®

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

## UPPBOÐ

*Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður háð á eigninni sjálfri, sem hér segir:*

Eignarhluti gerðarþola í Vatnsenda lóð 221-7717, Þingeyjarsveit, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri, föstudaginn 29. september 2006 kl. 11:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
21. september 2006

## Lagerstarf

Tvær lausar stöður á lager Dýraríkisins.
Almenn lager og þjónustustörf

s:5687180, Gunnar.

**DÝRARÍKIÐ**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## ÞJÓNUSTULIÐI - RÆSTING í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Einnig vantar starfsmann til ræstinga síðdegis.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

**Skólameistari**

## *"Nú byrjar ballið"*

Harmonikudansleikur
í Breiðfirðingabúð í kvöld kl. 21.30

Húsið opnar kl. 21.00

Hljómsveitir undir stjórn Jóns Inga Júlíussonar og Sveins Sigurjónssonar auk HG dúósins leika fyrir dansi til kl. 02.00

***Félag harmonikuunnenda í Reykjavík***

HÖFÐABAKKI
fasteignasala
Þorbjörn Pálsson löggiltur fasteignasali
Höfðabakki 9 – 110 Reykjavík – Sími 414 4600

## OPIÐ HÚS á morgun sunnudag frá kl. 15:00 til 16:00 Galtalind 4 - 201 Kópavogi

Frum



Stórfalleg 4ra herbergja 125 fm. íbúð með 24 fm. bílskúr og 20 fm hornsvölum í 3ja hæða 5 íbúða húsi. Björt íbúð með miklu útsýni í vel byggðri blokk. ***Verið velkomin og nýlagað er á könnunni.***

# Vatnsholtsvegur 6 - Sumarhús við Apavatn

# Opið hús í dag milli 13 og 16

Frum





**Sumarbústaður í landi Vatnsholts v/Apavatn í Grímsnes- og Grafningshreppi.** Húsið er finnskt límtrésbjálkahús eins og þau gerast glæsilegust. Um er að ræða 10.000 fm eignarlóð sem liggur niður að vatninu með miklu útsýni í allar áttir. Húsið er 85 fm ásamt 35 fm svefnlofti og rúmlega 100 fm verönd. Gert er ráð fyrir heitum potti. Búið er að leggja vegi og gera bílastæði.
**Verð 22,4 millj.**

***Leiðin:*** Ekið er eins og leið liggur austur fyrir fjall, framhjá Svínavatni og framhjá afleggjaranum sem liggur að Laugarvatni í 7,5 km. Þá er beygt niður til vinstri við skilti sem á stendur Sel/Hagi. Ekið í 2,5 km að skilti merkt Vatnsholt og þá beygt til vinstri og ekið í átt að Apavatni. Bústaðurinn blasir þá við á vinstri hönd.

**Þorgeir s. 696-6580 tekur vel á móti öllum þeim sem vilja skoða.**

HÖFÐI
**Suðurlandsbraut 20**
**Sími 533 6050**
**Bæjarhrauni 22**
**Sími 565 8000**

**Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali**




### Átak til atvinnusköpunar:

## Ert þú að vinna að góðri viðskiptahugmynd?

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti** lýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átak til atvinnusköpunar.*

**Átak til atvinnusköpunar** veitir styrki til smærri verkefna og verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar.

**Umsóknir og fylgigögn**
Allar umsóknir skulu færðar á þar til gerð umsóknareyðublöð sem eru á vefsíðu ***Impru nýsköpunarmiðstöðvar***, ***www.impra.is***. Þar skal m.a. eftirfarandi koma fram:

- Markmið verkefnisins.
- Lýsing á verkefninu, greining á nýnæmi þess og áætlaður árangur (afurð).
- Styrkir og önnur fyrirgreiðsla sem áður hefur verið veitt til verkefnisins.
- Kostnaðaráætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið.
- Áætlanir um sölu eða markaðssetningu.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

***Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á vefsíðu Impru, www.impra.is og hjá Hallfríði Benediktsdóttur í tölvupóstfang hallfridurb@iti.is. Umsóknarfrestur er til 13. október 2006.***

*Umsóknum skal skilað á framangreindum eyðublöðum til:*

ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR

*Impra - nýsköpunarmiðstöð,*
*Iðntæknistofnun,*
*Keldnaholti, 112 Reykjavík,*
*merkt Átak til atvinnusköpunar*
*eða á netfangið atak@iti.is*

Kjöreign ehf

Fasteignasala • Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Opið mán.–fim. frá kl. 9–18, fös. frá kl. 9–17

# SÖLUSÝNING UM HELGINA

## LAUGARDAG OG SUNNUDAG KL. 14-16

## GLÆSILEGAR SÉRHÆÐIR MEÐ ÚTSÝNI YFIR ELLIÐAVATN

# KLAPPAKÓR 1 - 203 KÓPAVOGI

Ármúla 21 • Reykjavík    Netfang: kjoreign@kjoreign.is • S. 533 4040

## UM ER AÐ RÆÐA SÉRLEGA VÖNDUÐ OG VEL STAÐSETT HÚS Á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ

Húsin eru alls fimm og eru tvær til fjórar íbúðir í húsi. Tíu íbúðanna eru 3ja herbergja 84,5 fm og sjö íbúðir eru fimm herbergja 149,0 fm. Að auki fylgir íbúðunum sérmerkt stæði og sérgeymsla í lokuðu bílastæðahúsi. Íbúðirnar eru til afhendingar fljótlega tilbúnar án gólfefna. Þó eru baðherbergi flísalögð á vandaðan hátt í hólf og gólf. Lofthæð íbúðanna er meiri en venja er og hurðirnar eru í yfirstærð.





- ✔ VANDAÐAR INNRÉTTINGAR OG INNIHURÐIR MEÐ SÉRVÖLDUM EIKARSPÓN
- ✔ STAÐSETNING HÚSANNA ER FRÁBÆR OG ÚTSÝNI STÓRBROTIÐ
- ✔ FULLBÚNAR SÝNINGARÍBÚÐIR
- ✔ SÖLUMENN KJÖREIGNAR VERÐA Á STAÐNUM UM HELGINA
- ✔ TEIKNINGAR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.KJOREIGN.IS
- ✔ ARKITEKTAR: T.ARK, BRAUTARHOLTI 6

— TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA —

fasteignasalan GARÐUR

Kári Fanndal Guðbrandsson, sölum.
Sigrún Sigurpálsdóttir, lögg. fasteignasali.

# SÖLUSÝNING laugardag og sunnudag kl. 13 - 17

## NÝTT Á ÍSLANDI! - BÚGARÐABYGGÐ!

# TJARNABYGGÐ Í ÁRBORG

**Búgarður - Listamannahús - Garðyrkja**

**Hver er draumurinn?**



- Vilt þú hafa heimilið og gæðingana á sama stað, geta lagt á og reiðstígar og reiðvegir liggja til allra átta?
- Vilt þú hafa heimilið og vinnustofuna á sama stað og nóg rými fyrir hug og hönd?
- Vilt þú ala upp börnin við frjálsræði sveitalífsins en njóta jafnframt allrar þjónustu, t.d. skóla, heilsugæslu, íþrótta og menningar til jafns við þéttbýlið?
- Vilt þú komast úr skarkala borgarlífsins og njóta seinnihluta æviskeiðsins við t.d. fuglaskoðun, renna fyrir fiski eða stunda golf?

Allt þetta og mikið meira til er hægt að gera í Tjarnabyggð, sem er **Búgarðabyggð 4 km. frá Selfossi í átt að Eyrabakka.**
Búgarðabyggðin er nýjung í íslensku skipulagi sem tryggir þér heimild til húsdýrahalds, ræktunar og til léttrar atvinnustarfsemi.
Hver lóð er ca 1,0 til 6,0 ha. að stærð.
Það má byggja einbýlishús, hesthús, reiðskemmu, listagallerí, gistiheimili eða hvað annað sem þér dettur í hug, allt að samtals 1.500 fm.
**Hitaveita.**
Verð frá 4,6 millj. Seljandi lánar allt að 80% til 40 ára.
**Ath. gatnagerðargjöld eru innifalin í verði.**



Sölufólk hjá Fasteignasölunni Garði ásamt landeigendum verða á staðnum og veita allar nánari upplýsingar um lóðirnar
Einnig má fá upplýsingar í síma 562 1200 og 862 3311
eða senda tölvupóst á gard@centrum.is

Fasteignasalan Garður • Skipholti 5 • Símar 562 1200 og 862 3311

# Draumahús Hafnarfirði 530 1820



Frum

## Sölusýning

laugardag og sunnudag

**kl. 16:30 - 17:30**





## Blómvellir 4 - 221 Hfj

**49.900.000**

Afar glæsilegt 231,8 fm. einbýlishús á 2 hæðum með innbyggðum 32,3 fm. bílskúr. Húsið er afar vandað í alla staði og nánast fullfrágengið. Forstofa er með flísum og parketi, stofa, eldhús og hol er með gegnheilu hnotuparketi. Allar innihurðir eru úr hnotu. Eldhús er með fallegri dökkri viðarinnréttingu, eldunareyju með keramikhelluborði og mjög góðu borðplássi. Útgengt er út í garð bæði úr stofu og holi. Þvottahús er með flísum og stórri innréttingu. Stigi á milli hæða er steyptur með gegnheilli hnotu, handrið er úr burstuðu stáli. Á efri hæð eru 2 svefnherbergi bæði með skápum, gott sjónvarpshol þaðan útgengt á stórar suðursvalir með sólpalli. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með baðkari, sturtu og fallegri innréttingu. Gólfhiti er í öllum aðalrýmum hússins. 100 fm. Skrautsteypt bílastæði með hita undir að hluta. Húsið er að hluta til húðað með fallegum dökkum hvarts-mulningi annarsstaðar slétthúðað og málað í ljósum lit. Bílskúr er klæddur með lituðu bárustáli. Gluggar og innihurðir eru hvítar að lit. 36 fm. rými á neðri hæð er í dag nýtt fyrir vinnustofu,mjög auðvelt er að breyta því í íbúð allar lagnir fyrir eldhús og salerni eru fyrir hendi.

*Bóas sölumaður Draumahúsa*
*tekur á móti gestum s: 699-6165*

*Glæsileg nýbygging með 90% láni!*



## Sölusýning

laugardag og sunnudag

**kl. 15:00 - 16:00**



## Kirkjuvellir 3 - 221 Hfj

Glæsilegar og vel skipulagðar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi á sjö hæðum með 27 íbúðum, allar með 24,6 fm svölum á góðum stað á Völlunum. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna, þó flísar á baðherbergi og þvottahúsi. Nánari upplýsingar, teikningar og skilalýsing á skrifstofu Draumahúsa í Hafnarfirði.

*Bóas sölumaður Draumahúsa*
*tekur á móti gestum s. 699 6165*

| *VERÐDÆMI:* | *79,5 FM. 3JA HERB.* | *128 FM. 4RA HERB.* |
|---|---|---|
| KAUPVERÐ (3JA HERB.) | KR. 17.300.000,- | KR. 24.900.000,- |
| HÁMARKSLÁN FRÁ ÍBÚÐARLÁNASJÓÐI | KR. 13.840.000,- | KR. 17.000.000,- |
| LÁN FRÁ SPARISJÓÐUM (UPP AÐ 75%) | | KR. 1.675.000,- |
| LÁN FRÁ SELJANDA (20 ÁRA LÁN, 6,9% VEXTIR) | KR. 1.730.000,- | KR. 3.735.000,- |
| EIGIÐ FÉ (10%) | KR. 1.730.000,- | KR. 2.490.000,- |
| **SAMTALS** | **KR. 17.300.000,-** | **KR. 24.900.000,-** |

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar • Strandgötu 41 • 220 Hafnarfirði sími: 530 1820 • fax: 530 1821 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

# Sérhæðir við bakka Elliðavatns

**Frábært útsýni og tenging við náttúruna á besta stað við Grandahvarf í Kópavogi**



**Opið hús**

**lau - sun 13:00 - 16:00**

# EINSTAKAR EIGNIR!



Íbúðirnar í Grandahvarfi eru vandaðar sérhæðir frá 124-144 fm að stærð.

- **Glæsilegar fullbúnar sérhæðir**
- **Sérlóð fyrir íbúðir á neðstu hæð með trépalli**
- **Glæsilegur frágangur lóða og sameiginlegra svæða**

Myndavél með upptöku verður uppsett við innkeyrslu í götuna, vöktuð af stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar. Einnig fylgir öryggiskerfi hverri íbúð.

Útivistarreitur með útsýnisskífu, grillaðstöðu og sviði í rómverskum stíl.

Allar nánari upplýsingar, teikningar, skilalýsing og bæklingur fást hjá **fasteignasöluni Kletti** í síma **534 5400**.



KLETTUR
FASTEIGNASALA
www.klettur.is / sími: 534 5400

Byggingafélag
JB byggir á reynslunni

pipar / SIA

www.jbb.is

# DRAUMAHELGIN

## *Tjúttað með ömmu og afa*

Draumahelgi Jóhannesar Braga Bjarnasonar yrði í lengra lagi, þar sem almennir frídagar yrðu í báða enda svo úr yrði hálfgerð draumavika.

„Á fyrsta degi kæmi til mín heill her iðnaðarmanna að ljúka byggingaframkvæmdum heima hjá mér,“ segir hann. „Verkstjórinn afhenti mér lykla að rándýrum ítölskum sportbíl, sem við Eva kærastan mín færum á til Hótel Búða, þar sem við snæddum kvöldmat með Rolling Stones.“

Á laugardegi færi Jóhannes á hestbak, vélsleða og í siglingu með Evu, eftir að hafa snætt þynnkumat í boði Snoop Dogg og félaga. „Að svo búnu tæki við frekari gleðskapur með vinum mínum úr „Menningarklúbbnum Mat og Massa“, þar sem matreiðslumeistarinn Auguste Escoffier eldaði ofan í okkur 10-12 ljúffenga rétti,“ segir hann.

Næst bæri Jóhannes og Evu niður í Suður-Frakklandi, þar sem afgangur helgarinnar færi í hangs, sólböð og sjósport. „Þar myndi fyrrtéður Escoffier, ásamt Jamie Oliver og Charlie Trotter, elda dýrindis máltíð, nánast beint upp úr Miðjarðarhafinu, fyrir okkur skötuhjúin og gesti, ömmur mínar og afa sem væru öll orðin aftur um þrítugt,“ segir hann og bætir við að þar sé mikið stuðfólk á ferð.



JÓHANNES, PLÖTUSNÚÐUR OG LJÓSMYNDARI, MYNDI VILJA EIGA VIÐBURÐARÍKA HELGI MEÐ KÆRUSTUNNI SINNI EVU. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Daginn eftir vaknaði Jóhannes við símtal frá verkstjóranum, sem segði að byggingaframkvæmdum væri lokið og því tímabært að skoða útkomuna. „Okkur Evu tækist með undraverðum hætti og á mettíma að ná heim til Íslands á sportbílnum, að sjálfsögðu með viðkomu á nokkrum skemmtilegum stöðum í Evrópu.“ *- rve*

KOLAPORTIÐ
KOMPUDAGAR UM HELGINA
GÓÐ KAUP
FRÁBÆR STEMNING
KOLAPORTID.IS
OPIÐ um helgina frá kl. 11-17

## VISSIR ÞÚ...

að Mick Jagger, söngvari hljómsveitarinnar Rolling Stones, fæddist 26. júlí 1943?

að hans rétta nafn er Michael Philip Jagger?

að hann er fæddur inn í miðstéttarfjölskyldu í Kent á Englandi?

að honum gekk vel í skóla, enda átti hann að verða kennari eins og faðir hans og afi?

að hann stundaði nám við London School of Economics á skólastyrk?

að hann hætti eftir eins árs nám til að elta draum um frama í tónlist?

að foreldrarnir voru síður en svo hrifnir af þessari ákvörðun?

að Jagger fór að syngja í klúbbnum Firehouse í London, 19 ára gamall?

að hann hafði aldrei hlotið neina kennslu í tónlist?

að Keith Richards var skólafélagi Jaggers?

að umboðsmaður Rolling Stones krafðist þess að Jagger kallaði sig Mick en ekki Mike?

að vinir hans kalla hann Mike?

að þegar umboðsmaðurinn var rekinn árið 1969 tók Jagger við stjórninni og hefur séð um viðskiptahlið hljómsveitarinnar síðan?

að hljómsveitin fékk eitt sinn meðlimi Hell's Angels til að sjá um löggæslu á tónleikum?

að það fór illa þar sem mótorhjólagengið særði fjölda aðdáenda og drap einn?

að Jagger hefur átt í fjöldamörgum ástarsamböndum?

að á sjöunda áratugnum bar mest á sambandi hans við söng og leikkonuna Marianne Faithfull?

að hann á sjö börn með fjórum konum?

að fyrir utan opinber sambönd er talið að hann hafi átt samneyti við Sophie Dahl, Carly Simon, Umu Thurman, Helmut Berger og David Bowie?

að barnsmæður Jaggers eru Marsha Hunt, Bianca Jagger, Jerry Hall og Luciana Gimenez?

að þegar Jerry Hall reyndi að skilja við Jagger kom í ljós að þau höfðu aldrei verið gift?

að giftingin, að hætti hindúa á strönd á Balí, var ekki viðurkennd á Englandi?

að Jagger er mikill aðdáandi krikketíþróttarinnar?

að hann er 178 cm hár, en sumir segja þó að hann sé ekki hærri en 173 cm?

að Jagger var sæmdur riddaratign í desember 2003, þá sextugur?



NÝJAR VÖRUR
FABRIKAN
TEKK COMPANY

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS



JÖRÐIN AÐ NÓTTU TIL Eins og sést er ljósmengun víða vandamál.

# Hvað er ljósmengun?

Með orðinu ljósmengun er átt við þau áhrif á umhverfið sem verða af mikilli og óhóflegri lýsingu í næturmyrkri. Þessi áhrif felast öðru fremur í því að fólk sér stjörnuhimininn illa inni í stórborgum eða annars staðar þar sem ljósmengunar gætir. Bæði fækkar verulega þeim stjörnum sem sjást með berum augum og eins verða hinar til muna daufari en ella. Þetta truflar stjörnufræðinga við störf sín og einnig almenna borgara sem vilja njóta þeirrar náttúrufegurðar sem næturhimininn hefur að bjóða.

## Ljósmengun er sjónmengun

Ljósmengun er hliðstæð annarri sjónmengun og stafar af umsvifum mannanna. Með sjónmengun er átt við hvers konar fyrirbæri af manna völdum sem trufla augað og skerða fegurð umhverfisins án þess að valda endilega neinu öðru tjóni. Þannig er ljósmengunin til dæmis hliðstæð mengun sem við teljum stafa af miklum sýnilegum reyk frá verksmiðju, þó að í honum sé kannski ekkert annað en meinlaus vatnsgufa. Ósmekklegt veggjakrot og ljótt drasl í fallegu umhverfi telst einnig til sjónmengunar svo önnur dæmi séu tekin.

## Sparnaður með minni lýsingu

Víða í heiminum er ljósmengun orðin mikið vandamál enda virðast menn enn sem komið er sjaldan sjá neina ástæðu til þess að draga úr lýsingu og spara sér þannig háar fjárhæðir. Barátta stjörnuáhugamanna og náttúruverndarfólks hefur þó sums staðar vakið athygli á þessu vandamáli og leitt til umbóta; stjórnmálamennirnir hafa tekið við sér þegar þeim er bent á peningana sem sparast á minni lýsingu. Lýsing hefur sums staðar tekið miklum stakkaskiptum, orkunotkun minnkað talsvert og lýsing orðið þægilegri. Orkusparnaður úti í heimi, þar sem minna er um umhverfisvæn orkuver en hér, dregur auk þess örlítið úr loftmengun. Það er því til mikils að vinna að spara ljósið.

## Ljósmengun á Íslandi

Nú halda kannski margir að ljósmengun sé ekki vandamál hér hjá okkur. Það er þó öðru nær eins og glöggt má sjá ef ekið er út fyrir borgarmörkin á vetrarkvöldi. Jafnvel langleiðina að Þingvöllum er ljósbjarminn frá höfuðborginni, öðrum smærri bæjum og ekki síst frá gróðurhúsum, svo ótrúlega mikill að jafnvel vetrarbrautarslæðan sést varla og norðurljósin nánast hverfa.

## Ljós sem lýsir ekki á neitt

Algengasta orsök ljósmengunar er sú að frágangi ljósa er ábótavant. Þá berst ljós ýmist til hliðar eða einfaldlega beint upp í himininn, engum til gagns, og til verður ótrúlega mikill bjarmi sem sést víða að. Illa hönnuð götuljós eru skýrt dæmi um þetta, til að mynda keilu- eða kúlulaga ljós sem eru algeng í íbúðarhverfum. Ljóskastarar sem lýsa upp byggingar, til dæmis ljósin fyrir framan Háskóla Íslands, bílastæði, íþróttavelli og því um líkt geta verið slæmir því að mikið af því ljósi fer beint upp í himininn og lýsir ekki á neitt. Sumir ganga meira að segja svo langt að lýsa upp steina eða tré í garðinum hjá sér með því að setja ljóskastara ofan í jörðina og lýsa þannig beint upp í himininn.

## Betri ljósbúnaður dregur úr ljósmengun

Einfaldasta og ódýrasta leiðin til að draga úr ljósmengun er að nota ljósbúnað sem lýsir einungis niður. Ljós með góðum hlífum eða skermum nota þar vel að gagni. Garðyrkjubændur eiga kost á lömpum sem nýta betur ljósið í gróðurhúsunum án þess að það fari beint upp í loftið; þannig sparast peningar á orkureikningnum og uppskeran eykst jafnvel. Meiri uppskera fyrir minni kostnað skilar sér síðan til neytenda í formi ódýrari vöru. Sumarbústaðaeigendur geta keypt ljós með rofum sem skynja hreyfingu og aukið þannig öryggi bústaðarins um leið.

## Ríki og sveitarfélög

Ríki og sveitarfélög ættu að taka höndum saman um að spara peninga skattgreiðenda með því að draga úr lýsingu. Það mætti gera með því að setja einhvers konar ákvæði um lýsingu í greinargerð um skipulag bæja. Ríkið ætti að huga betur að vali á ljósum á þjóðvegum landsins en gert hefur verið hingað til. Sumir skipulags- og umferðarfræðingar hafa jafnvel fært rök fyrir því að aukin lýsing á þjóðvegum landsins auki ekki öryggi vegfarenda, heldur aðeins aksturshraðann og því um leið slysahættuna.

## Njótum næturhiminsins

Minni orkunotkun skilar sér til baka á ótrúlega stuttum tíma. Þar sem ráðist hefur verið í úrbætur annars staðar í heiminum hefur aðeins tekið nokkur ár að borga upp kostnaðinn sem fór í úrbæturnar, einfaldlega með þeim peningum sem spöruðust á minni orkunotkun. Gleymum því ekki að næturhimininn er eitt af mestu undrum náttúrunnar og hefur verið uppspretta fegurðar og fróðleiks allt frá því að menn urðu til. Því miður njóta hans færri en skyldi, en allir heillast af honum þegar hann sést ómengaður í öllu sínu veldi.

*Sævar Helgi Bragason eðlisfræðinemi og Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor í vísindasögu og eðlisfræði.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Getur verið léttskýjað í Reykjavík í sunnanátt, má eiga líkamspart af sjálfum sér eftir aflimun, getur hárið orðið grátt ef einstaklingur verður fyrir skelfilegu áfalli, er hægt að nota orðið „þverfaglegt" án allra útskýringa, hver er munurinn á sálfræðingum og geðlæknum og getið þið sagt mér allt um gaupur? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.




10 daga



Í tilefni af 25 ára afmæli Tengis bjóðum við afslátt af völdum vörum, þar á meðal 25% afslátt af sturtuhurðum. Hjá okkur getur þú skapað baðherbergi drauma þinna en við erum með fjölmörg frábær vörumerki sem bjóða upp á glæsilega hönnun á baðkerum, hreinlætistækjum og eldhúsvöskum. Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 76.

HANNAÐU HEIMILIÐ MEÐ TENGI

Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

VISA

MasterCard Nú getur þú greitt með léttgreiðslum Euro og Visa – vaxtalaust í 3 mánuði.

Smiðjuvegur 76 200 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is

RÝMINGARSALA!!!
Laugardag 11-16 og sunnud. 13-16.
Aðeins þessa helgi. Fyrstir koma, fyrstir fá!







GP gæðahúsgögn
Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

# FRÆGIR FYRIR FRÆGÐ

Fréttablaðið fékk nokkra þjóðþekkta einstaklinga til að gramsa í hirslum sínum eftir myndum af sér frá því áður en þeir urðu þekktir. Margt hefur breyst á mislöngum tíma en úr varð þessi skemmtilega myndasería.



## Í ALLTOF LITLUM SKÓM

Brynja Þorgeirsdóttir stendur hér á tjörninni í Reykjavík í sínu fínasta pússi árið 1985. Sænsk vinkona hennar var í heimsókn og vildi endilega fá mynd af snjó áður en hún færi heim. Brynja segist hafa klæðst þessum jakka, sem hún líkir við gólfteppi, í tvö til þrjú ár og þótt hún ægilega fín. Skórnir voru eitt það heitasta í tískunni þetta árið og lét Brynja sig hafa það að vera í þeim þrátt fyrir að þeir væru alltof litlir.



## SAUTJÁN & SVALUR

Arnar Grant var snemma farinn að fækka fötum fyrir myndavélarnar en hér er hann sautján ára gamall í eldhúsinu heima hjá sér á Akureyri. Arnar hafði það á orði að hann hefði lengi leitað að myndum af sér í fötum en sú leit hefði ekki borið tilætlaðan árangur.



**Á FERÐALAGI** Valdimar Örn Flygenring er hér um tvítugt á ferðalagi um Evrópu. Hann er hér um það bil að kveðja systur sína í Svíþjóð og stíga um borð í ferju til Englands.



## UNGUR OG SAKLAUS

Sjónvarpsmaðurinn góðkunni Helgi Seljan var aldeilis fínn með körfuboltann í fermingarkyrtlinum. Eitthvað hefur ungi maðurinn harðnað síðan á fermingaraldrinum.



## STOLTUR STÚDENT

Edda Björgvinsdóttir stendur hér stolt með litlu dóttur sína, Evu Dögg, í fanginu á útskriftardaginn. Óhætt er að segja að þær hafi báðar þroskast mikið síðan þessi mynd var tekin árið 1971.



## *Frábært hár*

Hjalti „Úrsus“ Árnason var gripinn glóðvolgur í myndatöku heima í stofu í þessari líka frábæru skyrtu. Ekki er mikið farið að votta fyrir hinum kraftmikla og káta kraftakarli sem Hjalti er í dag.



**ÚTSKRIFTARÁRGANGUR LEIKLISTARSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1994** Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir lét okkur þessa fínu útskriftarmynd í té en á myndinni eru Margrét Vilhjálmsdóttir, Halla Margrét Vilhjálmsdóttir, Guðlaug, Sigrún Sól Ólafsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Benedikt Erlingsson og Þórhallur Gunnarsson.


JU-JITSU

Byrjendanámskeið að hefjast !

Viltu læra sjálfsvörn

- Byggir á japanskri tækni
- Eflir styrk og eykur þol
- Lásar og tök
- Eykur stjálfstraust

Kennsla fyrir börn og unglinga



Frír prufutími komdu og prófaðu !

Allar upplýsingar og skráning á heimasíðu okkar www.sjalfsvorn.is eða í síma 863- 2804

Sjálfsvarnarskóli Íslands
Faxafeni 8
www.sjalfsvorn.is

Sjálfsvarnarskóli Íslands er aðili að World Ju Jitsu federation stærstu ju jitsu samtökunum.

*Nýtt tákn um gæði*

## Uppskeruhátíð

# Góð tíð

## Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag

**Kröftug og heilbrigð fræ gefa góða uppskeru í hvaða tíð sem er. Nú er haust. Og tíðin góð. Nýttu góðæri haustsins og gerðu bestu kaupin hjá Brimborg.**
**Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford á ofurgóðu uppskeruverði. Komdu í kaffi og kleinur.**

**Kynntu þér einnig góð kjör á bæði bílasamningi og rekstraleigu Brimborgar. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Lægri vextir. Lægri lántökugjöld.**

**Opið í dag frá kl. 12 til 16.**

**OFURTILBOÐ Á FORD**
**LÆGRI VEXTIR**
**LÆGRI LÁNTÖKUGJÖLD**



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag



| Ford Fiesta Trend<br>1,4i 5 dyra 5 gíra* | Ford Focus Trend<br>1,6i 5 dyra 5 gíra* | Ford Focus C-Max Trend<br>2,0i 5 dyra sjálfskiptur* | Ford Mondeo Trend<br>2,0i 5 dyra sjálfskiptur* |
|---|---|---|---|
| Uppskerutilboð 1.530.000 kr. | Uppskerutilboð 1.990.000 kr. | Uppskerutilboð 2.290.000 kr. | Uppskerutilboð 2.290.000 kr. |
| Bílasamningur 18.100 kr. | Bílasamningur 23.550 kr. | Bílasamningur 27.490 kr. | Bílasamningur 27.490 kr. |
| Rekstrarleiga 27.610 kr. | Rekstrarleiga 34.340 kr. | Rekstrarleiga 37.530 kr. | Rekstrarleiga 39.050 kr. |

**Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Í litlu rauðu húsi austur á Stöðvarfirði hefur **Petra Sveinsdóttir**, eða Steina-Petra eins og hún er ávallt kölluð, komið upp einstöku safni skrautsteina. Hún hlaut í sumar hvatningarverðlaun Þróunarfélags Austurlands fyrir söfnunarstarf sitt. *Svavar Hávarðsson* leit inn til Petru og kynntist einstakri konu.



**HUNDRUÐ ÞÚSUNDA Í HEIMSÓKN** Síðustu tíu árin hefur gestum fjölgað jafnt og þétt og þeir voru rúmlega tuttugu þúsund í fyrrasumar. MYND/SVAVAR

# „Þau eru ekki svo grá fjöllin okkar“

Safnari og náttúrubarn eru orð sem lýsa Petru best. Frá því hún opnaði augun í fyrsta skipti hefur hún veitt umhverfi sínu meiri athygli en flest okkar gera nokkurn tímann. Foreldrar hennar virðast hafa skynjað þetta og völdu henni því viðeigandi nafn því á grískri tungu þýðir orðið „petra“ einfaldlega steinn. Fjallið og fjaran voru hennar leiksvæði og þaðan fékk hún leikföng sín. Petra týndi fallega eða óvenjulega steina til að skreyta í kringum sig eða búa til úr þeim ílát eða skrautmuni í svonefnd „gullabú“, sem hún og vinkonur hennar byggðu sér. Á ferðum sínum fann hún margan steininn sem hún girntist að eiga en lét liggja, þangað til síðar.

**Að safna í huganum**

Petra byrjaði að safna steinum fyrir alvöru þegar hún og eiginmaður hennar fluttu í lítið hús innarlega í þorpinu sem þau skýrðu Sunnuhlíð. Ástæðan var einfaldlega sú að þá hafði hún loksins svigrúm til að færa alla steinana heim í hús. Þessa steina hafði hún skoðað í fjöllunum frá barnsaldri svo að í raun hafði söfnunarstarf hennar farið fram í huga hennar fram að þeim tíma að hún hafði húsrúm til að taka þá með sér og geyma. Eða eins og hún segir sjálf: „Ég vissi hvert ég átti að fara þegar ég fór virkilega að safna.“

Fyrstu tuttugu árin af söfnunarstarfi sínu sótti Petra nær eingöngu steina í fjörur og fjallgarðinn norðan Stöðvarfjarðar. Petra gekk einfaldlega út um aðaldyrnar á Sunnuhlíð og eins og leið lá upp brekkurnar og á fjöllin fyrir ofan. Allt fram á miðjan sjöunda áratuginn voru engir vegir til að fara til steinaleitar suður fyrir fjörðinn eða í firðina sunnan við Stöðvarfjörð. Bílvegur var ekki lagður um Kambanesskriður yfir til Breiðdalsvíkur fyrr en árið 1962 og brú yfir Stöðvará í botni fjarðarins kom það sama ár. Samband við bílfæran veg norður til Fáskrúðsfjarðar kom heldur ekki fyrr en árið 1953. Stöðvarfjörður var því mjög afskekktur lengi eftir að bílaöld hófst sem frestaði því að Petra leitaði steina í nálægum sveitum. Steinarnir hennar eru því langflestir úr Stöðvarfirði og af Austurlandi því Petra hefur nær ekkert leitað steina í öðrum landsfjórðungum.

**Eitthvað skrítin**

Margir hugsa með sér að steinasafnari hljóti að vera svolítið skrítinn og Petra hefur fengið að heyra þá skoðun úr mörgum áttum í gegnum árin. „Mér var oft bent góðlátlega á að mér væri nær að halda mig heima við bakstur eða við önnur heimilisverk sem hæfðu betur húsmóður eins og mér.“ Petra hefur alltaf látið slíkar úrtölur eins og vind um eyrun þjóta og hefur aldrei reynt að bæla niður söfnunarþörf sína. Hún er samt sammála því að hún hljóti að vera sérlunduð fyrst hún hafi gaman að því að tína grjót. En það er þörf sem hún ræður ekki við.

**Mikil vinna**

Á undanförnum áratugum hafa hundruð þúsunda heimsótt Petru. Eins og gefur að skilja hefur þetta haft áhrif á daglegt líf hennar og fjölskyldunnar og margir sem koma í safnið, skoða steinana hennar Petru án þess að gera sér grein fyrir að þeir eru staddir á einkaheimili. Á undanförnum árum hefur Sunnuhlíð vissulega tekið á sig svipmót safns en er þó fyrst og fremst heimili. Petra hefur fyrir löngu sætt sig við allt það ónæði sem af gestakomum stafar og henni finnst verðlaunin yfirskyggja óþægindin með öllu.

Sumarið og haustið eru annasamasti tíminn hjá Petru og hennar fólki. Síðustu tíu árin hefur gestum fjölgað jafnt og þétt og þeir urðu rúmlega tuttugu þúsund í fyrrasumar. Yfir mesta ferðamannatímann koma þar oft nokkur hundruð manns á dag og ekki er óalgengt að tvö til þrjú hundruð manns skoði safnið á sama tíma. Undanfarin ár hefur það verið vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á Austurlandi. Gestirnir eru fjölþjóðlegur og litríkur hópur og um árin hefur Petra fengið margar eftirminnilegar heimsóknir.

**Eftirminnilegt fólk**

„Hingað kom einu sinni Bandaríkjamaður sem hafði slasast alvarlega í Víetnamstríðinu og var bundinn við hjólastól. Hópurinn sem hann ferðaðist með hafði lítinn tíma aflögu en þegar komið var að brottför neitaði hinn fatlaði hermaður að yfirgefa safnið. Eftir rúmar þrjár klukkustundir samþykkti hann loksins að fara, en sagði við mig að eftir heimsóknina ætti hann léttara með að sætta sig við hlutskipti sitt því nú vissi hann hvernig staður biði hans eftir dauðann,“ segir Petra og brosir. „Annar ferðamaður fór úr skónum niðri á götu. Hann fullyrti að safnið væri helgur staður og inn á skónum færi hann ekki.“

*„Annar ferðamaður fór úr skónum niðri á götu. Hann fullyrti að safnið væri helgur staður og inn á skónum færi hann ekki.“*

Í safnið kemur fjöldi fólks sem annað hvort trúir á mátt steinanna eða kemur í fræðilegum tilgangi. Þó að þessir tveir hópar nálgist steinana á ólíkan hátt þá má fullyrða að upplifun fólks í safninu getur verið afar sterk. Þetta sést á því að margir koma ár eftir ár. Þýskur jarðfræðiprófessor hefur til dæmis heimsótt safnið í yfir tuttugu skipti og kemur þá oft með útskriftarnema sína. Annar hópur þýskra stúdenta sem kemur líka reglulega í heimsókn sækir þangað upplifanir sem eru örugglega aðrar en annarra sem í safnið koma. Þessi hópur kemur frá þarlendum blindraskóla og Petra segir það athyglisvert að mörg þeirra gátu sagt til um liti steinana sem þeim voru réttir. Petra kann líka sögur af fólki sem brostið hefur í grát þegar það gengur inn í safnið og aðrar af fólki sem fundið hefur fyrir svo miklum krafti frá einstökum steinum að það finnur fyrir líkamlegum óþægindum. Hvort fallegur steinn býr yfir mætti til lækninga eða hvort hann inniheldur sérstaka orku verður aldrei útkljáð eða sannað. Til þess eru viðhorf fólks of ólík. Hitt er víst að fólk sem trúir staðfastlega á orku steinanna kemur í safnið í hundraða vís á ári hverju.

**Undur náttúrunnar**

Áhugi Petru á undrum náttúrunnar er sprottinn af þeirri virðingu sem hún ber fyrir öllu sem náttúrunni tilheyrir. „Ég man eftir því að ég hugsaði að það væri voðalegt að geta hvorki skáldað lag eða vísu um allt það sem maður sér fallegt. Að koma því til skila einhvern veginn. Ég hef upplifað svo margt fallegt út í náttúrinni. Alveg rosalega fallegt; ótrúlegt. Ég hef margoft sest niður og dáðst að náttúrunni. Þetta er allt svo breytilegt.“ Þessi orð sanna að Petra er listakona í hjarta sínu. Steinarnir hafa verið hennar farvegur til að fá útrás fyrir djúpstæða tjáningarþörf og gestirnir sem þangað koma upplifa margir heimili hennar sem listaverk. Petru hefur því tekist að miðla þeirri fegurð sem hún hefur notið á ferðum sínum, þó að það hafi ekki verið ætlun hennar í upphafi.

## AÐ VEIÐA STEINA



**UPPÁHALDSSTEINNINN** Á þessum steini hefur Petra sérstakar mætur og tengist það góðum minningum frá deginum sem hún fann hann.

Petra segir að það sé ekki fjarri lagi að líkja steinasöfnun við veiðar. Það sem réttlætir erfiðið við burðinn er spenna leitarinnar og ánægjan af „veiddum“ steini. Engir tveir steinar eru eins og hún finnur alltaf eitthvað nýtt í hverjum steini sem hún finnur. Þessi sköpunarkraftur náttúrunnar kallar hana til sín og hún hefur aldrei getað leitt það kall hjá sér.

Petra segir að gleðin yfir fundnum steini sé þó ávallt blönduð svolitlu samviskubiti. „Ég hef það oft á tilfinningunni að ég sé að ræna þá sem í náttúrunni búa. Þó að ég hafi aldrei séð til ferða álfa og huldufólks, efast ég ekki um tilvist þeirra og trúi því að mér sé fyrirgefið.“ Til marks um það segir hún vera þá staðreynd að hún hefur aldrei dottið illa eða meitt sig í öll þau ár sem hún hefur sótt ríki þeirra heim. Þetta túlkar hún sem svo að steinasöfnun hennar sé í sátt og samlyndi við þá sem hún telur vera óumdeilda eigendur steinanna.

# Helgartilboð



199.900kr.

Tilboðsverð

## Fartölva M685E

Gateway

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Intel Core Duo T2500 2.00GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 |
| Vinnsluminni | 1024Mb 533MHz DDR2 (2x512) |
| Skjár | 17" Ultrabright WSXGA+ TFT (1680x1050) |
| Skjákort | 256MB Nvidia Go 7800 PCIx |
| Harður diskur | 80GB 5400rpm Serial-ATA |
| Skrifari | 8X DVD+/-RW Dual layer DVD |
| Netkort | 10/100/1000 & 56k v.90 mótald |
| Innbyggt þráðlaust netkort | Intel Pro 2200 (802.11 a/b/g) |
| Hljóðkort | Intel AC 97 hljóðkort og hátalarar |
| Lyklaborð/mús | Lyklaborð, talnaborð og TouchPad mús |
| Tengi | 4x USB 2.0, FireWire, S-Video, VGA skjátengi, |
| Minniskortalesari | 4-in-1 |
| Rafhlaða | 8 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð) |
| Stýrikerfi | Microsoft Windows XP Professional |
| Ábyrgð | 2 ár |

Vörunúmer: GWM685E1

FISKARS

25% afsláttur

af öllum föndurvörum frá Fiskars





2.997kr.

Verð áður 4.995kr.

**Snyrtitöskur** Samsonite

Rúmgóðar með þremur hólfum og renndu hólfi að framan.





20% afsláttur

af öllum kóramöppum

hönnun Oddi vob_9286

ODDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

www.oddi.is

Borgartúni 29 • Reykjavík • Sími 515 5170 • Opið virka daga kl. 8-18 og laugardaga kl. 11-16



**BJÖRK** Segja má að Björk sé gott dæmi um íslenska fegurð samkvæmt skilgreiningu Antoine enda er hún afar sjálfstæður og sterkur persónuleiki auk þess að vera þokkafull.



**KYNTÁKN** Pamela Anderson er dæmigerð fyrir hugmyndir kvenna í Los Angeles um fegurðina en þar telja konur að fegurðin felist eingöngu í kynþokkanum.



**ASÍSK FEGURÐ** Kínverska leikkonan Zhang Ziyi er ljós á hörund og feimnisleg að sjá en feimnin er einmitt talin merki um fegurð í Asíu.

# Það er fegurð í frelsinu

Antoine Lassaigne er franskur heimildarmyndaleikstjóri sem er á ferð um heiminn til að gera heimildarþætti um fegurð kvenna. Hann komst að því að flestar konur vilja vera fallegar fyrir sig sjálfar. Sigríður Hjálmarsdóttir hitti Frakkann að máli og forvitnaðist um mismunandi skoðanir kvenna á fegurð.

Antoine er um það bil að ljúka ferð sinni um heiminn en hann hefur þegar haft viðkomu á sjö stöðum þar sem hann spyr konur um ýmislegt varðandi fegurð kvenna. „Ég er að vinna átta heimildarþætti sem verða klukkutími hver. Ég ákvað að skipta þáttunum upp í þemu sem eru meðal annars lýtaaðgerðir, föt, fylgihlutir, hárgreiðsla, förðun, líkamsrækt og undirföt. Í hverjum þætti ber ég saman hugmyndir kvenna á hverjum stað um hvert þema fyrir sig og það er mjög áhugavert að sjá hversu mismunandi túlkun er á fegurð á milli staða,“ segir Antoine og viðurkennir að verkefnið hafi virkað mjög einfalt þegar hann lagði af stað með það en eftir því sem hann hittir fleiri konur og lærir meira, þeim mun flóknara verði það. „Ég hef hitt yfir hundrað konur víða um heiminn. Sumar þeirra tala ég við í örfáar mínútur en fæ aðrar til að fara dýpra ofan í hvert viðfangsefni. Ég spyr þær allar hvað fegurð sé og engar tvær hafa svarað spurningunni eins. Stundum tel ég mig hafa fundið út í hverju fegurðin felist en missi svo jafnskjótt sjónar af því aftur,“ segir Frakkinn og brosir.

**Kemur fegurðin innan frá eða utan?**

Antoine segir það hafa vakið athygli sína að engin kona af þeim sem hafi talað við segist vilja vera falleg fyrir karlmennina heldur einungis fyrir sig sjálfa. „Ég veit nú ekki hvort það sé alveg sannleikanum samkvæmt og á jafnvel von á að það séu smá ósannindi í þessum staðhæfingum en þær standa allar fast á þessu. Örfáar hafa játað að vilja vera fallegar til þess að slá öðrum konum við en alls ekki til að heilla karlmenn á nokkurn hátt,“ segir Antoine og glottir. „Allar konurnar sem ég tek viðtöl við fá sömu lokaspurninguna: „Ertu falleg?“ Þeim líkar illa við þessa spurningu og margar verða vandræðalegar en engar tvær koma með sama svarið. Svörin sem ég hef fengið eru til dæmis þessi: Já, kannski; Já og nei, eða hvað heldur þú? Sumar segja einfaldlega: þetta er heimskuleg spurning eða klippa!“ Hann segir allar konur bregðast við á mismunandi hátt við þessari hræðilegu spurningu. „Eins og þetta er nú einföld spurning,“ segir hann og hlær. „Það er svo merkilegt að fallegustu konurnar sem ég hitti halda að þær séu ekki fallegar. Ef maður spyr ofurfyrirsætur hvort þær séu fallegar þá svara þær því oft til að þar sem þær heyri fátt annað allan daginn en hversu fallegar þær séu fari þær sjálfar að efast og treysta því ekki lengur.“

Antoine segir margar fallegar konur svara spurningunni um hvað fegurð sé þannig að hún komi í raun að innan. „Það virðast oft vera fallegustu konurnar sem svara á þennan hátt enda eru þær þegar fallegar og hafa vel efni á að svara þessu svona. Það getur verið mjög erfitt fyrir konur að viðurkenna eigin fegurð,“ segir hann og bætir því við að hann hafi stundum velt því fyrir sér til hvers konur kaupi oft fjöldan allan af tímaritum um fegurð og tísku ef fegurðin komi í raun og veru innan frá. „Til hvers þá að vera að leggja á sig alla þessa vinnu við að ná sem mestri ytri fegurð?“ spyr hann.

**Asískar konur skera sig úr**

Leikstjórinn hefur sérstakt dálæti á Asíu og segir álfuna skera sig heilmikið frá öðrum heimsálfum hvað fegurð varðar. „Í Asíu eru konur mjög dular og halda sínum málum algjörlega fyrir sig. Þær koma fyrir sem feimnar og óöruggar en eru samt alla jafna mjög öruggar og sjálfstæðar og vita alveg hvað þær vilja. Meðal vestrænna þjóða eru konurnar mjög opnar út á við og virka mjög sjálfstæðar en ég er ekkert viss um að þær séu það innra með sér,“ segir Antoine og ber saman viðhorf kvenna í Los Angeles og Japan: „Í Los Angeles telja konur fegurðina felast í því að vera kynþokkafull en japanskar konur segja fegurðina felast í feimninni. Því feimnari sem kona er, þeim mun fegurri er hún.“

Eitt þemað í þáttunum er förðun og spurði Antoine konu eina í New York um það efni. „Hún sagðist alltaf setja á sig eldrauðan varalit til þess að vernda sig gegn karlmönnum. Hún útskýrði það á þann hátt að þrátt fyrir að karlmönnum þættu rauðar varir fallegar væri þeim á vissan hátt ógnað af litnum. Aftur á móti hitti ég eina gullfallega kínverska konu sem notaði engan farða annan en hvítan yfir allt andlitið en í Kína þykir það fallegt að konur séu hvítar. Alls ekki sólbrúnar. Hún sagðist sleppa öllum farða til þess að karlmenn ættu auðveldara með að nálgast hana. Hvíti farðinn hjálpar þeim líka við að sýna engar tilfinningar en í Japan og Kína mega konur ekki sýna tilfinningar. Geisjur maka til dæmis á sig miklu af hvítum farða og eldrauðum varalit. Í þeirra tilfelli eru þetta grímur til að fela sig á bak við,“ segir Antoine og veltir því fyrir sér hvort fatnaður og förðun séu þegar uppi er staðið til þess að fela sig á bak við eða til þess að draga fram línur andlits og líkama.



## Mismunandi túlkun fegurðar

Franski heimildagerðarmaðurinn Antoine hefur nú rætt við konur í Kína, Japan, Brasilíu, Los Angeles, New York, Montreal í Kanada og Frakklandi. „Þegar ég hef lokið upptökum hér á Íslandi mun ég fara til Ítalíu og Þýskalands og ljúka þar með ferð minni um heiminn til að kanna fegurð kvenna.“ Að loknum upptökum á Antoine mikla vinnu eftir við að setja saman þættina úr öllu því efni sem hann hefur viðað að sér. Síðar mun þáttaröðin um kvenlega fegurð verða sýnd um allan heim og vonandi fáum við Íslendingar að sjá afraksturinn innan tíðar.

**Íslenskar konur fallegar og kynþokkafullar**

Antoine fékk að sjálfsögðu spurningu um hvað honum fyndist um íslenskar konur. „Mmm... Þær eru mjög aðlaðandi,“ segir hann og er þá inntur eftir því hvort hann sé sammála þeirri skoðun margra um að íslenskar konur séu allra kvenna fegurstar. Hann hlær að spurningunni og segist heyra það í hverju landi sem hann heimsæki að þjóðin státi af fegurstu konum heims. „Mér finnst íslenskar konur mjög fallegar og sjálfstæðar og harðar í horn að taka. Ég spurði íslenska konu að því í vikunni hvað væri fallegt við íslenskar konur og hún svaraði því þannig að það mætti líkja þeim við fossa. Þær væru náttúrulegar, kraftmiklar og allar einstakar. Mér finnst þetta skemmtileg samlíking.“

Antoine segir þekktan fatahönnuð í Kína einmitt vera að móta nýja ímynd fyrir kínverskar konur og eigi sú ímynd að fela í sér kynþokka og völd. „Það stríðir þvert gegn því sem hefur tíðkast þar í landi um aldir en hér á Íslandi virðist þessi ímynd vera mjög vinsæl. Íslenskar konur hafa svo sannarlega kynþokka til að bera og þar með ákveðin völd einnig.“

Antoine segir að eitt það mikilvægasta við kvenlega fegurð sé sjálfsöryggi enda sé það nokkuð sem flestar konur reyni að öðlast á einhvern hátt. Þær haldi sér í líkamlegu formi, máli sig, fái sér ný föt og nýja hárgreiðslu, oft í þeim tilgangi að ná sjálfstraustinu í gegnum ytra útlit. „Ég spjallaði eitt sinn við einn besta förðunarfræðing Chanel snyrtivaranna og hann sagði mér að ástfangnar konur væru langfallegastar. Væru konur ástfangnar geisluðu þær af fegurð og ég er ekki frá því að það sé mikið til í því.“

**Fegurðin á sér engan endi**

Antoine segir erfitt að komast að einhverri einni niðurstöðu út frá öllum þessum rannsóknum á kvenlegri fegurð. „Fegurðin á sér engan endi,“ segir Frakkinn og bætir því við að það verði alltaf ómögulegt fyrir karlmenn að skilja konur til fulls. „Mér fannst mjög fallegt þegar gömul japönsk kona sem hafði lifað tímana tvenna sagði mér að fegurðin fælist í frelsinu. Að vera falleg er að vera frjáls. Hugsanlega hefur hún rétt fyrir sér en hugmyndin er bæði góð og falleg.“

Aðspurður hvernig áhugi hans hafi kviknað á þessu verkefni segir Antoine í gríni að það sé auðvitað af því hann elski konur en bætir síðan við á alvarlegri nótum: „Ég er mjög veikur fyrir öllu sem er fallegt og er heillaður af heimi kvenna, auk þess sem mér líður vel innan um konur. Franskir karlmenn viðurkenna kvenleikann og eru ekkert yfirmáta karlmannlegir, eða það vona ég að minnsta kosti. Í heimi kvenna er ekkert svart og hvítt en í meðal karlmanna er bara spurning um hversu sterkur eða veikur maður er.“

sigridurh@frettabladid.is

## HVERNIG ER AÐ...
### VERA VEISLUSTJÓRI?

**Helga Braga Jónsdóttir - veislustjóri**
„Það er bara... skemmtilegt partý. Jafn mismunandi og þau eru mörg. En þar þarf maður að hafa góða innri tímasetningu. Kunna að skynja hvernig vindarnir blása og alkóhólið leikur við mannskapinni. Ég er nú ekkert svo mikið í veislu-stjórninnni. Kannski svona einu sinni í mánuði að jafn-aði.“



**Gísli Marteinn Baldursson - veislustjóri**
„Það er jafn gaman þegar maður er vel undirbúinn eins og það er leiðin-legt þegar maður er illa undirbúinn. Tilfinningin sem fylgir því að hafa góð tök á salnum er mjög notaleg. Aðallega snýst þetta þó um að laða fram það besta í öðrum. Þ.e.a.s. gestum, skemmtikröftum og forstjórum.“



**Edda Björgvinsdóttir - veislustjóri**
„Það er þrælspennandi. Miklu skemmtilegra fyrir mig sem skemmti-kraft að fá að vera allt kvöldið og tengjast fólkinu en að koma í 30 mínútur og eiga að standa undir væntingum að vera óborgan-lega fyndin. Veislu-stjórn er á margan hátt mjög heillandi og skemmtileg áskorun. Neikvætt er ef fólk fer í fyrir-partí og er rúllandi á rassgatinu í for-réttinum. En sem betur fer er það mjög sjaldgæft. Varnartæki mitt er forláta gullkjóllinn sem Hallbjörg gaf mér – blessuð sé minning hennar – sverð mitt og skjöldur við veislu-stjórn.“



**Sigmar Vilhjálmsson - veislustjóri**
„Það er umfram allt vanda-samt. En skemmtilegt. Tímafrekt. Meira en menn halda. En gefandi. Hvað er neikvætt? Aldrei árshátíð milli fjögur og fimm á virkum dögum. Veislurnar eru um helgar. Og slíta í sundur þann frítíma sem maður á. Og tekur tíma frá fjölskyldunni.“



**Davíð Þór Jónsson - veislustjóri**
„Það er sóðavinna sem þó þarf að sinna. Heldurðu að það sé eitthvert líf að þurfa að koma fjór- eða jafnvel fimm-réttaðri máltíð ofan í hundrað dauðadrukkna skrifstofumenn og maka þeirra? Og þurfa að vera vinsæll og skemmti-legur á meðan og allt gangi smurt? Það er meira en að segja það, góði minn.“



# Trúarlegt útgáfufyrirtæki

Kvikmyndadeild á vegum 20th Century Fox, Foxfaith, hefur í hyggju að gefa út myndir á næstunni sem eru hugsaðar fyrir kristið fólk í Bandaríkjunum. Er ætlun deildarinnar að nýta sér þann meðbyr sem kristin trú hefur fengið eftir mynd Mel Gibson, The Passion of the Christ. Fyrirtækið hefur í hyggju að gefa út fjölda DVD-diska sem tengjast trúarlegum málefnum og tólf slíkar kvikmyndir verða frumsýndar á hvíta tjaldinu næsta árið í samstarfi við dreifingarfyrirtækið The Bigger Picture. „Við teljum okkar vera að ráðast á óplægðan akur,“ sagði talsmaður 20th Century Fox.

Fyrsta myndin í þessum flokki verður Love‘s Abiding Joy sem er vestri í leikstjórn Michael Landon Jr. en hann er sonur Michael Landon, sem varð heimsfrægur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttaröðinni Grenjað á gresjunni eða Húsið á sléttunni. Love‘s Abiding Joy segir frá fyrstu landnemunum sem komu til Bandaríkjanna og nutu aðstoðar trúarinnar til að komast í gegnum þá erfiðleika sem við þeim blöstu í nýju landi.



**PASSÍA GIBSONS** Kvikmyndin um síðustu daga Jesú eftir Mel Gibson hefur hleypt af stað öldu kristinna mynda í Bandaríkjunum.




Náttúruvernd
og nýting náttúruauðlinda

Hver er stefna stjórnvalda?
Er hægt að sætta sjónarmið um nýtingu og verndun?

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins fimmtudaginn 5. október á Hótel Nordica

**Stjórn og ráðgjafaráð SI efna til morgunfundar um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda á Hótel Nordica fimmtudaginn 5. október nk. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:00 og stendur til 10:00.**

**Ræðumenn:**

**Jón Sigurðsson**
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

**Andri Snær Magnason**
rithöfundur

**Illugi Gunnarsson**
hagfræðingur





**Pallborðsumræður ræðumanna**
Stjórnandi: Svanhildur Hólm Valsdóttir




**Fundarstjóri:**
Helgi Magnússon formaður Samtaka iðnaðarins

**Fundurinn er öllum opinn.
Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að mæta.**

SI
Samtök iðnaðarins



RAY WINSTONE Er alveg sama þótt fólk haldi að hann sé einhver hrotti eins og persónurnar sem hann leikur. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# MJÚKUR INNI VIÐ BEINIÐ

Ray Winstone er ekki stór í þeim skilningi að hann sé hávaxinn og þrekinn líkt og þær persónur sem hann leikur oftast heldur er hann lítill samanrekinn náungi, komin af verkafólki í London. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við Ray um sjónvarpið, Scorsese og knattspyrnuna.

Ray Winstone er þekktur fyrir að leika hrotta eða miskunnarlausa glæpamenn. Hann skaust upp á stjörnuhimininn í Bretlandi fyrir leik sinn í Scum, mynd sem kynslóðir eftir kynslóðir horfa á í Englandi og vitna til. Síðan þá hefur Winstone verið einn vinsælasti leikari Breta þótt þær vinsældir hafi ekki ratað út fyrir landsteinana fyrr en nú. Hann leikur höfuðsmanninn Stanley í kvikmyndinni The Proposition sem frumsýnd var hér á landi fyrir skömmu og hefur mikið álit á Nick Cave, enda hefur hann boðist til að leika í næstu kvikmynd eftir handriti tónlistarmannsins, Death of a Ladies' Man.

### Kerlingarlegt að vera leikari

Winstone er kominn af verkafólki í London. Hann hóf snemma að æfa hnefaleika og þótti nokkuð góður, hafði sigur í 80 bardögum af 88. Hann var ungur að árum þegar áhuginn á kvikmyndum og leiklist kviknaði, tók þátt í uppfærslum á vegum skólans síns - sem þótti ekki nógu karlmannlegt í hverfi Winstone. „Þetta var hommalegt á sínum tíma og vafalítið eru leikarar hommar upp til hópa," segir hann af sinni alkunnu kaldhæðni. „Pabbi minn sótti mig oft eftir skóla á miðvikudögum og við fórum saman í bíó til að sjá allar þær stórmyndir sem þá voru gerðar fyrir hvíta tjaldið. Þaðan er eflaust þessi áhugi kominn," útskýrir Winstone. „Foreldrar mínir töldu jafnframt að rétt eins og hnefaleikar héldu mér frá vandræðum myndi leiklistin gera slíkt hið sama," bætir hann við og segir að miklu hafi skipt að hann fékk styrk til náms í skóla. „Mamma og pabbi áttu ekki mikla peninga og þess vegna var þetta kjörið tækifæri fyrir strák úr mínu hverfi," segir Winstone. „Að vera boxari og leikari er líka mjög líkt. Þú ert laminn niður ef þú ert lélegur í hringnum og það er baulað á þig ef þú ert lélegur í kvikmynd," útskýrir hann. „Svo ég valdi frekar að vera leikari því það er miklu betra að vera baulaður niður en rotaður."

### Fangelsi eiga að vera uppbyggileg

Winstone talar hratt, stundum hálf óskiljanlega með blóti og slangri sem á ættir sínar að rekja til verkamannauppruna. Talið berst að kvikmyndinni Scum sem er hálfgerð goðsögn í Bretlandi. Talað er um manndómsvígslur þegar ungt fólk hefur afrekað að sjá hana, slíkt er ofbeldið og mannfyrirlitningin. Fáir íhuga að gerast glæpamenn þegar þeir hafa séð myndina.

Hún var upphaflega gerð fyrir BBC en þótti of ofbeldisfull fyrir ríkissjónvarpið. Kvikmyndaleikstjórarnir brugðu því á það ráð að endurgera hana fyrir hvíta tjaldið með Winstone í aðalhlutverki. „Ég er miklu hrifnari af upphaflegu útgáfunni. Myndin fjallar um unga afbrotamenn og við vorum einfaldlega orðnir aðeins eldri þegar kvikmyndin var gerð," segir Winstone og kveikir sér í sígarettu. „Vissulega er ég enn stoppaður og spurður út í þessa mynd vegna þess að hún tekur á mjög alvarlegum hlut, öllu þessu ofbeldi sem viðgengst í fangelsum landsins," bætir hann við og pantar vodka og pepsi. Ekki einfaldan, ekki tvöfaldan heldur þrefaldan með miklum ís. „Fangelsi eiga að vera betrunarvist þótt sumir glæpamenn eigi það vissulega skilið að hanga í snörunni," lýsir Winstone yfir og talar tæpitungulaust um kynferðisafbrotamenn og barnaníðinga, sem hann hefur ekki mikið álit á. „En „heiðarlegir" þjófar eiga rétt á öðru tækifæri og fangelsin eiga að kenna þeim en ekki brjóta þá niður," segir Winstone.



WINSTONE-FJÖLSKYLDAN Ray Winstone hefur verið giftur sömu konunni í vel á þriðja áratug og á með henni þrjár stelpur.

### Sjónvarp betra en hvíta tjaldið

Leikarinn hefur stundum verið gagnrýndur fyrir að velja sér of einhæf hlutverk, oftar en ekki er Winstone harður nagli í myndum sínum sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Hann gefur hins vegar sjálfur lítið fyrir þessa umræðu. „Ég vel mér bara hlutverk við hæfi, ekki vildi ég sjá mig í söngleik til dæmis," segir hann og hlær. „Ef handritið fær mig til að hlæja, gráta eða eitthvað í þá veru reyni ég að fá það. Ef heppnin er með mér fæ ég hlutverkið," bætir hann við.

Írska ungstirnið Jonathan Rhys-Meyers lýsti því nýlega yfir að hann myndi aldrei vilja leika í sjónvarpi, taldi það fyrir neðan sína virðingu. Winstone segist ekki hlusta á slíkt snobb. „Ég fæ helling af handritum bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Persónulega finnst mér sjónvarpshandritin oftast miklu betri," útskýrir hann. „Fólk er komið með risastór sjónvörp og það er hellingur af góðum hlutum sem eru gerðir fyrir sjónvarp," heldur hann áfram og er greinilega mikið niðri fyrir. „Ég hef til að mynda fengið tækifæri til að leika Henry VIII og verið kóngurinn yfir Englandi," segir hann og skellir upp úr. „Bretar eru með besta sjónvarp í heimi ef undanskildir eru allir þessir raunveruleikaþættir, sem ég vildi gjarnan sprengja í loft upp," bætir hann við.

> *„Að leika undir stjórn Martin Scorsese er eins og spila bikarúrslitaleik í knattspyrnu."*

### Er ekki hættulegur

Winstone viðurkennir að yfirleitt sé fólk hrætt við hann í fyrstu vegna þeirra persóna sem hann leikur yfirleitt. „Þegar fólk kynnist mér betur hættir því að líða þannig," segir hann en glottir síðan við tönn. „Ef mér hefur hins vegar tekist að fá fólk til að vera ógnað af mér þá hefur mér væntanlega tekist vel upp í myndum mínum, ekki satt?," Spyr hann og brosir. „Eftir að ég lék Ray í Nil by Mouth eftir Gary Oldman spurðu margir hvort ég væri kókaínsjúkur alkóhólisti sem lemdi konuna mína eins og harðfisk," heldur Winstone áfram og fær sér aðra sígarettu. „Ég spurði einfaldlega á móti hvort þeir héldu að ég hefði verið giftur sömu konunni í 26 ár ef svo hefði verið," segir hann og hlær.

Talið berst í kjölfarið að fjölskyldunni en Ray á þrjár dætur, tvær þeirra eru komnar yfir tvítugsaldurinn. Aðspurður hvort það hefði ekki verið erfitt fyrir dæturnar að koma heim með stráka þar sem pabbi þeirra væri Ray Winstone segir hann að svo hafi nú ekki verið eða jú, kannski. „Þegar þeir voru táningar þá voru þeir svolítið hræddir. Ég tók hins vegar snemma þá ákvörðun að halda mig til hlés enda hefði það bara þjappað þeim betur saman ef ég hefði farið að hóta þeim einhverjum líkamsmeiðingum," segir hann og hlær. „Ég ákvað þess í stað að klóra mér bara aðeins í hnakkann og leyfa þeim að kljást við ástina upp á eigin spýtur," bætir hann við og er greinilega skemmt.

### Snillingurinn Scorsese

Winstone leikur eitt aðalhlutverkanna í nýjustu kvikmynd Martin Scorsese, The Departed.

# Winstone ekki sáttur við Sven-Göran

Ray Winstone er mikill áhugamaður um knattspyrnu og ræðir um hana af mikilli ástríðu. Enska knattspyrnusambandið fékk hann til liðs við sig til að vinna gegn ofbeldi á knattspyrnuleikvöngum og var leikarinn sérlegur talsmaður þessa átaks fyrir HM í sumar. „Sven-Göran stillti enska landsliðinu upp á rangan hátt í sumar," segir Winstone. „Ég vildi ekkert segja á meðan á mótinu stóð," bætir hann við og heldur áfram af miklum ákafa: „Málið er að Frank Lampard virtist hafa glatað sjálfstraustinu. Ég hef þekkt Lampard síðan hann var lítill strákur hjá West Ham en þetta var bara ekki hans mót," segir Winstone. „Hann átti að vera á bekknum og Steven Gerrard á miðjunni með Owen Hargreaves fyrir aftan að vinna boltann," útskýrir leikarinn, sem taldi Svíann ekki hafa skilið enska knattspyrnu nægilega vel. „Hann var bara Svíi sem hentaði Svíum því enska þjóðin þurfti Englending í brúnna."

Winstone hefur jafnframt mjög sterka skoðun á þekktasta knattspyrnumanni Bretlands, David Beckham, sem fékk á sig harða gagnrýni eftir HM og sagði af sér sem fyrirliði eftir mótið. Hann var síðan ekki valinn í enska hópinn. „Ég skil vel þá ákvörðun Steve McClaren að velja ekki Beckham í fyrstu tveimur leikjunum, enda að byrja með nýjan fyrirliða, en kannski var ekki farið rétt að," segir Winstone, sem er þó sannfærður um að Beckham muni snúa aftur.

Winstone er mikill stuðningsmaður West Ham og mætti meðal annars á Evrópuleik liðsins í vikunnni þegar það tapaði fyrir Palermo. Mikið hefur verið rætt um síaukin áhrif peningamanna á borð við Roman Abramóvitsj hjá Chelsea sem eyðir metfé á hverju ári í stórstjörnur. „Ég ræddi við gallharðan Chelsea-aðdáanda í vikunni og hann sagði andrúmsloftið í félaginu hafa breyst. „Chelsea var áður klúbbur sem barðist fyrir hverjum titli og í hverjum leik. Nú eru menn bara svekktir ef stig tapast," segir Winstone. „Menn hafa glatað ástríðunni fyrir því að vinna fyrir hlutunum því rétt eins og í leiklistinni er miklu skemmtilegra uppskera sigur ef maður hefur þurft að hafa mikið fyrir honum."



SVEN-GÖRAN ERIKSSON OG DAVID BECKHAM



## Bestu kvikmyndir Ray Winstone

**Scum (1979)** Mynd sem var upphaflega gerð fyrir BBC en stjórnendur stöðvarinnar vildu ekki sjá hana. Hún var síðan endurgerð fyrir hvíta tjaldið og hefur haft mikil áhrif á breska kvikmyndagerð.

**Nil by Mouth (1997)** Ótrúlega áhrifarík kvikmynd sem fjallar um líf verkamannastéttarinnar í London. Fyrsta mynd Gary Oldman í leikstjórastólnum.

**Sexy Beast (2000)** Hreint út sagt stórkostleg glæpamynd með Winstone í essinu sínu. Ben Kingsley er ekki síður góður sem kolgeðveiki glæpamaðurinn Don Logan.

**Love, Honour and Obey (2000)** Lítill krimmi þar sem allar persónur bera nafn leikara sinna. Skemmtileg kvikmynd þar sem karókí leikur stórt hlutverk.

**Cold Mountain (2003)** Óskarsverðlaunamynd af bestu gerð. Þrátt fyrir að Winstone væri í litlu hlutverki setti hann sitt mark á myndina.

„Það er svona svipað og að komast í bikarúrslitaleik að vinna með honum," segir Winstone. „Þótt ég sé ekki mikið fyrir að setja menn í einhverja A og B hópa þá er þetta vissulega heiður fyrir mig enda er Scorsese mikill snillingur," útskýrir hann. „Hann vill ekki tala um fótbolta heldur bara kvikmyndir og aftur kvikmyndir, umræðuefni sem mér reyndar leiðist," segir Winstone. „Scorsese hefur hins vegar svo mikinn áhuga á því sem þú ert að gera að hann myndi hlusta á hugmynd frá þér jafnvel þótt hún kæmi út úr óæðri endanum," bætir hann við. „Sumir leikstjórar eru tæknilega góðir og aðrir eru listrænt góðir. Scorsese hefur þetta allt," segir hann og hefur augljóslega mikið álit á leikstjóranum.

Winstone segist alveg eins geta hugsað sér að setjast í leikstjórastólinn þegar hann verður grár og kraftlaus. „Ég yrði svona sérvitur leikstjóri enda með mjög skrýtnar hugmyndir sem mig langar að koma í verk," segir Winstone. „En alls ekki eins og Stanley Kubrick. Það er nú meiri vitleysan. Ég hefði sennilega drepið Kubrick ef ég hefði unnið með honum," segir Winstone og hleypur allt í einu kapp í kinn. „43 tökur á einu atriði, ég meina, það hefði einhver þurft að taka ærlega í lurginn á honum. Ef þetta tekst ekki eftir þrjár þá er eitthvað að," segir Winstone. „Ég er bara tveggja töku karl."

Fræðsluauglýsing nr. 3

# Bændur bera ekki ábyrgð á háu verðlagi á Íslandi

*Íslenskar landbúnaðarafurðir hafa hækkað minna frá áramótum en aðrar matvörur, hvort sem um er að ræða innlendar eða erlendar vörur.*




*Vísitalan 100 er verð vöruflokkana þann 1. janúar síðastliðinn. Íslenskar búvörur hafa hækkað um 7% frá áramótum en aðrar innlendar matar- og drykkjarvörur hafa hækkað um 9.5% á sama tíma.*

Bændasamtök Íslands

*Miðað er við vísitölu neysluverðs sem gefin er út af Hagstofu Íslands.*

16403



**FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BÚÐINA** Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir, stílisti og fatahönnuður, með Jóni Sæmundi Auðarsyni, myndlistarmanni og hönnuði. Verslunin Liborius verður opnuð 29. september næstkomandi og á hún að gefa Íslendingum nýja sýn á tísku. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Hrærigrautur myndlistar og tísku

Liborius er nýjasta viðbótin í tískuverslanaflóru klakans og verður hún opnuð með pompi og prakt 29. september næstkomandi. Myndlistarmaðurinn og hönnuðurinn Jón Sæmundur Auðarson og Hrafnhildur „Raven“ Hólmgeirsdóttir, fatahönnuður og stílisti, eru fólkið á bak við búðina, sem þau telja að muni veita Íslendingum nýja sýn á tísku. Hrafnhildur sér um innkaupin enda búin að lifa og hrærast í tísku alla sína tíð.

**Hvað varstu að gera í New York?**
Ég var að versla fyrir næsta vor og sumar. Merkin sem við erum með í búðinni eru mestmegnis keypt í París en við ákváðum að fara til New York til að sjá muninn á tískuvikunum þar og í París. Munurinn er gríðarlegur, París er bara hörð vinna vinna vinna á meðan í New York snýst allt um partí og frægt fólk. Vinnan er aukatriði þar. Mér fannst hvort tveggja mjög fínt, gott væri ef þeim yrði blandað saman.

Það er svolítið skrítið að vera allt í einu hinum megin við borðið sem kaupandi ekki hönnuður, en mér líkaði það mjög vel.

**Hvenær fæddist sú hugmynd að opna búð?**
Sko, Jón var búinn að ákveða að opna búð og var að biðja mig um að kíka á eitthvað nýtt merki fyrir sig þegar ég bjó úti í Danmörku. Jóni finnst mjög gaman að opna búðir og held ég að hann vilji helst opna búð í hverri viku. Haha, að minnsta kosti varð ég alveg óð og tróð mér eiginlega inn í þetta verkefni með honum og sagði bara að við yrðum að gera þá flottustu búð á Íslandi. Við erum bæði það hvatvís að við kýldum bara á þetta, ég flutti heim og nú er hugmyndin að verða að veruleika.

**Hvernig eru merkin sem þið eruð með?**
Við erum með ekta fallega hönnun. Ég valdi bara úr þá hönnuði sem ég er búin að fylgjast með vel og lengi sem eru að verða stórir núna. Aðalgrunnurinn er fatnaður frá Ann Demeulemeester. Flíkurnar hennar eru rosalega vandaðar og tímalausar sem mér finnst vera mikill kostur við hágæða hönnun. Þú átt að geta keypt þér rándýra vöru sem endist næstu 10-20 árin án þess að skemmast.

Hin merkin okkar spila svolítið í kringum Demeulemeester en við erum með 26 merki og þá eru okkar eigin merki, Aftur og Dead, talin með.

Flest merkin okkar spila svolítið með myndlist inn í hönnunina sjálfa og ég heillast sjálf mjög af því þegar hönnuðir gera flíkur án þess að stjórnast af hinum týpísku tískustraumum.

**Af hverju þetta sérkennilega nafn Liborius á búðinni?**
Sko, Jón Sæmundur fór að rekja ættir sínar aftur og endaði sú rannsóknarvinna í Prússlandi þar sem ættin sem hann tengdist bar einmitt eftirnafnið Liborius. Hann vill núna bara vera kallaður Liborius greifi.

**Hver er verkaskiptingin?**
Ég sé um búðina, kaupi fötin og vel hönnuðina. Jón hefur séð um allt útlit inni í búðinni og búinn að vera á haus að smíða allar innréttingar sjálfur með tvo lærða smiði sér til aðstoðar.

Jón sér um herrafatnaðinn og almennan rekstur fyrirtækisins og einnig verður hann með vinnustofu fyrir myndlistina sína á bak við búðina sjálfa.

**Búðin er við Mýrargötu, í húsi gegnt Slippnum, sem er ekki hin týpíska staðsetning fyrir verslun af þessu tagi. Af hverju varð Mýrargatan fyrir valinu?**
Við Jón erum bæði rosalega mikið gettó. Okkur langaði ekki að vera á Laugaveginum í ljótu húsnæði og borga morðfjár í leigu. Við vildum vera öðruvísi og Mýrargatan er að mínu mati ein mest spennandi gata í Reykjavík í dag, mikill uppgangur og margt að sjá, nálægt sjónum og höfninni. Við fengum alveg einstakt húsnæði sem hentaði okkur vel.

Ef maður skoðar flottustu búðirnar í hverri borg þá eru þær í 95% tilvika fyrir utan aðalgötuna sjálfa. Viðskiptavinurinn þarf að leita uppi búðina. Það var líka svolítill liður í staðsetningarvalinu.

**Hvert er þitt uppáhaldsmerki í búðinni?**
Vá, það er erfitt að velja á milli. Undercover og Number N(i)ne koma mjög sterk inn og svo auðvitað hinn bandaríski Jeremy Scott þar sem ég er búin að þekkja hann svo lengi. Hann er eins konar lærifaðir minn og Báru þar sem hann gaf okkur krítík þegar við hönnuðum okkar fyrstu Aftur-línu. Ég er hrifin af því að hann gerir alltaf eitthvað skondið og skemmtilegt og er ávallt samkvæmur sjálfum sér. Það er í flestum tilvikum einhver ádeila í fatnaðnum hans. Til dæmis er línan fyrir haustið, sem mun fást í búðinni okkar, helguð skyndibitamat og því ádeila á skyndibitaæði Bandaríkjamanna. 3asfour er einnig í miklu uppáhaldi hjá mér en ég hef þekkt hönnuðina mjög lengi og þeir gera ávallt skemmtilega hluti.

**Eruð þið að reyna að höfða til einhvers ákveðins hóp í samfélaginu með búðinni?**
Nei, hingað eru allir velkomnir sem hafa áhuga á tísku og alvöru hönnun ekki bara einhverju fjöldaframleiddu dóti sem eyðileggst eftir hálft ár. Við erum með hágæða hönnun og auðvitað eru fötin okkar í dýrari kantinum en svo eru merki inn á milli eins og April 77, Dead, Aftur og Velour sem eru aðgengilegri í verðlagi. Þetta er búð fyrir unga sem aldna, tískufrík og ekki tískufrík.

Myndlist verður í hávegum höfð í Liborius og er til að mynda búið að hanna svið inni í búðinni og allar innréttingar eru hreyfanlegar þannig að auðvelt er að hreinsa allt út og halda tónleika, myndlistarsýningar, tískusýningar eða aðra viðburði.

„Í Liborius verður alltaf nóg í gangi og viljum við vera með sem flesta viðburði og skemmtilegt partí. Þetta verður því fyrir vikið miklu meira en bara búð. Við munum líka vera með skartgripi, kerti og alls kyns skemmtilega smáhluti til sölu í búðinni fyrir utan fatnaðinn sjálfan,“ segir Hrafnhildur og heldur á vit tískunnar í París.

alfrun@frettabladid.is



**YFIR 25 HÖNNUÐIR** Jón Sæmundur sér um karlmannafötin í versluninni en á meðal merkja eru Jeremy Scott, April 77 og Pierre-Henri Mattout. MYND/SILJA MAGG

## FATAMERKI LIBORIUS

Ann Demeulemeester * Undercover * Number N(i)ne * 3as four * Jeremy Scott * Bless * Surface2air * Melodie Wolf * Pleasure Principle * Pierre Henri Mattout * Pudle * Velour * Schisser/Kostos * Yoshiko Creations * A'N'D * Licentious * Geoffrey B. Small * Jean Pierre Braganza * Jain and Marc * Wig * Talking About The Abstraction * April 77 * Damien Bash * Kendi-ties * Marianne Eriksen * Frida Methúsalems * Aftur * Dead

# Útsölu-lok!



*Opið í dag, laugardag kl. 11-16.*













VERIÐ VELKOMIN!

Opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 11-16.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 - www.ondvegi.is / ondvegi@ondvegi.is

Grafíska smiðjan ehf. 0906




## STUÐ MILLI STRÍÐA Skiptidíll aldarinnar

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** HLAKKAR TIL AÐ VAKNA Í DAG.



Mér finnst ákaflega gott að mæna út um gluggann og fylgjast með mannlífinu í götunni minni. Tylli mér á barstólinn minn við gluggakistuna, fletti blaðinu og sötra kaffi meðan ég njósna um nágrannana og fylgist með köttunum mala á heitum bílhúddum. Jafn fagurt og útsýnið er hefur það alltaf stungið í stúf við hræðilegt ástandið á lóðinni minni. Fyrir utan að lóðin er í óttalegri órækt virðist grasið þar vaxa með ógnarhraða. Og jafn hratt og grasið óx, óx mér í augum verkið að klippa það og snyrta.

Í síðustu viku fékk ég svo nóg. Grasið var orðið það hátt að það gat ekki lengur haldið sér uppi, féll á hliðina með þungu andvarpi, lá þar og kúrði og guð einn veit hvað leyndist undir þessu græna teppi. Þannig að ég gerði það sem allar konur myndu gera. Ég virkjaði stuðningsnetið og kom verkinu af stað. Móðir mín var svo yndisleg að sækja rafmagnsorf í Byko, ásamt hrífu og pokum, sem allt skilaði sér heim að dyrum til mín. Síðan hringdi ég í vinkonu mína sem fús sendi eiginmann sinn til mín og var honum gert að slá. Það eina sem ég þurfti að gera var að líta eftir litla krílinu þeirra á meðan. „Ertu að grínast?“ hugsaði ég. „Frábær díll!“. Þannig að á meðan eiginmannsstaðgengill minn stóð á miðri lóð með grænan fellibyl af grasstráum og arfa sveimandi í kringum sig elti ég kisur með litla krílinu, skoðaði steina og blóm og sníkti sleikjó hjá sjoppuafgreiðslumanninum. Að loknum slætti neyddi ég svo nágrannann minn til að skila orfinu og á meðan dúllaði ég mér við að hreinsa upp hey, sópa stéttina, reyta arfa og spúla tröppurnar. Þetta var ekki svo erfitt eftir allt.

Mikið hlakka ég til að vakna í dag. Tylla mér á barstólinn, súpa kaffið mitt og getað njósnað um menn og dýr án sjómengunar úr eigin garði.

Eigið græna og væna helgi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Haustferð í Next

## Helgina 21. - 24. september

Þú gætir dottið í lukkupottinn og unnið gjafakort frá EGG, í leikhús eða bíó auk fjölda annara spennandi vinninga. Einn heppinn viðskiptavinur verður síðan dreginn úr pottinum okkar og fær 50.000 króna gjafabréf í NEXT. Heildarfjöldi vinninga er á annað hundrað.

Rúsínan í pylsuendanum er að þú getur borgað með gamla gjaldeyr-inum sem þú notaðir ekki í sumar. Komdu með evrurnar, pundin eða dönsku krónurnar og gerðu jólainnkaupin snemma.

## Ekki leita langt yfir skammt.

EGG

NEXT

KRINGLUNNI

**! Kl. 16.00**
*Myndlistarmaðurinn Magnús Árnason fremur gjörning í tengslum við sýninguna Pakkhús postulanna sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Óvæntar skuggaverur skjóta upp kollinum og magna upp stemninguna.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Systur fara aftur á svið

Leikritið Systur eftir Þórunni Guðmundsdóttur verður tekið til sýninga á ný en verkið fékk frábæra dóma og góðar viðtökur þegar leikhópurinn Hugleikur frumsýndi það í vor.

Í verkinu segir frá þremur systrum sem koma saman á æskuheimili sínu til að ganga frá innbúi fjölskyldunnar, en faðir þeirra liggur fyrir dauðanum. En eftir því sem þær róta dýpra í dótið verður fortíðin skýrari. Gamlar erjur vakna, gleymdir atburðir rifjast upp og ekkert verður aftur eins og það var.

Fjórar af öflugustu leikkonum Hugleiks túlka persónurnar, þær Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Jónína Björgvinsdóttir og Júlía Hannam. Leikstjóri er Þorgeir Tryggvason.

Systur hlaut þrjár viðurkenningar í árlegri verðlaunaafhendingu Leiklistarvefsins leiklist.is, var valin sýning ársins og leikrit ársins, auk þess sem tvær leikkvennanna urðu hlutskarpastar í valinu um leikkonur ársins í aðalhlutverki.

Sýningarnar verða í Möguleikhúsinu og í tilefni af viðfangsefni verksins njóta systur sérstakra vildarkjara og þurfa aðeins að greiða einn miða, óháð því hvað systrahópurinn er stór. Sýningum lýkur 20. október.



**LEIKRITIÐ SYSTUR FER AFTUR Á SVIÐ** Systur njóta sérkjara á sýningu Hugleiks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**> Dagar taldir**

Ópera Mozarts, **Brottnámið úr kvennabúrinu**, verður frumsýnd hjá Íslensku óperunni eftir **6 daga**. Í ár eru **250 ár** liðin frá fæðingu Mozarts en hann samdi alls **22 óperur** um ævina þrátt fyrir að hafa látist aðeins **35 ára** gamall. Brottnámið úr kvennabúrinu samdi Mozart í Vín þegar hann var 25 ára.





ÞJÓÐMÁL

Smáríki og heimsbyltingin

Bókmenntaelítan vann gegn Gunnari

Samkeppni framhaldsskóla

## Hausthefti

Ýmissa grasa kennir í nýjasta hefti tímaritsins Þjóðmála en auk annars efnis er þar að finna viðamikla umfjöllun um íslensk öryggismál. Í grein sinni bendir Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði, til að mynda á að hér á landi hafi verið starfrækt öryggisþjónusta á vegum lögreglunnar í meira en hálfa öld og greinir frá viðbrögðum íslenska ríkisins við hættu sem talin var stafa af byltingarstarfsemi og ofbeldisverkum á tímum heimsstyrjaldanna og kalda stríðsins.

Meðal annars efnis eru greinar eftir Atla Harðarson um samkeppnisumhverfi íslenskra framhaldsskóla, ádrepa um sýningarstefnu íslenskra listasafna eftir Tryggva P. Friðriksson, eiganda Gallerýs Foldar, umfjöllun Bjarna Harðarsonar um bókina Draumalandið og grein um fóstureyðingar á Íslandi eftir Stefán Einar Stefánsson guðfræðinema. Í heftinu eru enn fremur birt bréf sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, fann nýlega í sænskum skjalasöfnum en þau benda til þess að framámenn innan íslenska bókmenntaheimsins hafi á sínum tíma lagst eindregið gegn því að Gunnar Gunnarsson rithöfundur fengi Nóbelsverðlaunin árið 1955.

Ritstjóri Þjóðmála er Jakob F. Ásgeirsson en útgefandi er Bókafélagið Ugla.

# Hlátur læknar sársaukann

**Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir í kvöld meinfyndinn gamanleik eftir þýska leikskáldið George Tabori. Aðalpersóna verksins er víst óuppalin frekjudós að nafni Adolf en verkið heitir Mein Kampf.**



**BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON LEIKARI** Leikur ungan Austurríkismann með listamannsdrauma í leikritinu Mein Kampf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bergur Þór Ingólfsson leikur hinn unga Hitler, sem er að sögn enginn stórlax í þessu verki. „Hann leikur stórt hlutverk í mannkynssögunni og í þessu leikriti en þetta er ekkert stórmenni, þetta er hortittur og höfundurinn nálgast hann meira eins og óuppalda frekjudós,“ segir Bergur. Leikritið heitir eftir þekktasta ritverki aðalsöguhetjunnar en sögusviðið er gistiheimili fyrir heimilislausa í borginni Vín á fyrsta áratug síðustu aldar. Þangað er Adolf kominn með möppuna sína til þess að sækja um í listaakademíunni en hann dreymir um frama á þeirri braut. Á gistiheimilinu hittir Hitler tvo gyðinga og á í miklum samskiptum við annan þeirra, hinn góðhjartaða bóksala Slómó sem leikinn er af Þór Tulinius. „Slómó verður þjónn hans og hjúkrunarkona og reynir að eiga kærleiksrík samskipti við hann. Hitler segir á einum stað í verkinu að hann sé honum þakklátur fyrir greiðasemina og ætli máski að kaupa handa honum ofn svo að honum verði hlýtt,“ útskýrir Bergur sposkur. „Hann segist líka viljugur til að leysa þetta gyðingavandamál fyrir hann og þannig launar hann honum eflaust greiðann samkvæmt mannkynssögunni, ef hún er rétt. Slómó bendir honum á að hann ætti kannski hann að hætta þessu myndlistarstússi og fara frekar í pólitík. Hitler finnst það ágætishugmynd.“

### Sársauki og hlátur

George Tabori, sem nýlega hlaut virt leiklistarverðlaun í Þýskalandi fyrir ævistarf sitt, fer skapandi höndum um staðreyndir mannkynssögunnar. Hún þvælist ekki fyrir en það er vísað til hennar og augljóst er að aðalpersóna verksins kallar fram ýmsar forhugmyndir. „Tabori hraktist sjálfur undan nasistum og missti fólk í gasklefana,“ útskýrir Bergur og bendir á honum takist samt að grínast með viðfangsefni. „Hann tekur háalvarlega hluti eins og helförina og einræðisherrann sem kom Evrópu til vítis um miðja síðustu öld og gerir grín úr þeim í lækningaskyni. Við getum ekki horft fram hjá sögunni en við getum ekki heldur legið endalaust og sleikt sárin eða viðhaldið eymdinni. Við verðum að samþykkja að þetta hafi gerst og reyna að finna hamingjuna og kærleikann – til að komast yfir sársaukann er ekkert betra en hláturinn,“ segir Bergur.

### Lýðræðisleg vinnubrögð

Mein Kampf er verk um kærleika og vináttu og Bergur segir hvort tveggja ríkjandi í leikhópnum og þar reyni fólk einnig að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð. Aðrir leikarar í sýningunni eru Guðmundur Ólafsson, Hanna María Karlsdóttir, Björn Ingi Hilmarsson og Marta Nordal en leikstjóri er Hafliði Arngrímsson sem nú stýrir sínu fyrsta verki í Borgarleikhúsinu. Aðrir aðstandendur eru Snorri Freyr Hilmarsson leikmynda- og búningahönnuður, Lárus Björnsson sér um lýsingu og hljóðmynd hannar Sigurvald Ívar Helgason. Þýðandi er Gísli Rúnar Jónsson.

Mein Kampf verður frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins kl. 20 í kvöld.

kristrun@frettabladid.is

# Herinn á brott

Sýningunni Prójekt Patterson, sem er samstarfsverkefni gallerís Suðsuðvesturs og Listasafns Reykjanesbæjar, lýkur um helgina. Vinnuheitið vísar til þeirra sögulegu minja sem Kaninn og Bretinn skilja eftir sig þegar hersetu Bandaríkjamanna hér á landi er lokið. Sýnendur velta fyrir sér spurningum um áhrif hersetunnar og amerískrar menningar á land og þjóð.



**DODDA MAGGÝ MYNDLISTARMAÐUR** Sýnir ásamt þrettán öðrum listamönnum í Reykjanesbæ.

Fjórtán listamenn taka þátt í sýningunni: Didda Hjartardóttir, Dodda Maggý, Elsa D. Gísladóttir, Erling Klingenberg, Finnur Arnar Arnarson, Gunnhildur Hauksdóttir, Hekla Dögg, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Kolbeinn Hugi, Ólöf Helga Helgadóttir, Páll Thayer, Ráðhildur Ingadóttir og Sólveig Einarsdóttir en umsjón sýningarinnar er í höndum Ingu Þóreyjar og Thelmu Bjarkar sem hafa rekið Suðsuðvestur frá upphafi og Ingólfs Arnarssonar prófessors við Listháskóla Íslands.



**FINNUR ARNAR ARNARSON** Tekur þátt í Prójekt Patterson samsýningunni.

Sýnt er í gallerí Suðsuðvestur og í gömlu sundhöllinni við Framnesveg og er opið þar í dag og á morgun milli kl. 13 og 18.


10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is


# Ævintýri sem stenst tímans tönn

Íslensk börn þekkja mæta vel örlög félaganna Karíusar og Baktusar en boðskapur ævintýris þeirra á samt alltaf við. Í dag frumsýnir Leikfélag Akureyrar nýja uppfærslu á barnaleikritinu kunna, sem er sérsniðið að allra yngstu leikhúsgestunum. Þó eru það ekki eingöngu börnin sem fagna söguni sígildu, heldur hampar ein fagstétt henni hærra en aðrir og höfundinum ekki síður.

Sigurður Rúnar Sæmundsson tannlæknir sérhæfir sig í tannlækningum barna. Hann segir að skjólstæðingum sínum verði tíðrætt um þá félaga og að sagan um Karíus og Baktus gegni sérstöku hlutverki í baráttunni fyrir bættri tannhirðu. „Tannskemmdir heita Karíus og Baktus upp að vissum aldri og börnin tala mikið um þá. Margar sögur sem fjalla um tennur og tannlækningar vekja ótta hjá börnum en þessi saga virðist ekki gera það - þótt þetta séu óttaleg örlög sem þeir hljóta er sagan svo fallega sett upp að krakkarnir verða ekki hræddir.“ Hann bætir því við að starfsfélagar hans í Noregi hafi á sínum tíma gert Thorbjörn Egner að heiðursfélaga í norska Tannlæknafélaginu. „Það lýsir kannski best afstöðu tannlæknastéttarinnar,“ segir hann.

Sagan um Karíus og Baktus hefur að sögn fylgt Sigurði frá barnsaldri og hann man enn eftir tannburstanum stóra sem þeytti þeim köppum út í sjó - og af leiksviðinu. „Ég hef verið um tíu ára gamall og þetta atriði er mér enn mjög minnisstætt,“ segir Sigurður og kímir en vill þó ekki viðurkenna að verkið hafi haft áhrif á starfsframann.

Leikritið Karíus og Baktus verður frumsýnt í Rýminu hjá Leikfélagi Akureyrar í dag. Leikstjóri er Ástrós Gunnarsdóttir. - khh



**GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON OG ÓLAFUR STEINN INGUNNARSON Í HLUTVERKUM SÍNUM** Leikritið um Karíus og Baktus verður frumsýnt norðan heiða í dag en þessi saga gegnir lykilhlutverki í baráttunni fyrir bættri tannhirðu. MYND/LEIKFÉLAG AKUREYRAR




# Veturinn bítur -
# verðu tréverkið núna

# Flügger litir

**Flügger ehf**
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
**Hafnarfjörður**

Keflavík
Akureyri
**Selfoss**

Borgarnes
Hvolsvöllur

104731










AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

20 21 22 **23** 24 25 26

## Laugardagur

### OPNANIR

☐ 15.00 **Hlynur Hallsson** myndlistarmaður sýnir í galleríinu **Populus Tremula** á Akureyri. Sýningin nefnist **Skátagil** og stendur bara um helgina.

☐ 16.00 Tvær sýningar verða opnaðar í Gerðubergi, ljósmyndasýning **Ara Sigvaldasonar, Úr launsátri,** og sýning á afrískum minjagripum sem **Ólöf Gerður Sigfúsdóttir** mannfræðingur hefur safna saman. Sýningarnar standa til 12. nóvember.

### SKEMMTANIR

☐ 23.00 **Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** skemmtir á **Kringlukránni.**

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Listamennirnir **Anna Eyjólfsdóttir**, **Jessica Stockholder**, **Ragnhildur Stefánsdóttir**, **Rúrí** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir** sýna verk sín á samsýningunni **Mega vott** sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Sýningin er opin milli 11-17 en hún stendur til 2. október.

☐ 10.00 Sýningin **Pakkhús postulanna** stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi við Tryggvagötu. Ellefu ungir listamenn eiga verk á sýningunni en sýningarstjórar eru **Huginn Þór Arason** og **Daníel Karl Björnsson**. Sýningunni lýkur 23. október.

☐ 13.00 Sýning á verkum **Hildar Bjarnadóttir** stendur yfir í galleríi **i8** við **Klapparstíg**. Opið frá 13-17.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 13.00 Sýninginnni **Prójekt Patterson**, samstarfsverkefni gallerís **Suðsuðvesturs** og **Listasafns Reykjanesbæjar**, lýkur um helgina. og gefur að líta verk eftir myndlistarmennina; **Diddu Hjartardóttir, Doddu Maggý, Elsu D. Gísladóttir, Erling Klingenberg, Finn Arnar Arnarson, Gunnhildi Hauksdóttir, Heklu Dögg, Helga Þórsson, Ingu Þóreyju Jóhannsdóttir, Kolbein Huga, Ólöfu Helgu Helgadóttir, Pál Thayer, Ráðhildi Ingadóttir og Sólveigu Einarsdóttir.** Sýnendur velta fyrir sér spurningum um áhrif hersetunnar og amerískrar menningar á land og þjóð í tilefni þess að bandaríski herinn yfirgefur landið í lok mánaðarins. Opnunartími er laugardag og sunnudag frá kl.13 til kl.18.

### UPPÁKOMUR

☐ 13.00 **Íþróttafélagið Glóð** í Kópavogi verður með kökubasar og markað í **Gjábakka** og klukkustund síðar verða flutt fjölbreytt skemmtiatriði. Aðgangseyrir kr. 1000 kaffi og kleinur innifalið.

### MÁLÞING

☐ 09.30 **Siðfræðistofnun** og **Heimspekistofnun Háskóla Íslands** standa að málþingi um heimspeki **John Stuart Mill** í stofu N-132 í **Öskju**. Tíu heimspekingar taka þátt í málþinginu og flytja fyrirlestra um heimspeki og áhrifamátt

☐ 12.00 Í tengslum við afhendingu **Sjónlistarorðunnar 2006** verður efnt til málþings um sjónlistir og þekkingarmiðlun í **Ketilhúsinu** á Akureyri. Fundarstjóri er Fríða Björk Ingvarsdóttir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20

FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20 Fim 28/9 kl. 20
Fös 29/9 kl. 20UPPS. Lau 7/10 kl. 20

HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Í kvöld kl. 20 hátíðarsýningUPPS.
Sun 24/9 kl. 20 Mið 27/9 kl. 20
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum*
*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

MEIN KAMPF
Í kvöld kl. 20 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20 UPPS.
Fös 29/9 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20

ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
5 sýningar á 9.900 kr.
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Manntafl e. Stefan Zweig
Alveg brilljant skilnaður e. Geraldine Aron
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ





**VOLVER** Kvikmyndin Volver var vinsælasta mynd IIFF.

# 15 þúsund á IIFF

Alls sóttu fimmtán þúsund manns kvikmyndahátíðina IIFF sem er nýlokið. Stóð hátíðin yfir í þrjár vikur í Regnboganum og Háskólabíói.

Kvikmyndin Volver, í leikstjórn Spánverjans Pedro Almodovar, var vinsælasta mynd hátíðarinnar. Í öðru sæti var heimildarmyndin An Inconvenient Truth með fyrrum forsetaframbjóðandann Al Gore fremstan í flokki og í því þriðja var Factotum, þar sem Matt Dillon fer með aðalhlutverkið.


LIFANDI GOÐSÖGN



RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **28. SEPTEMBER** KL. 19.30
Hljómsveitarstjóri ::: Krzysztof Penderecki
Einleikari ::: Florian Uhlig
Krzysztof Penderecki ::: Sjakonna fyrir strengi
Ludwig van Beethoven ::: Sinfónía nr. 4
Krzysztof Penderecki ::: Píanókonsert

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **5. OKTÓBER** KL. 19.30
Það ferskasta í norrænni nútímatónlist



SKÖPUN HEIMSINS Í HÁSKÓLABÍÓI
LAUGARDAGINN **14. OKTÓBER** KL. 17.00
Jón Leifs ::: Edda I

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**



KRINGLU KRÁIN

Geirmundur Valtýsson í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Í kvöld lau. 23/9 örfá sæti laus, lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10.
Aðeins fáar sýningar í haust.

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.
Sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00, sun. 7/10 kl. 21:00, sun. 21/10 kl. 21:00. Aðeins fjórar sýningar í haust.

**LEIKHÚSKVÖLD MEÐ PINTER.** Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning.
Fyrir sýningu á **Fagnaði** er boðið upp á erindi um **Nóbelsskáldið Harold Pinter** og kvöldverð í anda verksins í Leikhúskjallaranum. Nánari upplýsingar í miðasölu.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld lau. 23/9 uppselt, lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, mið. 11/10 örfá sæti laus, fim. 12/10, fös. 13/10 örfá sæti laus, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 kl. 17:00, fös. 20/10 örfá sæti laus, lau. 21/10 örfá sæti laus.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Fim. 28/9, sun. 8/10 kl. 17:00.

Leikhúskjallarinn. Upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.
KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.








FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**Þjóðleikhúskortið – fyrir þig eða einhvern sem þú vilt gleðja!**



**Sala stendur yfir á áskriftar- og opnum kortum**

**Meðal fríðinda kortagesta:**

- Verulegur afsláttur af miðaverði.
- Þú átt síður á hættu að missa af góðum sýningum.
- Þú getur tryggt þér þitt fasta sæti á ákveðnar sýningar.
- Afsláttur af miðaverði á aðrar sýningar en kortasýningar.
- Málsverður í Leikhúskjallaranum fyrir sýningar á kostakjörum.
- Afsláttur af gjafakortum Þjóðleikhússins.
- Lægra miðaverð hjá Leikfélagi Akureyrar og Íslenska dansflokknum.
- Helmings afsláttur af aðgangseyri hjá Listasöfnum Reykjavíkur.

**Næstu frumsýningar:**

**Sitji guðs englar** eftir Guðrúnu Helgadóttur
Frumsýning á Stóra sviðinu 29. september

**Stórfengleg** eftir Peter Quilter
Frumsýning á Stóra sviðinu 27. október

Miðasala og sala áskriftarkorta á netinu
**www.leikhusid.is** eða í síma 551 1200

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**Mælum með**

... háum hælum. Með uppgangi kvenleikans í tískunni þessa stundina er um að gera að fara að taka fram háu hælana. Við erum búnar að hafa það gott síðustu ár þar sem flatbotna skór voru meira í tísku, en nú eru háu hælarnir málið. Munið bara að æfingin skapar meistarann.

# útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN ALDÍS PÁLSDÓTTIR LJÓSMYNDARI OG NÝBÖKUÐ MÓÐIR

# Gulllitað í uppáhaldi ásamt niðurmjóum Levi's-gallabuxum

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já og nei. Mestu skiptir að vera sátt við sjálfa mig. Hvort ég fylgi tískustraumum er aukaatriði.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Glamúr í bland við rokk.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki:** Uppáhalds hönnuðurinn minn er Guðrún Lárusdóttir. Hún var búningahönnuður hjá Latabæ og er núna hjá Nikita. Svo held ég líka með Aftur-systrum!

**Flottustu litirnir?** Gull er í algjöru uppáhaldi og svo klikkar rauður aldrei. Svo finnst mér brúnn fallegur litur, ef hann bara klæddi mig betur myndi ég nota hann oftar.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Bolum. Ég gæti lifað sátt ef ég ætti bara tvennar buxur og einar leggings með heilmiklu úrvali af bolum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég keypti mér þetta fína síða sebramunstraða vesti, sem ég er í á myndinni.



**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Mér finnst skemmtilegt hvað ¿80´s¿ er orðið sjáanlegt á götum Kaupmannahafnar þar sem ég bý. Mér finnst eighties flott. Hvað er annars í ¿tísku¿?

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir haustið?** Mig langar í jakka sem er munstraður eins og hnattlíkan í pastellitum. Ég sá gamla konu í svoleiðis jakka í strætó um daginn og ég var næstum stokkin út á eftir henni, til að bjóða í jakkann.

**Uppáhaldsverslun?** Secondhand-búðirnar; Wasteland og København K og svo auðvitað H&M sem klikkar sjaldan.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ekki miklum! Held jafnvel að ég hafi náð að eyða engu einn mánuðinn á árinu. Væri sátt ef ég gæti sagt 20.000 kr.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Leggings, ekki spurning, með eindæmum margnota og þægileg flík.

**Uppáhaldsflík?** Niðurmjóu Levi´s-gallabuxurnar mínar og náttbuxurnar hans Sindra, kærasta míns.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Kína, bara.. langar þangað og New York auðvitað.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Við hjónin erum nú ekki sammála um það. En ég kom heim um daginn, með loðna peysu frá Aftur-systrum. Sem kærastinn sagði vera þá ljótustu flík sem hann hefði nokkru sinni séð. Ég er ekki sammála.



## MÓÐUR VIKUNNAR

### Álfrún fer yfir málin

# Látum okkur dreyma

Það er svo gaman þegar tískuvikurnar byrja. Þá hverfur þessi deyfð sem einkennir júlí og ágúst og maður fær fullt af nýjum tískubólum til að velta sér upp úr. Tónninn var gefinn með tískuvikunni í New York í byrjun september og á eftir fylgja London, París og Mílanó. Það er því heljarinnar veisla framundan í tískuheiminum og tískupælarar eru því í essinu sínu um þessar mundir.

Það eina sem er ruglingslegt við tískuvikurnar er það að þær eru hálfu ári á undan. Á haustin þegar búðirnar eru að fyllast af nýjustu haust- og vetrarflíkunum er maður vaðandi í sumar- og vortískunni fyrir næsta ár. Það er ekki nógu þægilegt fyrir minn smekk en samt sem áður elska ég þetta tímabil í tískuheiminum. Það gerir jú auðvitað tískuspekúlöntum kleift að búa sig undir komandi ár. Það er alltaf ánægjulegt að geta undirbúið sig og verið því með puttana á púlsinum þegar þar að kemur.

Einu sinni var ég svo heppin að geta verið þátttakandi í tískuvikunum sem kaupandi fyrir tískuverslanakeðju hér á landi. Það er ekkert skemmtilegra en að sjá allar nýjustu línurnar frá hönnuðunum. Þá mátaði maður fatnaðinn og valdi það sem manni fannst flottast, og lét sig auðvitað dreyma fram í tímann.

Á þessum tíma árs eru öll tímaritin sem helguð eru tísku full af skemmtilegu efni og flest með aukablöð tileinkuð tískupöllunum, svokallaðar ¿catwalk reports¿ þar sem aðeins er brot af því besta og tískubólunum safnað saman til að allt verði aðgengilegra fyrir lesandann.

Ég held að flestar stelpur hafi einhvern tímann legið í póstlistum á borð við Freemans og H&M Rowells og merkt við það sem þær langaði í. Það gerði ég oft og setti svo að lokum saman draumaóskalistann sem sjaldan var þó farið eftir, enda ekki hægt að fá allt í heiminum, nokkuð sem barnalegur hugsunarháttur áttar sig ekki alveg á. Tískuvikurnar eru svipað dæmi, mann dreymir um að fá flíkur frá hátískuhönnuðum og setur þær á óskalista sem síðan verður sjaldan meira en bara draumur. Þetta eru þó skemmtilegir draumar og það er allt í lagi að fara út í næstu búð og kaupa eftirlíkingarnar til að seðja hungrið í nýjasta nýtt.






**LÉTTUR KJÓLL** Stuttur kjóll með bleikri slaufu.

**BARNALEG FÖRÐUN** Eplakinnar, freknur og löng augnahár er útlit æskunnar.

**UPP Í HÁLS** Kjóll frá Chloe í barnalegum stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**HÁRSPÖNG** Hárspöng er hentugt fyrirbæri en það er auðvelt að tengja hana við æskuna.

**DOPPÓTT** Margnota klútur frá Vero Moda.

**PERLUR** Perlufestar í alls kyns litum frá Vero Moda.

# Barnaleikur einn...

Útlitsdýrkun er ekkert vafaatriði í tískuheiminum og með uppgangi lýtaaðgerða er æskudýrkuninn að verða meiri. Allir vilja líta út fyrir að vera yngri en þeir eru og upp á síðkastið hefur barnalegt útlit verið í hávegum haft innan tískuheimsins. Sumir af kjólunum sem hafa borið hæst á tískupöllunum minna óneitanlega mikið á jólakjólinn sem maður átti í æsku, stuttur og víður með púffermum.

Slaufur, perlufestar, hárspangir og stuttir kjólar eru helstu einkennismerki þessara tegundar af tísku. Hnésokkar við spariskó og kjóla minnir óneitanlega mikið á Lísu í Undralandi eða Dóróteu í Galdrakarlinum í Oz og hefur það sést mikið á tískupöllunum. Stuttar púffermar, blúndur og fölir tónir er einnig hægt að tengja við barnalegt útlit. Leyfum myndunum að tala sínu máli.

alfrun@frettabladid.is



**BARNASTJARNAN** Shirley Temple setti tóninn fyrir þessa tegund af tísku enda frökenin í alltaf smart í stuttum kápum með hanska, í hvítum sparisokkum við skóna.

**GALAKJÓLL** Hlýralaus kjóll með fallegu munstri frá Warehouse.

**STÓRAR TÖLUR** Kápa frá Zöru í víðu sniði með stórum tölum sem undirstrika barnaleikann.

**BUXUR** Stuttar buxur með risastórri slaufu framan á. Fæst í Oasis. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**KRAKKALEGT MUNSTUR** Frábær kjóll í góðu sniði frá Galleri 17.

**STUTTUR FRAKKI** Tvíhnepptur jakki með skemmtilegu munstri í miklum litum. Fæst í Gallerí 17.

**PÚFFERMAR** Hvítur kjóll með risaermum og stórri slaufu.

**PARIS HILTON** Reynir að vera ávallt í tísku og sést hér í hvítum kjól með skemmtilegu sniði.

**APPELSÍNURAUTT** Skyrtukjóll frá Oasis.

**FRÁBÆR** Dýramunstur í stuttum kjól frá Zöru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**DÚKKULÍSUR** Þessi tegund af tísku minnir óneitanlega á fatnaðinn sem dúkkulísur klæddust fyrir nokkrum árum.

**BLÚSSA** Rauð blússa með borða í miðið og stuttum ermum frá Oasis.

**SPARISKÓR** Sætir skór með satínborða frá Vero Moda.

**SÆTUR** Stuttur svartur kjóll frá Warehouse.

**RAUTT RAUTT RAUTT** Stuttar ermar og skemmtilegt munstur með borða undir brjóstunum.

# Glamúrinn víkur fyrir hverdagsleikanum

Tíska og förðun haldast ávallt vel í hendur og þar sem glamúrinn tónast niður þetta árið og hversdagsleikinn verður allsráðandi í fatatískunni gildir það sama um förðunina. Glansandi húð og sólarpúður í miklum mæli víkur fyrir púðri og vínrauðum kinnum.

Nú er allt í einu komið í tísku að vera hvítur í framan, klakabúum til mikillar ánægju, enda eru endalausar brúnkumeðferðir tímafrekar, svo ekki sé minnst á ljósabekkina sem eru hættulegir í þokkabót.

Breiðar augabrúnir eru helsta einkenni gruggtískunnar frá tíunda áratugnum og helst eiga þær að vera úfnar og miklar. Glimmer fær að víkja fyrir maskara og svörtum blýanti. Fjólubláir tónar í augnskuggum ásamt svörtum og dökkbrúnum, því hin margrómaða „smokey“-förðun verður aðalmálið í vetur.

- áp

**Nauðsynlegt að eiga fyrir veturinn**

- Maskari, svartur
- Gerviaugnahár
- Fjólublár augnskuggi
- Svartur augnskuggi
- Rauðir tónar í varalit
- Vínrauður kinnalitur
- Púður



**RAUÐUR TÓNAR** Vínrauður kinnalitur og varalitur. Mikill maskari er einnig málið hér.



**AUGABRÚNIR** Verða í lykilhlutverki í vetur, helst í breiðari kantinum eins og sjá má á þessari mynd sem er frá sýningu Donnu Karan. Breiðar og úfnar.



**LJÓS HÚÐ** Maskari og appelsínurauður varalitur geta gert ótrúlega mikið eins og sjá má hér. Gamaldags útlit.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**GRÁTT** Kjól með vasa framan á sem hentar bæði hversdags og við fín tilefni.

# Tímalaus tíska

Tískuvikan í Nýja-Sjálandi stendur hátt um þessar mundir. Þar sem félagar okkar hinum megin á hnettinum eru öfugu megin í árstíðum eru þeir að kynna haust- og vetrartískuna núna. Kate Sylvester er einn af góðum hönnuðum Nýja-Sjálands og er hönnunin hennar seld út um allan heim.

Fötin hennar eru talin standast tímans tönn og er hún ekkert endilega í því að elta tískustrauma og bólur.

Klæðskerasniðinn fatnaður með tilraunakenndu ívafi er aðalsmerki Sylvester. Í nýjustu línu sinni blandar hún saman hversdagsleikanum og glamúrnum á skemmtilegan hátt. Látum myndirnar tala sínu máli og njótum tískunnar frá Nýja-Sjálandi. - áp



**BLÖÐRUSNIÐ** Brúnn kjóll með mikilli vídd. Hettan setur einnig stóran svip á heildarmyndina.



**SKEMMTILEGT** Fínn kjóll yfir venjulegan gráan bómullarbol. Frábær blanda.


HELGARTILBOÐ!


1.999kr.

Brain Police – Beyond the Wasteland
Brain Police rokka feitt sem aldrei fyrr á sinni fjórðu plötu. Skyldueign fyrir flösuþeytara og alla hina!


Nýtt
1.999kr.

Scissor Sisters - Ta Dah
Önnur plata New York sveitarinnar. Platan inniheldur m.a. lagið I Don't Feel Like Dancin' sem er m.a. á toppi breska listans


Nýtt
2CD
2.499kr.

Freddie Mercury - Very Best Of
Allt það vinsælasta frá sólóferli Freddie Mercury


DVD
CD
2.499kr.

Iron Maiden – A Matter of Life and Death
Íslandsvinirnir með frábæra nýja plötu


1.999kr.

Justin Timberlake - FutureSex/LoveSounds
Önnur sólóplata Justin Timberlake. Inniheldur stórsmellinn SexyBack, sem er að slá allstaðar í gegn


Nýtt
1.999kr.

The Mars Volta – Amputechture
Þriðja plata þessa magnaða tvíeykis frá Texas, en fyrri tvær plöturnar fengu frábærar viðtökur


1.9-99kr.

Beyoncé – B'day
Önnur sólóplata Beyoncé Knowles, en platan inniheldur hið feikivinsæla lag Deja Vu


DVD
Nýtt
2.999kr.

U2 - Zoo TV: Live from Sidney
Klassískir U2 tónleikar frá árinu 1993 loksins fáanlegir á DVD


1.999kr.

Snow Patrol - Eyes Open
Frábær plata sem inniheldur eitt vinsælasta lag landsins í dag "Chasing Cars"

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is







# Jarren C til landsins



**DJ JARREN C** Einn vinsælasti plötusnúðurinn í London þeytir skífum.

Plötusnúðurinn Dj Jarren C, sem er einn vinsælasti plötusnúðurinn í London um þessar mundir, þeytir skífum á Vegamótum á laugardagskvöld.

Dj Darren er fastasnúður á stöðum eins og Kabaret Prophecy, Jade Jagger's Jezebel, China White og Boujis þar sem hann hefur spilað fyrir stjörnur eins og Jay-Z, Beyoncé, Justin Timberlake, Pharrell Williams, Paris Hilton og Lindsay Lohan.

Einnig hefur hann spilað í 35 ára afmælisveislu Naomi Campbell og í eftirpartíum hjá Madonnu, Lenny Kravitz, Gorillaz og 50 Cent. Með honum í för verður blaðamaður frá Touch Magazine til þess að fjalla um Íslandsför kappans en það blað er eitt vinsælasta „Urban"-tónlistarblaðið í Bretlandi.

Partíið á Vegamótum byrjar upp úr miðnætti og stendur langt fram eftir nóttu. Frítt er inn og aldurstakmark er 22 ára. Upphitun verður í höndum Dj Dóra.

# Baulað á Beyoncé



**GÖMUL HETJA** Coolio var allt í öllu á Mobo-hátíðinni og hér er hann ásamt kynni hátíðarinnar, Gina Yashere.

Verðlaunahátíðin Mobo fór fram í London á miðvikudagskvöldið en það er uppskeruhátíð svartra tónlistarmanna hvaðanæva í heiminum. Sigurvegarar kvöldsins voru þær Corinne Bailey Rae og Beyoncé Knowles en þær deildu fimm helstu verðlaununum með sér. Knowles var útnefnd besta alþjóðlega söngkonan og þá var Deja Vu valið besta lagið og besta myndbandið en Knowles flytur það ásamt unnusta sínum, Jay-Z.

Corinne Bailey Rae var kosin besta söngkonan á Bretlandseyjum auk þess sem hún var útnefnd besti nýliðinn. Hiphop-hljómsveitin Black Eyed Peas var verðlaunuð sem besta hljómsveit ársins og Jay-Z var kosinn besti karlkyns listamaðurinn á alþjóðlega vísu en hvorki hann né Beyoncé mættu til að veita verðlaununum viðtöku. Áhorfendur í sal voru augljóslega ekki ánægðir með þá framkomu og bauluðu þegar tilkynnt var um sigur söngkonunnar í flokknum „besta alþjóðlega söngkonan" og grínaðist kynnirinn Gina Yashere með að fyrst Beyoncé væri ekki mætt gæti hún bara tekið verðlaunin með sér heim.

Lemar var kjörinn besti karlkyns listamaðurinn á Bretlandi, Akala var útnefndur besti hiphoplistamaðurinn, Sean Paul fékk verðlaun sem besti reggae-tónlistarmaðurinn og Rihanna var kjörin besti R&B-tónlistarmaðurinn.



**BESTI R&B TÓNLISTARMAÐURINN** Rihanna hlaut verðlaun sem besti R&B-tónlistarmaðurinn en hún hefur meðal annars spilað með Nylon-flokknum íslenska. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**SÖNGKONAN OG FYRIRSÆTAN** Kelle Bryan og Colleen Shannon tilkynnntu hvaða lag hefði verið valið það besta á Mobo-hátíðinni.










**JUSTIN TIMBERLAKE** Popparinn bandaríski fór beint á topp Billboard-listans.

# Timberlake á toppinn

Nýjasta plata popparans Justins Timberlake, Futuresex/Lovesounds, fór beint á topp bandaríska Billboard-listans í vikunni sem hún kom út.

Seldist platan í rúmum 680 þúsund eintökum og er það besta byrjun karlkyns sólótónlistarmanns á þessu ári í Bandaríkjunum.

Platan fór einnig beint á toppinn í Bretlandi, Kanada, Írlandi, Ástralíu og Singapúr. Fyrsta smáskífulagið, Sexyback, er einnig á toppi bandaríska listans.

## > Teitur vill markvörð frá Fylki



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Teitur Þórðarson þjálfari KR sett sig í samband Fylki um að fá annað hvort Fjalar Þorgeirsson eða Bjarna Þórð Halldórsson til liðs við KR. Kristján Finnbogason, markvörður KR til margra ára, hyggst leggja skóna á hilluna í haust og vill Teitur fá mann með reynslu í hans stað. Varamarkvörður KR, Atli Jónasson, er enn ungur að árum og hefur lítið fengið að spreyta sig á milli stanganna með meistaraflokki félagsins. Fjalar hefur verið aðalmarkvörður Fylkis í sumar en Bjarni átti í vetur við meiðsli að stríða og féll því aftar í goggunarröðina í Árbænum.

**sport**

sport@frettabladid.is

GARÐAR JÓHANNSSON OG SIGÞÓR JÚLÍUSSON: MEGA BÁÐIR SPILA GEGN SÍNUM FYRRUM FÉLÖGUM Í DAG

# *Mér er alveg sama hvað Teitur segir um mig*



Garðar Jóhannsson, leikmaður Vals, og Sigþór Júlíusson, leikmaður KR, hafa báðir fengið leyfi til að spila með sínum liðum en Valur tekur á móti KR á Laugardalsvellinum í dag. Sigþór skipti í sumar úr Val yfir í KR og Garðar fór hina leiðina og báðir voru með ákvæði í sínum samningi um að þeir mættu ekki spila gegn sínum gömlu félögum. Þetta ákvæði hefur nú verið fellt úr gildi og því geta Garðar og Sigþór spilað með sínum liðum í dag.

KR-ingar létu nokkur vel valin orð falla um Garðar þegar hann yfirgaf félagið og m.a. var haft eftir Teiti Þórðarsyni að Garðar hefði ekki verið til í að leggja nógu mikið á sig til að vinna sér fast sæti í KR-liðinu.

Garðar Jóhannsson segist ekkert þurfa að sanna fyrir KR. „Ég veit alveg hvað ég get og KR-ingar vita það líka, annars hefði ég ekki verið hjá þessu félagi,“ sagði Garðar og bætti við að þessi ummæli hefðu ekki haft nein áhrif á sig.

„Teitur verður bara að eiga þetta við sjálfan sig. Mér er svo sem alveg sama hvað hann segir um mig, hann er ekki lengur þjálfarinn minn,“ sagði Garðar en hann vildi ekkert gefa upp hvað hann myndi skora mörg mörk í leiknum í dag. „Mér er sama hvort ég skora eða ekki, ef við bara vinnum þennan leik er ég sáttur,“ sagði Garðar.

Sigþór Júlíusson var mjög ánægður með að fá að spila þennan leik í dag. „Þetta er stórleikur og það hljóta allir að vilja taka þátt í honum,“ sagði Sigþór en hann hefur leikið þrjú tímabil með Val á sínum ferli. „Leikurinn er kannski fyrir vikið öðruvísi fyrir mig en aðrir leikir. Mér leið mjög vel hjá Val og það er ekki rígur þar á milli, af minni hálfu að minnsta kosti, og ég vona að þeim gangi allt í haginn. Að sjálfsögðu vona ég samt að við náum að tryggja okkur annað sætið,“ sagði Sigþór.

„Leikurinn leggst bara mjög vel í mig. Það eru tveir leikir eftir af sumrinu og það eru tveir úrslitaleikir. Við KR-ingar höfum ekki náð neinum árangri ennþá þannig að það er eins gott að halda vel á spilunum í báðum þessum leikjum. Við getum ennþá endað með dapurt sumar ef við náum ekki að vinna annan hvorn leikinn í það minnsta,“ sagði Sigþór en hann verður samningslaus í næsta mánuði og óljóst er með framhaldið hjá honum.



**MAREL BALDVINSSON** Gæti orðið markakóngur á Íslandi þó að hann sé að spila í Noregi.

Keppnin um gullskóinn:

## Marel enn markahæstur

**FÓTBOLTI** Keppnin um gullskóinn, sem markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar fær, er mjög hörð en Blikinn Marel Baldvinsson er enn markahæstur í deildinni þó að hann hafi yfirgefið Blika á dögunum. Marel hefur skorað ellefu mörk og skorar augljóslega ekki meira.

Næstir koma KR-ingurinn Björgólfur Takefusa og Grindvíkingurinn Jóhann Þórhallsson með tíu mörk. Þeir spila báðir í dag og geta því náð Marel. Þar á eftir koma Tryggvi Guðmundsson, FH, og Víkingurinn Viktor Bjarki Arnarsson með átta mörk.- **hbg**



**HANNES Þ. SIGURÐSSON** Er 55. samningsbundni leikmaður Bröndby IF sem leikur landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hannes Þ. Sigurðsson:

## Á heiðurslista hjá Bröndby IF

**FÓTBOLTI Hannes Þ. Sigurðsson, leikmaður danska úrvalsdeildarliðsins Bröndby IF, komst á dögunum á heiðurslista hjá félaginu þegar hann varð 55. samningsbundni leikmaður félagsins til að spila landsleik fyrir þjóð sína. Hannes er þar með kominn í hóp með ekki ómerkari mönnum en Michael Laudrup, Brian Laudrup, Peter Schmeichel og Ebbe Sand svo dæmi sé tekið.**

**„Það er mikill heiður að komast á þennan lista og ég er mjög ánægður með þetta,“ sagði Hannes af þessu tilefni.**

**Ekki er nóg með að Hannesi hafi hlotnast þessi heiður heldur stóð einnig á heimasíðu Bröndby IF að Hannes væri fyrsti samningsbundni leikmaður félagsins til að spila landsleik án þess að hafa mætt á æfingu hjá Bröndby.** - **dsd**

# Fimm lið geta fallið úr deildinni

**Það verður væntanlega mikil dramatík þegar lokaumferð Landsbankadeildarinnar verður leikin í dag. Fimm lið geta fallið í 1. deild og svo leika KR og Valur hreinan úrslitaleik um annað sætið í deildinni.**

**FÓTBOLTI** Það verður mikil spenna klukkan 14 í dag þegar átjánda og síðasta umferð Landsbankadeildarinnar verður flautuð á. FH er orðið Íslandsmeistari, ÍBV er fallið og spennan er því hvaða lið fylgir ÍBV niður og hvaða lið nær UEFA-sætinu. KR og Valur munu bítast um það sæti þar sem liðið sem nær öðru sæti deildarinnar fær Evrópusætið eftirsótta.

Grindavík stendur allra lið verst að vígi. Liðið þarf að leggja sjálfa Íslandsmeistarana en það eitt og sér dugar ef til vill ekki. Á móti kemur að mótherjinn hefur að litlu að keppa og það verður klárlega verðugt verkefni fyrir Ólaf Jóhannesson, þjálfara Íslandsmeistara FH, að koma sínum mönnum í gírinn fyrir leik gegn brjáluðum Grindvíkingum, sem munu eflaust berja hressilega frá sér.

„Við vitum að ef við svörum ekki fyrir okkur komum við stórskaddaðir úr leiknum. Þess vegna tel ég pottþétt að við munum taka vel á móti þeim,“ sagði Ólafur. Hann óttast ekki að leikmenn sínir verði að hugsa um Helga Björnsson meðan á leik stendur en stórsöngvarinn verður í fararbroddi á FH-balli um kvöldið. „Það getur brugðið til beggja vona í svona stöðu en ég spái því að Grindvíkingar falli því þeir vinna okkur ekki.“

Keflavík er í sömu stöðu og FH. Situr í fjórða sæti og sama hvernig fer gegn Breiðablik verður liðið í því sæti. Svo á Keflavík að spila bikarúrslitaleik gegn KR og leikmenn hugsanlega farnir að hugsa um þann leik. Guðmundur Steinarsson er eini leikmaðurinn sem er á hættusvæði í spjöldum og hann verður líklega hvíldur.

„Við munum ekki tefla í tvísýnu með bikarúrslitaleikinn,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur. „Það verður mjög sérstakt að spila þennan leik og ég bíð spenntur að sjá hvernig mitt lið mun spila. Þetta er ekki skemmtileg staða og ef einhver fær spjald á morgun og er í hættu verður hann hreinlega tekinn af velli.“

Þrátt fyrir erfiða stöðu Keflavíkur verður verkefnið erfitt fyrir Blika þar sem þrír leikmenn verða í banni, þar á meðal Zivanovic, sem hefur leyst framherjastöðuna ágætlega síðan Marel Baldvinsson fór til Noregs. Þeir verða einnig án Olgeirs Sigurgeirssonar, sem hefur oft drifið miðjuspilið áfram, sem og varnarmannsins Guðmanns Þórissonar.

Skagamenn koma í heimsókn í Víkina en sú sérkennilega staða er komin þar upp að báðum liðum nægir jafntefli til að halda sæti sínu. Þrátt fyrir þá staðreynd ætla Skagamenn að halda sínu striki og sækja af álíka mætti og þeir hafa gert í síðustu leikjum.

„Ég get lofað því að það verður ekkert dútl. Við munum sækja af meiri krafti en áður. Við munum kýla á þetta og enda tímabilið með stæl,“ sagði Arnar Gunnlaugsson, annar þjálfara ÍA. „Við getum náð fimmta sæti og það væri flott að ná því. Engu að síður er ekki hægt að neita því að ef staðan verður 2-2 og korter eftir gæti hægst eitthvað á leiknum. Við munum fylgjast vel með hinum leikjunum í síðari hálfleik en ekki fyrr en þá.“

Á þjóðarleikvanginum mætast gömlu Reykjavíkurstórveldin Valur og KR í úrslitaleik um annað sætið. KR er með einu stigi meira og nægir því jafntefli.

„Við erum í góðri stöðu á meðan það er jafntefli og því verður enginn hasar í okkur,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, sem ætlar ekki að hvíla þá leikmenn liðsins sem eru á hættusvæði í spjöldum fyrir bikarúrslitaleikinn. Hann mun tefla fram sínu sterkasta liði. „Það kemur ekkert annað til greina. Þetta er fyrra tækifærið okkar af tveimur til að ná þessu UEFA-sæti og við ætlum ekki að gefa frá okkur fyrra tækifærið.“

**henry@frettabladid.is**



**FAGNA GRINDVÍKINGAR AFTUR?** Grindvíkingar hafa bjargað sér á ævintýralegan hátt síðustu ár og enn eina ferðina eru þeir með bakið uppi við vegg. Þeir verða að vinna Íslandsmeistara FH til að bjarga sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

### HVAÐA LIÐ FELLUR?

**GRINDAVÍK**:
Staða Grindvíkinga er verst allra liða. Grindavík verður að vinna FH til að bjarga sér frá falli og jafntefli hrekkur skammt. Þrátt fyrir sigur gæti liðið líka þurft á hagstæðum úrslitum að halda.

**BREIÐABLIK**:
Blikar hafa verstu markatölu þeirra liða sem geta fallið. Blikar verða því helst að vinna Keflavík, sigur í þeim leik gulltryggir sætið. Jafntefli gæti sent liðið niður ef Grindavík vinnur FH og Víkingur nær jafntefli gegn ÍA.

**VÍKINGUR**:
Víkingur er í ágætri stöðu með heimaleik og bestu markatölu þeirra liða sem geta fallið. Víkingur þarf að tapa fyrir ÍA og Grindavík og Breiðablik vinna sína leiki til að Víkingur falli. Jafntefli gegn ÍA gulltryggir sætið.

**ÍA**:
Skagamenn standa vel að vígi og nægir jafntefli eins og Víkingum. Óttast því einhverjir að lítil áhætta verði tekin í leik liðanna í Víkinni og að hann verði hrútleiðinlegur. Rétt eins og hjá Víkingum þarf ÍA að tapa sínum leik og Breiðablik og Grindavík að vinna sína eigi liðið að falla.

**FYLKIR**:
Það þarf allt að klikka ef Fylkir á að falla. Fylkir verður að tapa í Eyjum, Grindavík og Breiðablik að vinna sína leiki og þar að auki verður leikur ÍA og Víkings að enda með jafntefli. Fylkisliðið er því nokkuð öruggt.

### LANDSBANKADEILDIN

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **17** | **10** | **5** | **2** | **30-13** | **35** |
| KR | 17 | 9 | 2 | 6 | 21-25 | 29 |
| **VALUR** | **17** | **7** | **7** | **3** | **25-16** | **28** |
| KEFLAVÍK | 17 | 6 | 5 | 5 | 29-18 | 24 |
| **FYLKIR** | **17** | **5** | **6** | **6** | **22-23** | **21** |
| ÍA | 17 | 6 | 3 | 8 | 26-29 | 21 |
| **VÍKINGUR** | **17** | **5** | **5** | **7** | **20-17** | **20** |
| BREIÐABLIK | 17 | 5 | 5 | 7 | 25-32 | 20 |
| **GRINDAVÍK** | **17** | **4** | **6** | **7** | **23-25** | **18** |
| ÍBV | 17 | 4 | 3 | 10 | 16-39 | 15 |

Meiðslasaga Hrafnkels Helgasonar Fylkismanns heldur áfram:

## Hrafnkell þarf aftur í aðgerð

**FÓTBOLTI** Fylkismaðurinn Hrafnkell Helgason mun í nóvember næstkomandi gangast undir aðgerð á hné vegna krossbandsslita sem hafa nú plagað hann í rúmlega tvö og hálft ár. Hann hefur komið við sögu í einum leik með Fylki í sumar en annars ekkert getað leikið vegna meiðslanna.

Hrafnkell sleit krossbönd í hné í janúar árið 2004 og gekkst fljótlega undir aðgerð vegna þess. „Upphaflega aðgerðin heppnaðist ekki nógu vel og nú á að reyna að laga þetta frá grunni. Það var fullreynt að láta mig spila í þessu ástandi og það gekk vitanlega ekki neitt,“ sagði Hrafnkell sem hefur alla sína tíð leikið með Fylki. Hann er 28 ára gamall.

Sveinbjörn Brandsson, læknir íslenska landsliðsins, mun framkvæma aðgerðina. „Hann verður að slíta þennan eina þráð sem enn hangir saman og laga svo krossböndin.“

Hrafnkell segir þetta ekki einungis vera spurningu um að koma knattspyrnuferli hans aftur í gang. „Þetta er líka spurning um hvað ég vil fá út úr mínu lífi. Ég vil geta spriklað í fótbolta og farið í skvass svo eitthvað sé nefnt. Ef ég vil geta gert slíka hluti verður einfaldlega að laga þetta. Það þýðir ekki að vera endalaust í skák og keilu,“ sagði hann í léttum dúr.

Hann segist ætla að halda áfram knattspyrnuiðkun ef aðgerðin heppnast vel. „Þetta verður bara síðan að fá að koma í ljós.“ - **esá**



**HRAFNKELL HELGASON** Hefur lítið getað leikið með Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR



VIÐ FELLSMÚLA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00
RAFMAGNSVERKFÆRI
1290- BORVÉL 500W
3990- HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI
2995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
1295- HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
4995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
5890- HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
4995- BELTASLÍPIVÉL 900W
2290- HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2990- RAFMAGNSHEFILL
TILBOÐ!
990- HLEÐSLUBORVÉL 12V
1390- STINGSÖG 350W
1490- SLÍPIROKKUR 600W
9990- BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
5850- FLÍSASÖG
12.900- KEÐJUSÖG RAFM.
2950- HJÓLSÖG 1400W
12.990- BÚTSÖG 2100W
RAFSTÖÐVAR
800W 19900-
2200W 34900-
5500W 59500-
1995- SLÍPIMÚS
995- JUÐARI
4995- BÚTSÖG 1300W
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur



**BABAYARO OG KUYT** Úr leik Liverpool og Newcastle. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Celestine Babayaro:

## Í bann fyrir að slá Dirk Kuyt

**FÓTBOLTI** Celestine Babayaro, bakvörður Newcastle United, var í gær dæmdur í þriggja leikja bann fyrir að slá Dirk Kuyt, sóknarmann Liverpool, í leik liðanna á miðvikudaginn. Dómari leiksins sá ekki brotið en atvikið náðist vel á myndbandi og eftir því dæmdi aganefndin Babayaro í bann.

Babayaro mun því missa af leikjum Newcastle gegn Everton, Manchester United og Bolton. Þetta er nú ekki til að hjálpa Newcastle United því liðið hefur verið einstaklega óheppið með meiðsli á tímabilinu. - dsd

Everton:

## Krefjast bóta fyrir McFadden

**FÓTBOLTI Enska knattspyrnuliðið Everton ætlar að krefja skoska knattspyrnusambandið um bætur vegna meiðsla James McFadden en hann meiddist í leik með skoska landsliðinu fyrr í þessum mánuði.**

**„Við munum krefjast bóta þegar við sjáum hvenær McFadden hefur náð sér að fullu,“ sagði stjórnarmaður hjá Everton um málið. - dsd**



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Hefur þjálfað ÍA undanfarin sex tímabil en hætti á miðju tímabili í sumar. Er nú orðaður sterklega við þjálfarastöðuna hjá Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ólafur eða Guðjón til Fram

**Stjórn knattspyrnudeildar Fram fundar stíft þessa dagana um ráðningu þjálfara meistaraflokks karla. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur valið fyrst og fremst á milli Ólafs Þórðarsonar eða Guðjóns Þórðarsonar.**

**FÓTBOLTI** „Menn eru að reyna að sýna ákveðinn metnað í þessu máli og teljum við okkur ekki vera undir það mikilli tímapressu að ráða nýjan þjálfara. En við ætlum engu að síður að reyna að klára þetta mál um helgina og gera það að vel hugsuðu máli,“ sagði Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri rekstrarráðs Fram, í samtali við Fréttablaðið. Stjórn knattspyrnudeildarinnar fundar stíft þessa dagana og samkvæmt heimildum íþróttadeildar stendur valið á milli Skagamannanna kunnu Guðjóns Þórðarsonar og Ólafs Þórðarsonar.

Brynjar vildi ekki staðfesta að aðeins þeir tveir kæmu til greina en hann útilokaði þó þá þjálfara sem eru nú á lausu eftir að hafa hætt með sín lið í sumar. Þetta eru Sigurður Jónsson, Atli Eðvaldsson og Bjarni Jóhannsson.

Guðjón hefur undanfarna daga verið mikið orðaður við þjálfarastöðuna hjá ÍA en það ku vera afar eldfimt mál, þar sem ný stjórn er að taka við knattspyrnudeildinni og því ekkert hægt að gera fyrr en hún tekur við með formlegum hætti. Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, núverandi þjálfarar liðsins, voru miður ánægðir með að Guðjón játaði þennan áhuga í samtali við Fréttablaðið um síðustu helgi.

Guðjón hefur einnig verið orðaður við Stjörnuna frá Garðabæ en þar er ný stjórn einnig að taka við og hefur það ekki fengist staðfest. Ekki náðist í Guðjón í gær.

Núverandi þjálfari Stjörnunnar, Jörundur Áki Sveinsson, sagði í gær að hann vissi ekki hvort hann yrði beðinn um að halda áfram með liðið og stýra því á næsta tímabili. Það kæmi þó til greina.

Ólafur hefur þegar gefið ÍR og Þrótti afsvör um að taka við þjálfun liðanna. Hann vildi ekkert staðfesta í samtali við blaðamann í gær, hvorki að hann ætti í viðræðum við Fram eða önnur félög.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Enska knattspyrnusambandið:

## BBC verður að afhenda gögn

**FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið lýsti í gær yfir vonbrigðum sínum með að BBC hefði ekki enn afhent þau sönnunargögn sem það hefur undir höndum varðandi ásakanir sem komu fram í sjónvarpsþætti stöðvarinnar á mánudagskvöld um spillingu í ensku knattspyrnunni. „Við höfum sent aðra beiðni um að fá öll gögn afhent,“ stóð í yfirlýsingu frá sambandinu. „Því miður hefur ekki verið komið til móts við okkur til þessa.“**

**Sam Allardyce, stjóri Bolton, er einn þeirra sem eru sakaðir um að hafa þegið mútugreiðslur frá umboðsmönnum knattspyrnumanna í þættinum en hefur lýst yfir sakleysi sínu. Hann þakkaði í gær fyrir þann stuðning sem honum hefur verið sýndur vegna þessa. Hann er að íhuga málsókn á hendur BBC og hið sama má segja um umboðsmanninn Peter Harrison og Liverpool. - esá**

B-deild Evrópukeppninnar:

## Ísland og Írland mætast í dag

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta mætir í dag kl. 16 liði Íra í B-deild Evrópukeppni landsliða. Bæði liðin hafa tapað báðum sínum leikjum í keppninni til þessa en þetta er síðasti landsleikur íslenska liðsins á þessu ári. Leikið verður í Keflavík.

Í fyrsta leik íslenska liðsins í riðlinum tapaði liðið naumlega fyrir Hollendingum ytra þar sem stelpurnar þóttu leika góðan körfubolta en um síðustu helgi tapaði Ísland illa fyrir Noregi. - dsd


120 1886 2006




18. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KARLA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| lau. | 23. sept. | kl. | 14:00 | Valur - KR |
| lau. | 23. sept. | kl. | 14:00 | Beiðablik - Keflavík |
| lau. | 23. sept. | kl. | 14:00 | ÍBV - Fylkir |
| lau. | 23. sept. | kl. | 14:00 | Víkingur - ÍA |
| lau. | 23. sept. | kl. | 14:00 | Grindavík - FH |

Tryggðu þér miða á betra verði
á landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár




**GARCIA HEITUR** Spánverjinn Sergio Garcia vann báðar viðureignir sínar í dag en Jim Furyk var ekki eins ánægður með afrakstur dagsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ryder-keppnin í golfi hófst á Írlandi í gær:

## Evrópumenn í forystu eftir fyrsta dag

**GOLF** Ryder-keppnin í golfi hófst í gær á K-vellinum á Írlandi en þar mætast úrvalslið Bandaríkjanna og Evrópu í golfi. Keppnin var fyrst haldin árið 1927. Evrópumenn hafa unnið bikarinn eftirsótta í síðustu tvö skipti og náðu tveggja vinninga forystu í gær. Úrslit í bæði fjórleik og fjórmenningi voru 2,5 vinningar gegn 1,5 vinningum Evrópu í hag.

Fyrir fram var búist við að slagviðri og rigning myndi setja strik í reikninginn en annað kom á daginn. Keppnin í gær var eins og hún verður best og er vonandi vísbending um það sem koma skal um helgina.

Sergio Garcia var eini keppandi gærdagsins til að vinna báðar sínar viðureignir. Í fjórleiknum fóru hann og landi hans, Jose Maria Olazabal, illa með David Toms og Brett Wetterich og unnu 3/2. Garcia keppti svo með Luke Donald frá Englandi síðar um daginn en þar sem þeir unnu þá Tiger Woods og Jim Furyk í fjórmenningi.

Darren Clarke keppti með Lee Westwood í fjórleik og höfðu þeir betur gegn Phil Mickelson og Chris DiMarco. Eiginkona Clarke féll frá í síðasta mánuði og kom það mörgum á óvart að hann skyldi gefa kost á sér í Evrópuliðið. En hann stóð fyrir sínu í gær og hlaut gríðarlega góðar viðtökur áhorfenda.

„Ég gleymi aldrei móttökunum sem ég fékk á fyrsta teig. Ég felldi næstum tár,“ sagði Clarke.

Tom Lehman er fyrirliði bandaríska liðsins og var vitanlega ekki ánægður með árangur gærdagsins. „Tiger lék ekki sinn besta leik og Jim spilaði á köflum ágætlega. En aðalatriðið er að þeir náðu vel saman og það var aðalatriðið,“ sagði Lehman. - esá



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7192
13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára
19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára
23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára
28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára
04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára
07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára
06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára
02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára
02.07.06 † Öræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára
23.07.06 † Drangsnesvegur
Þórður Björnsson
83 ára
23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára
07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára
16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára
16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs
16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára
20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára
23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára
27.08.06 † Faxabraut
Bryndís Zophoníasdóttir
74 ára
28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Bettý Guðmundsdóttir
18 ára
STOPP
14.09.06
NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!
Það sem af er þessu ári hafa tuttugu einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.
Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp.
Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á www.stopp.is. og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.
Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.
www.stopp.is
UMFERÐARSTOFA

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I'm not an agent, I just write books for the CIA."**

Svar: Jack Ryan (Alec Baldwin) úr The Hunt for Red October frá 1990.

# dagskrá

## Í TÆKINU: ARNOLD SCHWARZENEGGER LEIKUR Í CONAN THE DESTROYER Á STÖÐ 2 BÍÓ

# *Ríkisstjóri svalar drápsfíkn sinni*

Arnold Alois Schwarzenegger fæddist 30. júlí árið 1947 í Thal í Austurríki. Hann aldist upp í Thal, sem er lítill og einangraður bær, en sneri sér fljótt að vaxtarrækt, sem varð hans lifibrauð. Hann vann titilinn herra Alheimur alls sjö sinnum, frá 1970 til 1975 og árið 1980.

Í kjölfar sigranna fór hann til Bandaríkjanna og reyndi að slá í gegn í kvikmyndum. Hann fékk bandarískan ríkisborgararétt árið 1983 en nafnið og sterkur hreimur hindruðu að hann fengi einhver alvöru hlutverk. Það var ekki fyrr en myndin Conan the Barbarian var gerð sem Schwarzenegger lét ljós sitt skína. Hann varð alþjóðleg bíóstjarna eftir að hann lék í nokkrum svipuðum myndum þar sem mikið var um hraða, spennu og slagsmál. Seinna lét hann leiðast í léttari og gamansamari hlutverk og hefur með tímanum orðið ein vinsælasta kvikmyndastjarna heims.



Schwarzenegger tilkynnti framboð sitt til ríkisstjóra Kaliforníu strax árið 1992. Draumurinn rættist 7. október 2003 og situr hann enn þótt vinsældir hans hafi dvínað töluvert.

Schwarzenegger hefur verið giftur Mariu Shriver Kennedy síðan 26. apríl árið 1986 og eiga þau fjögur börn; Katherine, Christina, Patrick og Christopher.

Heimsmetabók Guinness valdi vöðvabúntið fullkomnast byggða mann í sögu heimsins en í kjölfar játningar um steranotkun og hjartalokuaðgerð verður að teljast hæpið að Schwarzenegger standi undir titlinum.



▶ 20.20 *Gaman*

SPAUGSTOFAN



▶ 20.05 *Gaman*

BÚBBARNIR



▶ 19.30 *Gaman*

SEINFELD



▶ 21.00 *Veruleiki*

CASINO



▶ 19.50 *Íþróttir*

REAL BETIS – REAL MADRID

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (20:26) **8.06** Bú! (7:26) **8.17** Lubbi læknir (30:52) **8.29** Snillingarnir (3:28) **8.55** Sigga ligga lá (29:52) **9.07** Sögurnar okkar (12:13) **9.15** Bitte nú! (39:40) **9.39** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (13:26) **10.00** Ryderbikarinn í golfi (2:3)

**17.30** Íþróttakvöld **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fótboltakvöld **18.20** Fjölskylda mín (3:13)

**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Jón Ólafs (2)** Jón fær til sín góða gesti, unga sem aldna og spjallar við þá um heima og geima.
▶ **20.20 Spaugstofan (2)** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.50 Vandræðavika (5:7)** (The Worst Week Of My Life II) Bresk gamanþáttaröð um Howard og Mel sem eru nýgift. Eftir brúðkaupið gengur allt á afturfótunum hjá þeim.
**21.20 Draumar um Afríku** (I Dreamed of Africa) Ítölsk kona giftist manni sem hún þekkir ekki ýkja vel og flyst með honum til Afríku. 2000.

**23.15** Ógnin yfirvofandi **1.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Addi Panda **7.05** Kærleiksbirnirnir (37:60) (e) **7.15** Pocoyo **7.20** Töfravagninn **7.45** Gordon the Garden Gnome **7.55** Animaniacs **8.15** Grallararnir **8.35** Leðurblökumaðurinn **8.55** Kalli kanína og félagar **9.05** Kalli kanína og félagar **9.15** Kalli kanína og félagar **9.25** Litlu Tommi og Jenni **9.50** S Club 7 **10.15** Búbbarnir (4:21) **10.40** Garfield: The Movie

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Bold and the Beautiful **12.45** Bold and the Beautiful **13.05** Bold and the Beautiful **13.25** Bold and the Beautiful **13.45** Bold and the Beautiful **14.10** Idol – Stjörnuleit **15.40** Idol – Stjörnuleit **16.15** Monk (15:16) **17.00** The Apprentice (11:14) **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 My Hero** (Hetjan mín)
**19.40 Hot Properties (8:13)** (Funheitar framakonur) Vinkonurnar ákveða að láta loksins verða af því að hreinsa úr veskjunum sínum.
▶ **20.05 Búbbarnir (5:21)**
**20.30 Fóstbræður**
**21.00 Fóstbræður**
**21.35 Alfie** Alfie er kvennamaður af Guðs náð, tungulipur og fádæma flottur í tauinu. Hann vefur kvenfólki um fingur sér og er oftar en ekki með fleiri en eina og tvær í takinu. Bönnuð börnum.

**23.20** Independence Day (Bönnuð börnum) **1.40** K-19: The Widowmaker (Bönnuð börnum) **3.55** Wasabi (Bönnuð börnum) **5.25** Hot Properties (8:13) **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**17.40** Wildfire (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Seinfeld** (The Scofflaw)
▶ **19.30 Seinfeld** (The Kiss Hello)
**20.00 South Park (e)**
**20.30 Blowin/ Up (e)** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
**21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)** Dansinn hefst á ný ...
**21.50 Chappelle/s Show (e)** Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.
**22.20 8th and Ocean (e)**
**22.45 X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun.

**23.30** 24 (5:24) (e) **0.15** 24 (6:24) (e) **1.00** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**10.15** 2006 World Pool Masters (e)

**12.00** Dr. Phil (e) **14.15** Celebrity Cooking Showdown (e) **15.00** The Bachelor VII (e) **15.50** Teachers (e) **16.15** Trailer Park Boys (e) **16.40** Tommy Lee Goes to College (e) **17.10** Casino (e) **18.00** Dateline (e)

**19.00 Game tíví (e)**
**19.30 The Office (e)**
**20.00 All About the Andersons**
**20.30 Teachers** Bandarísk gamansería um skrautlega kennara. Filmore-skólinn í New Jersey hefur fengið sinn skerf af vandamálum, eins og sinnulausum kennurum, úreltum reglum og nemendum sem hafa meiri áhuga á sms skilaboðum en námsbókum.
▶ **21.00 Casino** Fylgst er með tveimur ungum ofurhugum sem láta drauma sína rætast í Las Vegas og endurbyggja hótel og spilavíti í syndaborginni.
**21.50 The Dead Zone** Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið.
**22.40 Parkinson**

**23.30** The Contender (e) **0.20** Sleeper Cell (e) **1.15** Law & Order: Criminal Intent (e) **2.05** Da Vinci's Inquest – Ný þáttaröð (e) **2.50** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.20** Dagskrárlok

## SÝN besta sætið

**10.25** US PGA í nærmynd **10.50** Amerísl fótboltinn **11.20** Kraftasport **11.50** Spær boltinn – upphitun

**12.20** Steven Gerrard: Sagan til þessa **13.15** Landsbankamörkin 2006 **13.45** Landsbankadeildin **16.10** Spænsku mörl **16.40** Ensku mörkin **17.10** Landsbankamörkin 2006

**17.50 Getafe – Atl. Bilbao**
▶ **19.50 Real Betis – Real Madrid**
**22.00 Landsbankadeildin** (Landsbankade 2006)
**23.50** Landsbankamörkin 2006 **0.30** Bo: Clinton Woods vs. Glenco

## SKJÁR SPORT

**10.45** Upphitun (e) **11.15** Liverpool – Tottenham (b) **13.50** Liverpool – Newcastle (e) Frá 20.09 **16.05** Reading – Man. Utd. (b)

**18.30 Fulham – Chelsea**
**20.30 Arsenal – Sheffield Utd.**
**22.30 Man. City – West Ham**

**0.30** Dagskrárlok

## CARTOON NETWORK

**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Cramp Twins **13.00** Ed, Edd n Eddy **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Camp Lazlo **14.30** The Life & Times of Juniper Lee **15.00** Foster's Home for Imaginary Friends **15.30** Robotboy **16.00** Dexter's Laboratory **16.30** World of Tosh **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** What's New Scooby-Doo? **18.00** Sabrina, The Animated Series **18.30** Dastardly and Muttley **19.00** Samurai Jack **19.30** Samurai Jack **20.00** Samurai Jack **20.30** Samurai Jack **21.00** Johnny Bravo **21.30** Ed, Edd n Eddy **22.00** Dexter's Laboratory

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** E! News Special: Paris Hilton **14.00** Goldie & Kate THS **16.00** Special Mary-Kate & Ashley **17.00** Child Star Confidential **17.30** Child Star Confidential **18.00** E! News Weekend **19.00** Women of Sex and The City THS **21.00** Sexiest Celebrity Hook-Ups **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Naked Wild On **23.30** Naked Wild On **0.00** Women of Sex and The City THS **2.00** Naked Wild On

## N4 SJÓNVARP NORÐURLAN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og enc sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.




## VIÐ MÆLUM MEÐ

Stöð 2 kl. 21.35

### *Alfie*



Þessi rómantíska gamanmynd með hjartaknúsaranum Jude Law í aðalhlutverki er endurgerð samnefndrar sögufrægrar gamanmyndar frá sjöunda áratug síðustu aldar sem skartaði Michael Caine í sama hlutverki. Sem fyrr er Alfie kvennamaður af Guðs náð, tungulipur og fádæma flottur í tauinu. Hann vefur kvenfólki um fingur sér og er oftar en ekki með fleiri en eina eða tvær í takinu. En þegar leikið er með hjörtu verður alltaf einhver sár. Myndin kemur skemmtilega á óvart og skilar Law sínu með miklum ágætum. Myndin er ólík öllu öðru sem kemur frá Hollywood að því leyti að efnistökin í þessari rómantísku gamanmynd er ekki hvernig ástin sigrar allt heldur hvernig ábyrgðarleysi í dulbúningi léttúðar getur skemmt út frá sér. Myndin kann að vera bæði rómantísk og fyndin en undir niðri hljómar alvarlegur tónn.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 2 |
| | | 4 | | 6 | | 1 | 7 | |
| 5 | 6 | | | | 1 | | | 3 |
| | | | 4 | | | 3 | | |
| 3 | 8 | | | | | | 9 | 5 |
| | | 5 | | | 8 | | | |
| 8 | | | 3 | | | | 6 | 4 |
| | 5 | 6 | | 9 | | 2 | | |
| 7 | | | | | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 8 | 6 | 9 | 7 |
| 6 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 7 | 6 | 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 2 |



**22.10**
*Spenna*

AFTER THE SUNSET

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Two Weeks Notice **8.00** Young Adam **10.00** 13 Going On 30

**12.00** Miracle **14.10** Two Weeks Notice **16.00** Young Adam **18.00** 13 Going On 30

**20.00** **Miracle** (Kraftaverk)Einkar vel gerð og raunsæ sannsöguleg mynd.
**22.10 After the Sunset** (Eftir sólarlagið) Bönnuð börnum.

**0.00** Conan the Destroyer (Bönnuð börnum) **2.00** Blind Horizon (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** After the Sunset (Bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Í rútu með Lúther **11.00** Vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.40** Pólland **15.20** Með laugardagskaffinu **16.10** Orð skulu standa **17.05** Fimm fjórðu **18.26** Leikhúsrottan

**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Sögur af sjó og landi **21.05** Seiðandi söngrödd: Helena Eyjólfsdóttir **21.55** Orð kvöldsins

**22.15** Flakk **23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan

**14.00** Fótboltarásin **16.08** Geymt en ekki gleymt **18.28** Tónlist að hætti hússins

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson
**16.00** Ragnar Már

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




**HRÓSIÐ ...**



*... fær Þorvaldur Þorsteinsson sem lætur ekki erfið veikindi buga sig og er snúinn aftur til starfa.*

# Trier hræddur, Friðrik sáttur

Kvikmyndaleikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson var viðstaddur forsýningu kvikmyndarinnar Direktøren for det hele, sem er nýjasta afurð furðufuglsins og sérvitringsins Lars Von Trier, en Friðrik leikur stórt hlutverk í myndinni. Fullt var út úr húsi í einu stærsta kvikmyndahúsi heims, sem tekur í kringum fjórtán hundruð gesti í sæti, en þetta er í fyrsta skipti sem Trier frumsýnir mynd í Danmörku.

Direktøren for det hele er meðal annars merkileg fyrir þær sakir að hún fjallar um innrás íslenskra viðskiptamanna í Danmörku og lýsti Trier því nýlega yfir í viðtali við breska blaðið The Guardian að hann væri uggandi yfir útrás þessarar fyrrverandi nýlendu konungsveldisins. „Allir Íslendingar hata Dani og Danmörku fyrir að hafa þurft að lúta stjórn landsins," sagði von Trier við The Guardian.

Friðrik Þór leikur í myndinni íslenskan viðskiptajöfur sem hyggst söðla undir sig danskt fyrirtæki og var leikstjórinn sáttur við frammistöðu sína. „Þessi leikstjórar eyðileggja alltaf þetta fína sem við leikararnir gerum," segir hann og hlær. „Von Trier er alltaf að finna upp á einhverju sem gerir kvikmyndagerð erfiða," segir Friðrik. „Hann hafði tölvu sem stjórnaði tökunum að mestu leyti, það mátti ekki taka upp sama vinkilinn tvisvar og leikarar urðu að leika á fullum krafti þrátt fyrir að vera ekki í mynd," útskýrir Friðrik, sem bjóst við því að koma heim til Íslands áður en myndin yrði sýnd hér á landi en The Boss of it All mun vera lokamyndin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík.



**LARS VON TRIER** Er hræddur við íslensku auðjöfrana

**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON** Var viðstaddur forsýningu kvikmyndarinnnar The Boss of It All sem segir frá innrás íslenskra auðjöfra inn í danskt atvinnulíf.



**LÁRÉTT**
**2** ullarband **6** skammstöfun **8** skaut **9** eldsneyti **11** í röð **12** enginn löngun **14** gorta **16** skammstöfun **17** hækkar **18** bókstafur **20** karlkyn **21** leikni.

**LÓÐRÉTT**
**1** tilraunaupptaka **3** gat **4** stjórnmál **5** angan **7** hóf **10** dýrahljóð **13** áverki **15** sót **16** hugur **19** fyrirtæki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** lopi, **6** eh, **8** þól, **9** mór, **11** lm, **12** ófýsi, **14** státa, **16** þe, **17** rís, **18** emm, **20** kk, **21** list.
**LÓÐRÉTT: 1** demó, **3** op, **4** pólitík, **5** ilm, **7** hófsemi, **10** rýt, **13** sár, **15** aska, **16** þel, **19** ms.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Venesúela.
2. Fram.
3. Náttmörður.






ÍVAR GUÐMUNDSSON: KYNNIR NÝJA AÐFERÐ Í LÍKAMSRÆKT

# Frægir borða lax í megrunarskyni

„Við erum þrír sem erum að prófa þetta en enn sem komið er hefur þetta gengið mjög vel," segir útvarpsmaðurinn og líkamsræktarþjálfarinn Ívar Guðmundsson, en nýtt æði virðist vera í uppsiglingu hjá þeim Íslendingum sem vilja koma sér í form. Íslenski laxinn ætlar nefnilega að verða nýjasta megrunarlyfið á markaðinum.

„Aðferðin er mjög einföld," segir Ívar. „Þú borðar haframjöl í morgunmat með soðnu vatni og einni teskeið af próteini," útskýrir útvarpsmaðurinn. „Tveimur og hálfum tíma seinna borðar þú 80 grömm af laxi, sem síðan verður í matinn fimm sinnum á dag næstu sex daga," segir líkamsræktarþjálfarinn. Meðal þeirra sem hafa ákveðið að taka líkamsræktina föstum tökum með þessum nýstárlega hætti, að sögn Ívars, er enginn annar en Sverrir Þór Sverrisson, sjónvarpsmaðurinn góðkunni, en hann ætlar augljóslega að koma sér í gott form fyrir komandi átök.

Átið á laxinum kemur eflaust mörgum spánskt fyrir sjónir en þessi aðferð er upprunnin hjá góðum vini Ívars, vaxtarræktartröllinu Arnari Grant, og segir Ívar að laxinn innihaldi mikið af „góðri" fitu sem segir „vondu" fitunni stríð á hendur og losar líkamann við hana. „Fólk vill oft að hlutirnir gerist mjög hratt og menn hafa verið að missa kíló á dag með þessari aðferð," segir Ívar og telur að þeir sem prófi fái nú ekki ógeð á þessari vinsælu afurð. „Ég er sjálfur á fimmta degi og er enn ekki búinn að fá nóg af laxinum," segir Ívar, sem nýverið fékk gefins góðan afla frá Bubba Morthens, beint úr einhverri af betri laxveiðiám landsins, þannig að ekki væsir um kappann.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**LAXINN** Hefur öðlast nýtt notagildi hjá Íslendingum sem ætla að taka líkamsræktina alvarlega.



**ÍVAR GUÐMUNDSSON** Er að prófa nýjasta megrunarlyfið á markaðinum, laxinn, sem kemur beint úr íslensku ánum.



**BUBBI MORTHENS** Gaf Ívari lax sem nú er notaður til að herja á hina vondu fitu en Bubbi er sjálfur mikill íþróttakarl og verður vafalítið forvitinn um þessa nýju aðferð.

**ARNAR GRANT** Er hugmyndasmiðurinn á bakvið þessa nýstárlegu aðferð sem flýtir fyrir stríðinu gegn fitunni.

**SVERRIR ÞÓR SVERRISSON** Tekur líkamsræktina föstum tökum og étur lax í hvert mál.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarkonan **Björk Guðmundsdóttir** ætlar að sigla um strendur Suður-Afríku næstu vikurnar. Mun hún jafnframt nýta ferðina í að semja lög fyrir næstu plötu sína. Björk er komin með pungapróf eftir að hafa stundað nám í siglingafræði og mun það vafalítið nýtast henni vel í væntanlegri för til framandi stranda. Með í för verður væntanlega ný barnfóstra tónlistarkonunnar, en eins og Fréttablaðið hefur greint frá tók Björk áhugasamar barnfóstrur í viðtal vegna starfsins á dögunum.



**Einar Örn Benediktsson** segir að Sykurmolarnir, sem spila í Laugardalshöll í nóvember, hafi upphaflega ætlað að halda endurkomutónleika sína á sextíu manna bar í Reykjavík. Í viðtali við bandarísku tónlistarsíðuna Pitchfork segir hann jafnframt að þau hafi beðið fimm aðila um að hita upp fyrir sig á tónleikunum og þeir séu að hugsa málið. Ítrekar Einar jafnframt að einungis verði um þessa einu tónleika að ræða hjá Sykurmolunum.



Stuðmaðurinn **Egill Ólafsson** fer á kostum í viðtali við DV í gær þar sem hann talar um óvelkomnar heimsóknir hunda á lóð sína. Egill segir hunda í hverfinu gera þarfir sínar, stórar og smáar, við innkeyrsluna og heimtröðina. Söngvarinn og leikarinn kunni er hreint ekki sáttur: „Ég veit ekki til þess að ég hafi gert á hlut hunds um mína daga, en auðvitað má vera að ég hafi yfirskyggt líf einhvers hundaeiganda með góli mínu undangengin rúm þrjátíu ár - nema hvorttveggja sé," segir Egill og harmar vinnuna sem fer í að þrífa. „Ég hef nú gjarnan sópað þessum harðlífisskít hundsins af auðmýkt og hugsað hlýlega til blessaðrar skepnunar - en þegar guðsvolað dýrið skilur við sig steinsmuguleðju, þá kárnar gamanið - þá þarf ég að spúla og skrúbba."



# Yngsta afgreiðsludama landsins

„Hún er í strangri þjálfun hjá okkur," sagði Kristína Berman þegar Fréttablaðið grennslaðist fyrir um ungbarn á afgreiðsluborði Verksmiðjunnar sem vakti athygli vegfarenda á Skólavörðustíg í vikunni. Kristína er móðir stúlkunnar og einn af eigendum Verksmiðjunnar, sem rekin er af sjö hönnuðum. Þessi yngsta afgreiðsludama landsins ber nafnið Úlfrún Kristínudóttir og er sjö mánaða gömul, en Kristína segir hana þegar hafa vakið nokkra athygli fyrir störf sín.

„Það voru hérna Bretar áðan sem mynduðu hana í bak og fyrir, hún stendur sig svona vel sem móttökudama," segir Kristína hlæjandi. „Svona er þetta þegar maður fær ekki pössun, maður bjargar sér bara," bætir hún við og ítrekar að fólk hafi brugðist vel við stúlkunni, sem eins og sjá má er mikil prýði í húsakynnum Verksmiðjunnar.

**- sun**



**KRISTÍNA BERMAN OG ÚLFRÚN KRISTÍNUDÓTTIR** Kristína segir Úlfrúnu vera í starfsþjálfun hjá Verksmiðjunni og hefur þessi sjö mánaða dama þegar vakið nokkra athygli fyrir störf sín.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Aðeins þessa einu helgi
Hókus pókus dagar!
KvissBAMMbúmm!
33%
afsláttur af
öllu!
Á Hókus Pókus dögum galdrar Lalli burt 1/3 af verðinu á öllu í Leikbæ!
Flottasta dótið er alltaf fyrst að fara!
L
Leikbær
Laugavegi - Faxafeni - Mjódd - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# Hættum við

Ég gerði mér ferð ásamt vinum að Kárahnjúkum á dögunum. Við fórum upp að Töfrafossi, upp í Kringilsárrana, gengum niður eftir Kringilsá og Jöklu, innan um stuðlaberg og stórbrotið fjallalandslag, við skoðuðum Kirkjufoss og aðra fossa sem hverfa með Jökulsá í Fljótsdal og við flugum með Ómari Ragnarssyni yfir allt svæðið, að tröllauknum Hafrahvammagljúfrum og upp með öllu lónstæðinu langleiðina upp að Brúarjökli á Kringilsárrana þar sem við gengum um ægifagra jökulgerða, lyngivaxna – og áður friðlýsta-- hrauka á griðasvæði hreindýra og gæsa. Eftir að hafa virt þetta allt saman fyrir mér og séð með eigin augum hvaða gríðarlegu náttúruspjöll munu hefjast í næstu viku, þegar stíflan verður tekin í notkun að öllu óbreyttu og þetta land byrjar að fara undir vatn, var enginn vafi í mínum huga: Þetta verður mesta slys Íslandssögunnar.

**ÉG** styð Ómar. Hann vill hætta við þessa virkjun, láta hana standa ónotaða, og tryggja álverinu á Reyðarfirði orku eftir öðrum leiðum. Þetta er vel raunhæft, þótt sjálfsagt hristi vantrúaðir höfuðið. Það er vel hægt -- þvert á það sem yfirvöld héldu fram -- að tryggja orkuna fyrir álverið eftir öðrum og betri leiðum. Ef við værum Ungverjar værum við fyrir löngu búin að ryðjast inn í opinberar byggingar með látum út af öllu því sem logið hefur verið að fólkinu í landinu í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar. Menn með bindi hafa verið á launum við að ljúga, bæði í dagvinnu og yfirvinnu.

**ÞEGAR** maður stendur við Kirkjufoss og Töfrafoss og við aðra slíka náttúrufegurð sem hverfur fær maður einmitt sterkt á tilfinninguna hversu átakanlega út úr kortinu þessi framkvæmd er. Nokkrir verkfræðingar munu fá raffullnægingu út af háspenningi. Að öðru leyti er ekkert sem kallar á svo gríðarlega yfirgripsmikla röskun á lífríki og landslagi, ekki bara við Kárahnjúka, heldur um allt Austurland. Lagarfljót verður ekki samt og um tvö stórskorin jökulsárgil munu í mesta lagi renna lækjarsprænur.

**AUSTFIRÐINGAR** þurftu aldrei svona stórt álver. Helmingi minna álver, helmingi minni orka, hefði leyst vandann. Hér er verið að negla nagla í vegg með loftbor. Þetta verkefni er allt of stórt, allt of drullugt, allt of ógeðslegt. Og orsökin blasir hvarvetna við þegar maður stendur á útsýnispalli Landsvirkjunar: Hér rís risavaxnasti minnisvarða Íslandssögunnar um stórkarlalegt óhóf og græðgi.

**VINUR** minn missti myndavélina sína ofan í drynjandi Töfrafoss út af æsingi. Slíkir voru töfrarnir. Ég sjálfur tók ótal myndir. Ef við fyllum Hálsalón mun ég sýna börnum mínum og barnabörnum þessar myndir sem vitnisburð um einstakar náttúruperlur sem við áttum einu sinni og ævarandi smán þeirra stjórnmálamanna sem drekktu þeim. Upp úr þeim streymdi bullið, máli þessu til stuðnings, einsog beljandi jökulsá, öllu tilkomuminni þó en þær tvær sem munu hverfa.


